

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLI. árgangur.

1960

Mánudaginn 18. janúar 1960.

Nr. 172/1958. Ákærvaldið (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Ingimar Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

Hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Fjárdráttur opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Atvikum máls þessa og sakaratriðum er skilmerkilega og rétt lýst í héraðsdómi.

Fallast má á úrlausn héraðsdómara um sýknu ákærða af 8., 10. og 12. ákæruatriði, sem um ræðir í XI., XIII. og XV. kafla héraðsdóms.

Eins og saksókn er háttað, verður misferli ákærða með bifreiðina R 2296, sem lýst er í VII. kafla héraðsdóms, fært til 247. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940 og 141. gr. sömu laga.

Í VIII., IX., X., XII. og XIV. kafla héraðsdóms er lýst lánveitingum til einstakra aðilja úr sjóðum, sem ákærði hafði undir hendi. Með þessu hefur ákærði framið verknað, sem ákvæði 247. gr. laga nr. 19/1940 taka til. Fyrir brot þessi er hins vegar aðeins ákært eftir 261. gr. sbr. 249. gr. og 138. gr. nefndra laga. Þar sem ákæru er þannig háttað og í greindum brotum ákærða felast atriði, sem lýst er í 249. gr., ber að staðfesta heimfærslu héraðsdómara til refsíákvæða, að

Því er varðar 5., 6., 7., 9. og 11. ákærulið. Svo ber og með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta færslu til refsíákvæða um aðra ákæruliði.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 30.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Jónsson, sæti fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 30.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 31. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Þórði Björnssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Ingimar Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. júlí 1957, er opinbert mál höfðað gegn Ingimar Jónssyni, fyrrverandi skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, til heimilis að Vitastíg 8 A, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 1. september 1946 dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og á tímabilinu frá 1. september 1946 til 4. marz 1955 dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, samtals kr. 441.681.92.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennta hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1954 dregið sér úr nemendasjóði skóla þeirra, er ákærði veitti forstöðu, svokölluðum Nemendasjóði I, eða öðru nafni Skólaselíð Múli, samtals kr. 71.740.38.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

III. Á tímabilinu frá 2. janúar 1945 til 5. júní 1952 dregið sér úr byggingarsjóði Gagnfræðaskóla Austurbæjar, en ákærði hafði eftirlit og umsjón með byggingarframkvæmdum skólahúss, kr. 340.714.57.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Hinn 5. ágúst 1942 í heimildarleysi keypt vöruflutninga-bifreið, er skrásett var R 2296, fyrir fé úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík, en kaupverð bifreiðarinnar var kr. 27.500.00, rekið bifreið þessa í þágu sjálfs sín, m. a. í vinnu við Reykjavíkurlugvöll, hirt tekjur af rekstri þessum, en greitt gjöld vegna rekstrar bifreiðarinnar úr rekstrarsjóði skólans, fært síðan í desember 1945 í bækur rekstrarsjóðs skólans kr. 54.051.20 sem tap á rekstri bifreiðarinnar, er seld var 18. desember 1944 fyrir kr. 18.000.00, og látið þá fjárhæð einnig ganga til greiðslu á tapi af rekstri hennar.

Teljast brot þessi varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. og við 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

V. Á árinu 1945, sennilega um mitt það ár, í heimildarleysi veitt Ragnari Þorlaugi Guðmundssyni prentara, Karlagötu 21, hér í bæ, lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sennilega af fé rekstrarsjóðs skólans, svo og fyrir að hafa í heimildarleysi síðari hluta árs 1945, sennilega 29. nóvember það ár, veitt sama manni lán, einnig að fjárhæð kr. 25.000.00, af fé nefnds skóla, líklega af fé rekstrarsjóðs skólans, en fyrir báðum lánveitingum þessum mun Ragnar Þorlaugur hafa gefið út eiginvixla.

Teljast brot þessi varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Hinn 17. maí 1947 í heimildarleysi veitt Þorsteini Halldórssyni prentara, Fálkagötu 4, hér í bæ, lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sennilega af fé rekstrarsjóðs skólans, sem Þorsteinn samþykkti víxil fyrir, en fjárhæð þessa greiddi ákærði Þorsteinn með tékka nr. 82661 úr

sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Vorið 1947 veitt Guðmundi Þorlákssyni kennara, Eikjuvogi 13, hér í bæ, lán til húsaupa að fjárhæð kr. 150.000.00 af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, úr rekstrarsjóði skólans, þótt ákærði hefði í þessu skyni með samþykki skólanefndar aðeins haft heimild til að veita 60.000.00 til 80.000.00 króna lán, en lánsfjárhæðina, kr. 150.000.00, greiddi ákærði Guðmundi með tékkum nr. 28651, kr. 40.000.00, og nr. 28659, kr. 110.000.00, úr sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Á árinu 1948, sennilega um vorið eða sumarið, í heimildarleysi veitt Vigni Andrésyni kennara, Egilsgötu 22, hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar að fjárhæð kr. 15.000.00, sem Vignir endurgreiddi nokkru síðar.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Sumarið 1948, sennilega 18. júní það ár, í heimildarleysi veitt Jóhannesi Zoëga, þá prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, að fjárhæð kr. 10.000.00, sem ákærði greiddi með tékka nr. 75608 úr sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

X. Sumarið 1948, líklega í júní eða júlí það ár, í heimildarleysi veitt Valdimar Guðmundssyni fangaverði, Skólavörðustíg 9, hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bænum, að fjárhæð kr. 10.000.00, sem Valdimar endurgreiddi ákærða nokkru síðar.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Á árinu 1945, sennilega í nóvember það ár, svo og á árinu 1946 í heimildarleysi veitt Alþýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, sennilega úr rekstrarsjóði, að fjárhæð kr.

153.304.56 til kaupa á prentvél, en af láni þessu hafa enn eigi endurgreiðzt nema kr. 100.000.00.

Telst þetta brot varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XII. Hinn 28. maí 1954 í heimildarleysi veitt Alpýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, sennilega úr rekstrarsjóði skólans, að fjárhæð kr. 30.000.00, sem endurgreiðast skyldi fljótlega, þótt enn sé það ógreitt.

Þetta brot telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XIII. Í heimildarleysi hinn 22. febrúar 1949 selt Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar einkavíxliskuld sinni, að fjárhæð kr. 16.500.00, með gjalddaga 22. ágúst 1949, auk vaxtamiða fjögur 4½% ríkisskuldabréf, Litra A nr. 1, 2, 3 og 4, hvert að fjárhæð kr. 5.000.00, sem voru eign rekstrar-sjóðs Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XIV. Hinn 7. apríl 1951 í heimildarleysi selt Útvegsbanka Íslands h.f. að handveði til tryggingar einkavíxliskuld sinni, að fjárhæð kr. 20.000.00, með gjalddaga 6. ágúst 1951, auk vaxtamiða sex 4% veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 486 til 491 incl., sem voru eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hvert að nafnverði kr. 5.000.00.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XV. Hinn 20. júní 1953 í heimildarleysi selt Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar einkavíxliskuld sonar síns Lárusar Ingimarssonar, að fjárhæð kr. 5.000.00, en gjalddagi skuldarinnar var 20. september 1953, auk vaxtamiða 2 skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, nr. 69 og 70, hvort að fjárhæð kr. 5.000.00, en bréf þessi voru eign eins af sjóðum Gagnfræðaskóla Austurbæjar, svonefnds Nemendasjóðs I, eða öðru nafni Skólaselið Múli.

Þetta brot telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XVI. Loks er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í skólastjórarstarfi sínu á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 4. marz 1954 gerzt sekur um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi með því að

blanda saman og við sitt einkafé fjárreiðum hinna ýmsu sjóða skóla þess eða þeirra, sem hann stjórnaði, og greinir að framan, og misfara með fjármuni stofnunarinnar eða stofnana þessara.

Telst brot þetta varða við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. febrúar 1891 að Hörgsholti í Hrunamannahreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1940 6/8 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 36. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1947 29/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1948 12/18 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1950 31/3 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1950 7/7 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1951 21/5 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1954 7/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1955 11/2 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1955 15/2 Áminning fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
- 1956 6/6 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

I. KAFLI.

Með lögum nr. 68 7. maí 1928 um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík, 1. gr., var stofnaður ungmennaskóli hér í bænum. Samkvæmt 5. gr. laganna hafði þriggja manna skólanefnd yfirstjórn skólans, og kaus bæjarstjórn tvo nefndarmanna, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Samkvæmt 6. gr. laganna annaðist skólanefnd meðal annars fjárstjórn skólans, en skólastjóri hafði á hendi daglega stjórn hans.

Samkvæmt 7. gr. laganna skyldi fyrir hverja 20 nemendur, sem nytu ekki minni kennslu en 24 stundir á viku hverri, greiðast í skólasjóð kr. 1.500.00 úr ríkissjóði og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar skyldu leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukennslu. Fræðslumálastjóri skyldi ákveða, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld nemenda, er renna skyldu í skólasjóð.

Með lögum nr. 48 19. maí 1930 um gagnfræðaskóla var ungmennaskólinn gerður að gagnfræðaskóla og kallaður Gagnfræða-

skólinn í Reykjavík. Samkvæmt 9. gr. laganna var fjölgað um tvo menn, sem bæjarstjórn kaus, í skólanefnd, og hafði hún yfirmumsjón skólans. Samkvæmt 10. gr. laganna átti nefndin að vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

Samkvæmt 12. gr. laganna skyldi fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur gegn 24 króna lágmarksframlagi úr bæjarsjóði, og vegna sérstakra námskeiða samkvæmt 14. gr. laganna skyldi greiða úr ríkissjóði 6 krónur fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda gegn 9 króna lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Samkvæmt 18. gr. laganna skyldi bæjarsjóður greiða $\frac{3}{4}$ hluta og ríkissjóður $\frac{1}{4}$ hluta leigu eftir húsrúm skólans, meðan hann væri í leiguhúsnæði. Þá skyldi samkvæmt 17. gr. laganna ríkissjóður greiða laun skólastjóra og eins kennara. Samkvæmt 15. gr. laganna skyldu ríkissjóðstillög og hið lögmælt framlag bæjarsjóðs svo og kennslugjöld nemenda, sbr. 13. gr. laganna, renna í skólasjóð og skyldi hann standa straum af rekstri skólans, en hrykkju tekjur hans ekki til rekstrarins, skyldi það, sem á vantaði rekstrarkostnaðinn, greiðast úr bæjarsjóði.

Með lögum nr. 48 7. maí 1946 um gagnfræðanáám voru fyrrgreind lög nr. 48 1930 numin úr gildi. Jafnframt var heiti Gagnfræðaskólans í Reykjavík breytt í Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Í marz 1947 var notuð heimild 9. gr. hinna nýju laga nr. 48 1946, og nýstofnuðu fræðsluráði falin störf skólanefndar skólans, en samkvæmt 56. gr. laganna skyldi skólanefnd og skólastjóri annast fjármál og reikningshald hans.

Samkvæmt 54. gr. laganna taka fastir kennarar skólans laun úr ríkissjóði, og einnig greiðir ríkissjóður styrk til stundakennslu samkvæmt sérstökum ákvæðum laganna. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði, en tekjur hans eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekinn er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiðir bæjarsjóður sjóðnum helming þess, sem á vantar, en ríkissjóður hinn helminginn. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laganna eru reikningar skólans endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarfélagsins.

Þegar núgildandi fræðslulöggjöf kom til framkvæmda hinn 1. september 1946, að því er snertir gagnfræða- og héraðsskóla, sem fram að þeim tíma höfðu starfað sem sjálfseignarstofnanir,

varð það að ráði með samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að sjóðseign sú, er myndaszt hafði af rekstri á því tímabili, yrði óskerðanleg eign viðkomandi skóla, sem nota mætti skólanum til hagsbóta. Sjóðir þessir, ef til voru, áttu að vera í umsjá yfirstjórnar skólans og fyrir þeim gerð grein sem öðrum eignum skóla hverju sinni.

Skólanefnd Ungmennaskólans í Reykjavík frá 1928—1930 var þannig skipuð: Hannes Jónsson dýralæknir, formaður, Hallbjörn Halldórsson prentsmiðjustjóri og Hallgrímur Hallgrímsson bóka-vörður.

Skólanefnd Gagnfræðaskólans í Reykjavík var þannig skipuð: Tímabilið 1930—1934 þeir Hannes Jónsson, formaður, Bogi Ólafsson og Einar Magnússon menntaskólakennarar, Gústaf A. Sveinsson lögfræðingur og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1934—1942 þeir Hannes Jónsson, formaður, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon, Guðni Jónsson kennari og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1942—1945 þeir Gústaf A. Sveinsson, formaður, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon, Guðni Jónsson og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1945—1946 (1947) þeir dr. Sigurður Þórarinsson, formaður, dr. Björn Sigfússon, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon og Guðni Jónsson.

Ákærði, Ingimar Jónsson, var skólastjóri skólans þegar frá stofnun hans árið 1928 og fram til 4. marz 1955.

Í fyrstu var skólinn í húsi Stýrimannaskólans við Stýrimannastíg, og síðan var hann í húsi Kennaraskólans og að nokkru í húsi Menntaskólans. Árið 1935 fluttist skólinn í Frakkneska spítalann við Lindargötu og var þar í 14 ár, en hafði jafnframt útibú á nokkrum stöðum í bænum eftir þörfum hverju sinni. Geta má þess, að hinn 26. maí 1949 varð eldsvoði í Frakkneska spítalanum, og skemmdist húsið talsvert af eldi og vatni, sbr. Hæstaréttardóma XXI, bls. 253 o. áfr. Um haustið sama ár fluttist skólinn svo í hina nýju gagnfræðaskólabyggingu við Barónsstíg, þar sem skólinn hefur verið síðan.

Fjárhagsár skólans var ekki miðað við almanaksár, heldur við upphaf skólaárs hinn 1. október, og þótti það einfaldara, vegna þess að framlög frá hinu opinbera til skólans fóru eftir fjölda nemenda.

Ákærði hafði með höndum allt reikningshald skólans yfir rekstrarkostnað, allan þann tíma sem skólinn var rekinn sem sjálfseignarstofnun, þ. e. frá stofnun hans árið 1928 til 1. september 1946. Hélt ákærði eina sjóðbók og samdi upp úr henni

ársreikning skólans. Tveir menn, sem skólanefnd kaus úr sínum hópi, endurskoðuðu ársreikningana og árituðu þá hverju sinni, þ. e. skólaárin 1930—1933 Gústaf A. Sveinsson og Hallbjörn Halldórsson, árin 1933—1945 Guðni Jónsson og Hallbjörn Halldórsson og skólaárið 1945—1946 Einar Magnússon og Guðni Jónsson.

Ákærði hafði einnig með höndum allt reikningshald skólans yfir rekstrarkostnað á tímabilinu 1. september 1946 til 31. desember 1951 svo og yfir stofnkostnað frá árinu 1945, að byrjað var á byggingu Gagnfræðaskóla Austurbæjar, og þar til að hann skilaði af sér þeim gögnum sumarið 1953.

II. KAFLI.

Með sérstakri umboðsskrá dómsmálaráðherra, dags. 17. maí 1955, var dómara máls þessa falið að hefja rannsókn út af meðferð Ingimars Jónssonar, skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Austurbæjar, á fjármunum skólans.

Sögulegur aðdragandi málsins er þessi:

Athugun Aðalsteins Eiríkssonar, forstöðumanns fjármálaeftirlits skóla, á fjárreiðum Gagnfræðaskólans í Reykjavík varð til þess, að hann óskaði eftir því, að ákærði léti honum í té skýrslu um rekstur og reikningsskil skólans frá upphafi til 1. september 1946.

Ákærði sendi forstöðumanni skýrslu sína, og er hún dagsett 1. ágúst 1954. Þar segir meðal annars svo:

„Þessi skýrsla verður þó ófullkonnari en vera skyldi, vegna þess að heimildir skortir, og verður sumt að fara eftir minni. Stafar það af því, að aðfaranótt hins 26. maí 1949 varð eldur laus í Frakkneska spítalanum, en þar var þá aðalbækistöð skólans, og urðu miklar skemmdir af eldi og vatni, einkum í kennarastofu og geymsluherbergjum. Hafði ég lagt þar fyrir í geymslu öll skjöl og plögg frá eldra tímabili skólans, sem ég bjóst ekki við að þurfa að hreyfa, fyrr en flutt væri í nýja húsið, sem þá var í smíðum. Þessi plögg eyðilögðust öll. Í kennarastofu var aftur á móti margt, sem viðkom árunum 1947—'49, bæði rekstri og byggingu, og fór það áreiðanlega einnig margt förgörðum, þótt ég geti ekki vitað nákvæmlega hve mikið.“ . . .

„Engin aðgreining var gerð á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði. Hinn lögmælti styrkur varð að duga til alls. Bæjarsjóður Reykjavíkur lagði aldrei fram neitt þar fram yfir, eins og lögin gerðu þó ráð fyrir, að gæti átt sér stað.“ . . .

„Fyrstu árin gerði ekki betur en að hægt væri að láta skól-

ann bera sig með mesta sparnaði. Eftir að flutt var í Fr. spítalann, varð hagurinn betri, enda þá oft óeðlilega margir nemendur í bekkjardeildum. Um tíma, um og eftir 1940, safnaðist nokkur sjóður. En eftir að dýrtíð óx mjög og launalögin komu til framkvæmda 1. apríl 1945, rýrnaði hann allmjög. Það kom einnig til, að síðasta ár þessa tímabils hafði skólinn stofnað útibú í Sjómannaskólanum, og þurfti að búa þar húsgögnum 3 kennslustofur og kennarastofu og kaupa kennsluáhöld fyrir þær 6 bekkjardeildir, er þar voru. Loks var það, að eftir að farið var að færa reikninga í samræmi við nýju lögin og endurskoða þá, voru færðar til baka á eldra tímabil upphæðir, sem námu nær 50 þús. kr., eins og yður er kunnugt.

Af öllu þessu leiddi, að handbær sjóðseign í lok tímabilsins varð miklu minni en ég og skólanefndin höfðum búizt við, eða aðeins liðugar 2000 kr., eftir því sem ég hef getað komizt næst. Eignir voru þó miklar í allskonar munum, og skiptust þær milli Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Gagnfræðaskólans við Lindargötu, Hefði mátt færa þessar eignir á þá skóla sem stofnkostnað, en það var ekki gert.“

Hinn 14. september 1954 sendu þeir Aðalsteinn Eiríksson, forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla, og Guttormur Erlendsson, forstöðumaður endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, menntamálaráðherra skýrslu um fjárreiður og reikningshald Gagnfræðaskóla Austurbæjar.

Segir í skýrslunni meðal annars svo:

„Sumarið 1953 afhenti skólastjórinn dagbók ásamt fylgiskjölum yfir stofnkostnað skólans. Dagbókin var ekki gerð upp, og enginn heildarreikningur fylgdi né yfirlit um skiptingu kostnaðar og greiðslur aðilja. Við athugun þessara gagna kom eftirfarandi í ljós:

Skólastjórinn hefur veitt viðtöku fé, sem hér segir:

Frá bæjarsjóði	kr. 4.930.000.00
Frá ríkissjóði	— 2.235.545.05
Vöxtum af bankainnstæðu	— 904.78

Samtals kr. 7.166.449.83

Stofnkostnaður samkvæmt meðfylgjandi

sundurliðun	— 6.828.588.01
-------------------	----------------

Mismunur kr. 337.861.82

Skólastjórinn hefur því veitt viðtöku umfram það, sem hann hefur greitt út vegna stofn- kostnaðar skólans	kr.	337.861.82“
„Þegar hér var komið málum, þótti ástæða til þess að grennslast eftir fjárreiðum skólans yfir tímabilið 1928—1/9 1946.“		
„Í skýrslu sinni getur skólastjóri þess, að rekstrarsjóður tímabilsins fram til 1/9 1946 hafi rýrnað vegna upphæða, sem færðar voru af rekstrarreikningnum 1946—1950.		
Samkvæmt þeim reikningum nema þessar upphæðir samtals	kr.	48.704.22
Þá telur skólastjórinn, að í þessum sjóði muni nú vera um	—	2.000.00
Þar við bætist svo lán til Guðmundar Þorlákssonar, samkv. framburði S. Þ., G. Þ. og E. M. —		150.000.00
		<hr/>
Rekstrarsjóðurinn virðist því vera, eftir því sem næst verður komið, 1/9 1946	—	200.704.22
Þar við bætast innborgaðir vextir af skuldabréfi Greitt af rekstrarreikn.	—	33.800.00
1946—1950	kr.	48.704.22
Eftirstöðvar skuldabréfs G. Þ. ..	—	90.000.00
Í vörzlu skólastjóra:		
a. Afb. skuldabréfs- ins og vextir ...	kr.	93.800.00
b. Peningar í sjóði —	2.000.00 —	95.800.00
		<hr/>
	Kr.	234.504.22
	Kr.	234.504.22
Við getum ekki betur séð en reikningar standi þannig við skólastjórann, þegar tekið er tillit til fyrirnefndra upplýsinga:		
Í byggingarsjóð vantar	kr.	337.861.82
Í rekstrarsjóð tímabilsins fram að 1/9 1946 vantar —		95.800.00
		<hr/>
	Kr.	433.661.82

Auk þess vantar að gera skólastjóranum reikning fyrir vöxtum af ofanefndum fjárhæðum.“

Af hálfu bæjaryfirvaldanna var síðan gengið eftir því, að ákærði gerði upp byggingarkostnað hins nýja skólahúss. Varð það til þess, að ákærði gaf út skuldabréf, dags. 20. september 1954, til handa bæjarsjóði Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 337.861.82, og skyldi skuldin greiddast með 20 jöfnum afborgunum á næstu 10

árum, en vextir vera 7% p. a. Til tryggingar greiðslu skuldarinnar var 2. veðréttur í húsi ákærða að Vitastíg 8 A, hér í bæ.

Ákærði sendi forstöðumanni fjármálaeftirlits skóla nú nýja skýrslu, sem er dagsett 16. nóvember 1954. Segir í henni meðal annars svo:

„Þetta svonefnda „eldra tímabil“, eða sá tími, sem skólinn var rekinn sem sjálfseignarstofnun, endaði 1. sept. 1946. Reikningar voru þá alltaf gerðir upp eftir á fyrir hvert skólaár, þ. e. frá 1. okt. til jafnlengdar næsta ár. Á sama hátt og áður hafði verið, varð reikningsskilum í þetta sinn ekki lokið fyrr en um áramót eða upp úr áramótum, vegna þess að reikningar vegna skólaársins bárust alltaf sumir allöngu eftir lok skólaársins og reikningsskil við ríki og bæ drógust einnig alltaf nokkuð. Þegar þessir loka-reikningar voru loksins fullgerðir, voru í sjóði sem allra næst 50 þús. kr., eftir því sem ég bezt man.“

„Guðmundur Þorláksson“ . . . „Kvaðst hann þurfa til þess (þ. e. að kaupa lítið hús. Innskot dómara) lán að upphæð ca. 140 þús. kr., sem síðar reyndist þó verða 150 þús. kr. Nú var ég í vanda, því að ekki voru til í skólasjóði nema ca 50 þús. kr.“ . . . „Ég taldi mig því líta fyrst og fremst á hag skólans, er ég ákvað að lána honum til viðbótar af byggingarfé skólans, þótt það virðist nú eiga að verða afdrifaríkt fyrir mig.“

„Ég hef áður í skýrslu minni, dags. 1. ágúst s.l., getið þess, að handbært fé í skólasjóði varð minna í lok ársins 1946 en ég og skólanefndin bjuggumst við, enda þótt skólinn ætti miklar eignir í munum. Þegar svo þar við bættist, að útgjöld, sem námu kr. 48.704.22, voru síðar (á árunum 1949—1951) færð til baka yfir á skólasjóð „eldra tímabilsins“, er auðséð, að lánið til Guðmundar Þorlákssonar verður því nær að öllu leyti eign byggingarsjóðs, enda taldi ég svo vera. Nú hef ég gert upp við bæjarsjóð Reykjavíkur fjárreiður þess sjóðs, án þess þó að eftirstöðvar skuldabréfs G. Þ. væru teknar sem greiðslur frá mér vegna þess, að því er mér skildist, að eftir væri að gera upp þenna svonefnda „eldri sjóð“. Ég verð því að líta svo á, að sem stendur séu þessar eftirstöðvar mín eign.“

„Ég vænti nú, að það verði yður ljóst, eins og það hefur alltaf verið augljóst frá mínu sjónarmiði, að þessi margumræddi „eldri sjóður“ er aðeins ca 2.000.00 að viðbættum vöxtum af þeirri upphæð frá ársbyrjun 1947. Upphæðin, sem færð var til baka, kr. 48.704.22, gat ekki borið vexti, af því að hún var bundin í tækjum og munum, sem skólinn hefur notað.“

Með bréfi, dags. 25. nóvember 1954, sendi ákærði menntamálaráðherra afrit af fyrrgreindum tveimur skýrslum sínum, dags. 1. ágúst og 16. nóvember sama ár, og sagði í bréfinu meðal annars eftirfarandi:

„Yður er kunnugt um, að ég hef orðið fyrir mjög alvarlegum óhöppum í sambandi við byggingu hins nýja skólahúss Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hef ég þess vegna tekið á mig allþungar skuldbindingar vegna verðmæta, sem talið er að glatazt hafi í minni vörzlu, en ég bar ábyrgð á. Þetta var mér algerlega ósjálfrátt, eins og mér er líka fullkomlega ljóst, að enginn hluti þessara verðmæta hefur runnið til mín.“ . . . „En þar sem þessar misfellingur af minni hendi eru nú lagfærðar og uppgerðar, vænti ég, að þeim þætti sé lokið.“

„Pá er eftir að komast að niðurstöðu um hitt atriðið, skólaskjóðinn frá sjálfseignartímabili skólans . . .“

„Bruninn í Frakkneska spítalanum vorið 1949 var af völdum íkveikjusjúks manns. Hversu langt á að ná ábyrgð mín vegna þessa atburðar? Ég hef þegar greitt þau verðmæti, sem þar kunna að hafa glatazt, en á ég einnig að gjalda þess, að bækur og gögn eyðilögðust svo, að ég get ekki sannað mál mitt um upphæð þessa sjóðs nema af líkum.“

Fyrrgreindir forstöðumenn fjármálaeftirlits skóla og endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkur sendu svo nýja skýrslu, dags. 25. nóvember 1954, til menntamálaráðherra út af fjárreiðum Gagnfræðaskóla Austurbæjar og reikningsskilum ákærða og athugasemdum hans við fyrri skýrslu þeirra um það efni, svo og viðbótarskýrslu, dags. 6. janúar 1955. Lauk skýrslu dags. 25. nóvember með þessum orðum:

„En hvernig sem því kann að vera varið með sjóði þessa (þ. e. sem eru á vegum Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Innskot dómara) og rekstrarsjóðinn yfir tímabilið 1928—1/9 1946 og lánið til Guðmundar Þorlákssonar, þá er hér um varhugaverða meðferð fjár að ræða — og vítaverða vanrækslu í bókhaldi og reikningsskilum, fyrir utan viðurkennda og sannanlega sjóðþurrð kr. 337.861.82. Við teljum, að það sé ekki á okkar valdi að gera þessum málum frekari skil eftir þeim leiðum, sem við teljum okkur geta farið.“

Ákærði sendi nú nýja skýrslu, dags. 24. janúar 1955, til menntamálaráðherra í tilefni af greindum skýrslum forstöðumanna fjármálaeftirlits skólamála og endurskoðunarskrifstofu bæjarins,

dags. 14. september og 25. nóvember 1954. Í skýrslu þessari segir ákærði meðal annars eftirfarandi:

„Um rekstrarsjóð eldra tímabilsins er þetta að segja:

Ég hef alltaf haldið því fram, að sá sjóður hafi í ársbyrjun 1947 verið sem allra næst 50 þús. kr. Gæti skakkað fáum hundruðum til eða frá, en þessi tala er föst í minni mér.“

„Bók þessi (þ. e. sjóðbókin. Innskot dómara) glataðist í eldi, eins og skýrt hefur verið frá.“

„Í þeim endurskoðunarskýrslum, sem ég fékk þessi ár frá endurskoðunardeild Reykjavíkurbæjar, finn ég „bakfærð“ útgjöld samtals að upphæð kr. 48.479.07 og „bakfærðar“ tekjur kr. 225.15. Rétt upphæð er því kr. 48.253.92.“

„Þessum ca 2000 kr. hef ég vitanlega alltaf verið reiðubúinn að skila af mér ásamt þeim hluta af vöxtum af skuldabréfi G. Þ., sem samsvarar þeim tíma, er sjóðurinn stóð í því bréfi, þegar mér yrði gert viðvart, hvert þessu ætti að skila. Greiddir vextir af bréfi G. Þ. nema alls kr. 33.800.00. Af þeirri upphæð virðist mér láta nærri, að byggingarsjóði beri kr. 29.000.00, en skólasjóði kr. 4.800.00.“

„Þá kem ég að talnalegum niðurstöðum þessa byggingarsjóðs. Mismuninn á innborguðu fé samkv. dagbók hef ég gert upp til bráðabirgða við bæjarsjóð Reykjavíkur með skuldabréfi mínu, dags. 20. sept. s.l., að upphæð kr. 337.861.82.“

„Eftir því sem ég hef alltaf haldið fram, ber að draga frá ofanefndri upphæð skuldabréf Guðm. Þorlákssonar kennara, nú að eftirstöðvum kr. 90.000.00, því að þetta bréf er eign byggingarsjóðs, en við á að bæta mestum hluta af innborguðum vöxtum af því bréfi, eða samkvæmt því, sem áður er sagt, kr. 29.000.00.“

„Þegar þessar leiðréttingar hafa verið gerðar, verður upphæðin kr. 276.861.82. Hér frá á enn að draga það, sem samkomulag verður um að greiða mér fyrir unnin störf og útlagðan kostnað vegna byggingarinnar.

Þar munu kröfur mínar verða eitthvað á þessa leið:

1. Fyrir umsjón, reikningshald og áhættu kr. 106.774.26
 2. Útlagður kostnaður vegna bifreiðar minnar — 90.000.00
- Eftir verða þá af upphæðinni kr. 80.087.56.“

„Loks eru svo upphæðir, sem ég tel mig eiga kröfu á, en sem tilheyra rekstri tímabilsins 1/9 1946 til 31/12 1951. Óska ég, að þær verði gerðar upp um leið. Þessar kröfur eru:

1. Húsnæði fyrir skrifstofu skólans kr. 2.700.00
2. Fyrir bókhald reksturs — 32.000.00

Samkvæmt beiðni menntamálaráðherra mætti ákærði í skrifstofu hans kl. 14.30 4. marz 1955. Við það tækifæri lýsti ákærði því yfir að gefnu tilefni, að hann samþykkti, að menn færu heim með honum, og mættu þeir taka allar þær bækur og öll þau skjöl, sem þeir gætu fundið þar og þeir teldu, að gætu verið til að upplýsa reikningshald og fjármál Gagnfræðaskólans frá fyrstu tíð.

Fóru því næst fjórir menn, þeir Hannes Jónsson, starfsmaður í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, Lönguhlíð 17, hér í bæ, Sveinn Sæmundsson, yfirlögregluþjónn rannsóknarlögregluunnar, Tjarnargötu 10 B, hér í bæ, Njörður Snæholm rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 171, Kópavogi, og Jón Ebenesarson Halldórsson rannsóknarlögreglumaður, Skólastræti 5 B, hér í bæ, ásamt ákærða heim til hans að Vitastíg 8. Ákærði og Sveinn Sæmundsson komu örlítið fyrr á staðinn en hinir þrír, en ekkert var aðhafzt, fyrr en allir voru komnir þangað. Þeir fóru inn í skrifstofuherbergi ákærða, og vísaði hann á hirzalur og skúffur og opnaði þær þeirra, sem læstar voru, meðal annars hirzalur í skrifborði, sem var í herberginu. Fjórmenningarnir tóku í hendur sínar ýmis skjöl og plögg, sem þarna voru ýmist í skápum, hillum, skrifborði eða lágu á borði. Meðal annars fundust í vinstri skáp skrifborðsins tvær sjóðbækur, önnur yfir rekstur Gagnfræðaskólans tímabilið frá 1930 til 1. september 1940, en hin tímabilið frá 1940 til 1945, svo og fjögur laus blöð yfir tímabilið frá 1945 til 1. september 1946. Síðan var með samþykki ákærða leitað í geymslum ákærða annars staðar í húsinu, en þar fundust engin skjöl, sem tekin voru. Síðan var farið með samþykki ákærða í hús gagnfræðaskólans og nokkur plögg tekin þar í skrifstofuherbergi skólans. Síðan var farið með þau skjöl og plögg, er tekin voru, í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, en ekki þótti tiltækilegt að gera skrá yfir þau.

Aðalsteinn Eiríksson, forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla, og Benedikt Árnason, endurskoðandi í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, athuguðu síðan greind skjöl og plögg og sömdu síðan skýrslur, byggðar á þeim athugunum, um fjárreiður gagnfræðaskólans, sem ákærði veitti forstöðu, og reikningsskil hans. Var skýrsla hins fyrrnefnda dagsett 20. apríl 1955, en hins síðarnefnda 7. maí sama ár. Skýrslurnar voru síðan sendar menntamálaráðherra. Með bréfi, dags. 10. maí 1955, sendi ráðherrann skýrslurnar til dómsmálaráðherra með beiðni um, að réttarrannsókn yrði látin fara fram í málinu.

Með skipunarbréfi dómsmálaráðherra, dags. 17. maí 1955, var

Þórður Björnsson sakadómarafulltrúi skipaður til þess sem umboðsdómari „að taka til dómsrannsóknar mál út af meðferð fyrrverandi skólastjóra Gagnfræðaskóla Austurbæjar, séra Ingimars Jónssonar, á fjármunum skólans á undanförunum árum og kveða síðan upp dóm í málinu, ef til málssóknar kemur.“

Dómsrannsókn málsins hófst síðan 23. maí 1955.

Rétt þykir, áður en vikið verður að einstökum ákæruefnum á hendur ákærða, að rekja hér í lok þessa kafla um sögulegan aðdraganda málsins framburð ákærða út af fundi sjóðbókanna heima hjá honum 4. marz 1955.

Ákærði hefur borið það, að hirzlan vinstra megin í skrifborðinu í skrifstofuherbergi hans, þar sem sjóðbækurnar fundust, hafi venjulega verið læst, og hafi hann haft lykla að henni. Hann hafi lítið gengið um hirzluna seinustu árin, af því að erfitt hafi verið að opna hana vegna stóls, sem stóð fast við þann hluta skrifborðsins, og hafi þurft að færa stólinn til að opna hana. Hann hafi ekki vitað með vissu, hvað var í hirzlu þessari, og ekki munað eftir neinum skjölum eða bókum geymdum þar, en hann hafi þó vitað, að þar var eitthvert dót, sem hann taldi sig ekki þurfa að nota. Þegar svo ákærða hafi borizt í janúar 1955 afrit af bréfum forstöðumanna fjármálaeftirlits skóla og endurskoðunar-
skrifstofu Reykjavíkurbæjar til menntamálaráðherra, þ. e. bréf dags. 14. september og 25. nóvember 1954, þar sem talað var um hvarf á bókum hans yfir reikningshald rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans á tímabilinu frá 1930 til 1946, hafi það orðið til þess, að hann hafi leitað dögum saman, bæði heima hjá sér og í skólahúsinu, að bókum þessum, en hvergi fundið þær. Meðal annars hafi hann leitað í fjórum læstum skápum í skrifstofuherberginu, þar sem hann hafi seinustu árin geymt þau skjöl skólans, sem hann hafi þurft að nota, og enn fremur hafi hann leitað í hirzlunni, sem er hægra megin í fyrrnefndu skrifborði hans, svo og í miðskúffu skrifborðsins, þar sem ýmis persónuleg skjöl hans hafi verið. Hins vegar hafi hann aldrei leitað í hirzlunni vinstra megin í skrifborðinu, þar sem hann hafi talið vera útilokað, að bækurnar væru þar.

III. KAFLI.

A-liður.

Engin gögn hafa fundizt yfir rekstur Ungmennaskólans í Reykjavík á tímabilinu 1928—1930. Á því tímabili greiddi ríkissjóður samtals kr. 38.128.96 og bæjarsjóður samtals kr. 23.922.46 til skólans, sbr. dskj. nr. 5, fskj. 2—3.

Sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, hefjast á rekstrarreikningi fyrir skólaárið 1930—1931 og eru í upphafi þess, þ. e. 1. október 1930, taldar vera í sjóði frá rekstri Ungmennaskólans kr. 5.605.13.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi ekki haldið aðrar bækur yfir rekstrarsjóð Gagnfræðaskólans í Reykjavík, bæði tekjur hans og gjöld, á tímabilinu frá 1. október 1930 til 1. september 1946, en greindar sjóðbækur, sem teknar voru heima hjá honum 4. marz 1955. Lausu blöðin, sex að tölu, kveðst hann hafa rifið úr sjóðbók þeirri, sem hann hafi haldið yfir rekstrarsjóð skólans á tímabilinu frá 1. september 1946 og fram á árið 1950, til þess að blöðin gætu fylgt með sjóðbókunum tveimur fram til 1. september 1946.

Ákærði kveðst hafa ritað í sjóðbækurnar og á hin lausu blöð með eigin hendi rekstrarreikninga gagnfræðaskólans fyrir hvert skólaár frá 1930 til 1946 og einnig undirritað hvern ársreikning með eigin hendi.

Fylgiskjöl með sjóðbókunum hafa ekki fundizt, en að álitu Aðalsteins Eiríkssonar, forstöðumanns fjármálaeftirlits skóla, eru bækurnar vel og greinilega færðar og yfirleitt tekið fram í texta hverrar færslu, um hvers konar tekjur og gjöld er að ræða.

Við samanburð á gögnum ríkisbókhaldsins og endurskoðunar-skrifstofu Reykjavíkurbæjar um greiðslur úr ríkis- og bæjar-sjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík annars vegar og færslum ákærða í sjóðbækur skólans á innkomnu fé til hans úr sjóðum þessum hins vegar kemur fram, að ríki og bær færa greiðslur sínar miðað við almanaksár, en ákærði miðar ársreikninga skólans við skólaárið.

Af þessum ástæðum verður samanburður erfiðari, einkum eftir að greiðslur verðlagsuppbóta koma til. Þetta skiptir þó ekki máli, þegar lokaniðurstaða er fundin.

Samkvæmt skjölum ríkisbókhaldsins hafa greiðslur úr ríkis-sjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík verið eins og hér segir, sbr. dskj. nr. 5, fskj. nr. 2:

TAFLA NR. 1.

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1930	4.200.00		4.200.00
1931	13.240.00	998.40	14.238.40
1932	13.714.00	1.324.80	15.038.80

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1933	11.296.00	1.717.20	13.013.20
1934	10.742.00	1.669.60	12.411.60
1935	13.674.00	1.870.00	15.544.00
1936	19.084.00	3.458.22	22.542.22
1937	22.600.00	3.946.57	26.546.57
1938	24.012.00	4.174.66	28.186.66
1939	25.312.00	4.060,40	29.372.40
1940	27.552.00	4.698.96	32.250.96
1941	27.776.00		
	7.697.92		
	1.878.38	37.352.30	4.692.80
1942		67.848.33	5.565.50
1943	69.388.00		
	4.646.30		
	11.506.36	85.540.66	7.465.51
1944	111.555.20		
	15.908.08		
	5.663.32	133.126.60	8.459.82
1945	160.230.24		
	21.137.90		
	1.610.12	182.978.26	13.184.24
1946	225.181.76		
	43.360.10		
	67.236.90		
	335.778.76		
	÷ 90.000.00*)	245.778.76	30.687.82
			276.466.58
		Kr. 938.050.91	97.974.50
			1.036.025.41

*) Kr. 90.000.00 er greiðsla ríkissjóðs upp í rekstur 1946—1947.

Samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sem teknar voru heima hjá honum 4. marz 1955, hafa greiðslur úr ríkissjóði til skólans verið eins og hér segir:

TAFLA NR. II.

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1930—1931	12.040.00	998.40	13.038.40
1931—1932	14.014.00	1.324.80	15.338.80

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1932—1933	12.796.00	1.717.20	14.513.20
1933—1934	9.842.00	1.669.60	11.511.60
1934—1935	11.574.00	1.870.00	13.444.00
1935—1936	17.584.00	3.458.22	21.042.22
1936—1937	21.700.00	3.946.57	25.646.57
1937—1938	22.512.00	4.176.66	26.686.66
1938—1939	25.312.00	4.060.40	29.372.40
1939—1940	27.552.00	4.698.96	32.250.96
1940—1941	34.873.92	4.692.88	39.566.80
1941—1942	45.632.33	5.565.40	51.197.73
1942—1943	76.420.80	7.465.50	83.886.30
1943—1944	83.382.40	8.459.82	91.842.22
1944—1945	176.935.54	13.184.24	190.119.78
1945—1946	255.401.86	30.687.82	286.089.68
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	Kr. 847.572.85	97.974.47	945.547.32

Mismunurinn á greiðslum úr ríkissjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík samkvæmt skjölum ríkisbókhaldsins og samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur skólans nemur því kr. 1.036.025.41 að frádregnum kr. 945.547.32, þ. e. kr. 90.478.09.

Nánar tiltekið sundurliðast þessi fjárhæð þannig

TAFLA NR III.

Ár 1940—41: Greiðsla ríkissjóðs 20.			
ágúst 1941, verðlags-			
uppbót á laun kennara			
1940, móttekin 5. sept.			
1941, ófærð	kr. 1.878.38		
Greiðsla ríkissjóðs 29.			
október 1941, verðlags-			
uppbót á rekstrarstyrk			
skólans mánuðina janú-			
ar—apríl 1941 skv. lög-			
um nr. 60/1941, mótték-			
in 10. nóvember			
1941	7.697.92		
færð í sjóðb. m. 7.097.92	—	600.00 kr.	2.478.38
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Ár 1941—42: Greiðsla ríkissjóðs 31.			

júlí 1942, verðlagsupp-
bót október—desember
1941 7.840.00
Greiðsla ríkis-
sjóðs 31. júlí
1942, verðlags-
uppbót janúar
—apríl 1942 11.620.00 — 19.460.00

Greiðsla ríkissjóðs 7.
janúar 1943, verðlags-
uppbót, eftirstöðvar .. — 2.068.33

— 21.528.33

færðar í sjóðbók með — 18.528.33 — 3.000.00

Ár 1942—43: Greiðsla ríkissjóðs 14. marz 1944,
aukauppbót og aukaverðlagsuppbót á
kennaralaun og stundakennslukaup
árið 1943, ófærð — 11.506.36

Ár 1943—44: Greiðsla ríkissjóðs 23. desember 1943,
aukauppbót og aukaverðlagsuppbót
á laun kennara mánuðina júlí—des-
ember 1942, móttekin 31. desember
1943, ófærð — 4.646.30

Ár 1944—45: Greiðsla ríkissjóðs 18. marz 1946, van-
goldin uppbót á laun kennara 1944—
1945, ófærð — 1.610.12

Ár 1945—46: Greiðsla ríkissjóðs 28. nóvember 1946,
launahækkanir vegna launalaga 1.
janúar—31. ágúst 1946, ávísun mót-
tekin 9. desember 1946, ófærð — 67.236.90
— 90.478.06

Mismunur á húsaleigu 1940—1941, of-
færðir ÷ kr. 0.08

Mismunur á húsaleigu 1941—1942,
vanbókaðir + — 0.10

Mismunur á húsaleigu 1942—1943,
vanbókaðir + — 0.01 — 0.03

Samtals kr. 90.478.09

Ár	Rekstur	Húsaleiga	Samtals
1938—1939	43.008.00	6.090.60	49.098.60
1939—1940	46.368.00	7.048.44	53.416.44
1940—1941	59.647.68	7.039.32	66.687.00
1941—1942	75.991.68	8.348.10	84.339.78
1942—1943	127.807.20	11.198.25	139.005.45
1943—1944	138.285.60	12.689.73	150.975.33
1944—1945	250.208.48	19.776.36	269.984.84
1945—1946	399.525.99	46.031.73	445.557.72

Kr. 1.363.820.63 146.205.71 1.510.026.34

Mismunurinn á greiðslum úr bæjarsjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík á tímabilinu frá 1. október 1930 til 1. september 1946 samkvæmt skjölum endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar og athugasemdum og skýringum fjármálaeftirlits skólamála við þær annars vegar og samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur skólans hins vegar nemur því kr. 1.673.467.76 að frádregnum kr. 1.510.026.34, þ. e. kr. 163.441.42.

Nánar tiltekið sundurliðast þessi fjárhæð þannig:

TAFLA NR. VI.

Ár 1941—42:	Greiðsla bæjarsjóðs 27. október 1942, verðlagsuppbót á styrk	36.295.68	
	færð í sjóðbók	30.295.68	kr. 6.000.00
Ár 1942—43:	Greiðsla bæjarsjóðs 6. október 1943, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót júlí—desember 1942, ófærð	6.969.44	
	Greiðsla bæjarsjóðs 6. marz 1944, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót 1943, ófærð	17.259.53	— 24.228.97
Ár 1943—44:	Greiðsla bæjarsjóðs 19. marz 1945, aukauppbót og verðlagsuppbót 1944, ófærð		— 32.357.10
Ár 1945—46:	Greiðsla bæjarsjóðs 21. nóvember 1946, launa-hækkanir 1. janúar til		

31. ágúst 1946 vegna
launalaga, ófærð kr. 100.855.34

— 163.441.41

Ár 1942—43: Vanbókuð húsaleiga — 0.01

Samtals kr. 163.441.42

Af framangreindu yfirliti kemur fram, að fyrri hluta tíma-
bilsins ber greiðslum úr ríkis- og bæjarsjóði samkvæmt gögn-
um ríkisbókhalds og endurskoðunardeildar bæjarins til Gagn-
fræðaskólans í Reykjavík annars vegar og færslum ákærða á
innkomnu fé úr sjóðum þessum til skólans hins vegar saman.

Þetta breytist, þegar farið er að greiða verðlagsuppbætur eftir
á árunum 1941—1946. Þá eru ekki færðar einstakar greiðslur
eða hluti af greiðslum úr ríkissjóði og bæjarsjóði, sem ákærði
hefur veitt viðtöku, eða nánar tiltekið á hverju skólaári, eins
og hér segir:

TAFLA NR. VII.

Árið 1940—1941	kr.	2.478.38
— 1941—1942	—	9.000.00
— 1942—1943	—	35.735.34
— 1943—1944	—	37.003.40
— 1944—1945	—	1.610.12
— 1945—1946	—	168.092.24
		<hr/>
		Kr. 253.919.48
Skekkja	—	0.04

Samtals kr. 253.919.52

Ákærði hefur borið það, að hann hafi sótt sjálfur framlög ríkis
og bæjar til gagnfræðaskólans. Sótti hann framlögin oftast mán-
aðarlega til ríkisféhirðis (stundum þó til fræðslumálastjóra) og
bæjargjaldkera og kvittaði fyrir móttöku þeirra með eigin nafni
sínu. Telur ákærði vafalaust, að hann hafi athugað hverju sinni,
að hann tæki við þeim peningum, sem hann kvittaði fyrir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa kvittað fyrir móttöku þeirra
fjárhæða úr ríkissjóði, sem taldar eru á töflu nr. III, þ. e. 5.
september 1941 kr. 1.878.38, 10. nóvember 1941 kr. 7.697.92, 31.

júlí 1942 kr. 7.840.00, 31. júlí 1942 kr. 11.620,00, 7. janúar 1943 kr. 2.068.33, 31. desember 1943 kr. 4.646.30, 14. marz 1944 kr. 11.506,36, 18. marz 1946 kr. 1.610.12 og 9. desember 1946 kr. 67.236.90, eða samtals kr. 90.478.06.

Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa kvittað fyrir móttöku þeirra fjárhæða úr bæjarsjóði, sem taldar eru á töflu nr. VI, þ. e. 27. október 1942 kr. 36.295.68, 6. október 1943 kr. 6.969.44, 6. marz 1944 kr. 17.259.53, 19 marz 1945 kr. 32.357.10 og 21. nóvember 1946 kr. 100.855.34, eða samtals kr. 163.441.41.

Hefur ákærði staðfest ljósmyndir þeirra skjala, þar sem hann hefur kvittað með nafni sínu fyrir móttöku framangreindra fjárhæða og lögð hafa verið fram í málinu.

Ákærði efast ekki um, að hann hafi tekið við þeim fjárhæðum hverju sinni, sem hann hefur þannig kvittað fyrir að hafa tekið á móti.

Hann hefur enga skýringu getað gefið á því, hvers vegna greiðslur þessar eru ýmist ófærðar eða vanbókaðar í sjóðbækur gagnfræðaskólans, eins og rakið er lið fyrir lið í töflum nr. III og nr. VI. Í sakadómi 24. maí 1955 orðaði ákærði það þó, að hinar vanbókuðu fjárhæðir kynnu að hafa verið færðar þannig í sjóðbók vegna mislesturs eða misgánings, en kvaðst ekki geta sagt um, hvað orðið hefði af hinum ófærðu eða vanbókuðu peningum og minnst þess ekki að hafa notað þá til eigin þarfa eða ráðstafað þeim sem eigin fé. Sbr. hins vegar síðar í VI. kafla.

Ákærði hefur ekki efazt um, að það sé rétt, að hann hafi ofært húsaleigu úr ríkissjóði um kr. 0.08 og vanbókað húsaleigu úr ríkissjóði samtals um kr. 0.11, svo og vanbókað húsaleigu úr bæjarsjóði um kr. 0.01, eins og nánar er rakið í töflum nr. III og nr. VI hér að framan. Hefur ákærði tekið fram í þessu sambandi, að við skiptingu húsaleigunnar milli ríkis og bæjar hafi getað munað nokkrum aurum í færslum.

B-liður.

Þess var fyrir getið, að sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, hófust á rekstrarreikningi fyrir skólaárið 1930—1931 og voru þá í byrjun ársins, þ. e. 1. október 1930, taldar vera í sjóði frá rekstri Ungmennaskólans kr. 5.605.13. Rekstrarafgangur hvers skólaárs og rekstrarsjóður í lok hvers skólaárs til loka skólaárs 1945—1946 er samkvæmt sjóðbókunum eins og hér segir:

TAFLA NR. VIII.

Skólaár	Rekstrarafgangur	Rekstrarsjóður í lok skólaárs
1930—1931 kr. 3.630.39	kr. 9.235.52
1931—1932 — 10.453.10	— 19.688.62
1932—1933 — 6.163.07	— 25.851.69
1933—1934 — 2.459.67	— 28.311.36
1934—1935 — 7.819.82	— 36.131.18
1935—1936 — 8.878.07	— 45.009.25
1936—1937 — 15.377.98	— 60.387.23
1937—1938 — 18.381.88	— 78.769.11
1938—1939 — 17.802.28	— 96.571.39
1939—1940 — 20.776.09	— 117.347.48
1940—1941 — 31.737.53	— 149.085.01
1941—1942 — 32.226.05	— 181.311.06
1942—1943 — 45.718.36	— 227.029.42
1943—1944 — 31.844.09	— 258.873.51
1944—1945 — 37.787.40	— 296.660.91
1945—1946 — 32.814.05	— 329.474.96

Samtals kr. 329.474.96

Ákærði hafði á hendi reikningshald Gagnfræðaskóla Austurbæjar frá 1. september 1946 til ársloka 1951, en skilaði því í hendur endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar árið 1953. Endurskoðunardeildin endurskoðaði reikninga og fylgiskjöl og forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla athugaði og fór yfir þau síðan. Forstöðumaðurinn taldi, að fjórir kostnaðarliðir, samtals að fjárhæð kr. 48.704.22, og einn tekjuliður, að fjárhæð kr. 225.15, í reikningunum væru ríkissjóði óviðkomandi, og voru þeir því færðir á reikning rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans frá tímabilinu 1928—1. september 1946. Ákærði hefur borið í dómi, að þetta hafi verið gert án samþykkis hans, en eigi að síður þykir verða samkvæmt framansögðu að lækka eign rekstrarsjóðs í lok tímabilsins um kr. 48.704.22 að frádregnum kr. 225.15, eða um kr. 48.479.07.

Í desember skólaárs 1945—1946 er færður í sjóðbók til útgjalda á rekstrarreikningi þess árs halli bifreiðarinnar R 2296, kr. 54.051.20. Af ástæðum, sem raktar eru í VII. kafla, verður ekki talið rétt að færa þessa fjárhæð til útgjalda skólans.

Rekstrarsjóður gagnfræðaskólans á tímabilinu frá skólaári 1939

—1940 til skólaárs 1945—1946 hefur því verið samkvæmt sjóðbókum og leiðréttingum, sem að framan hafa verið raktar, eins og hér segir:

TAFLA NR. IX.

Skólaár:	Rekstrar- sjóður skv. sjóðbókum:	Vanbókað frá bæjarsjóði:	Innborganir frá ríkissjóði:	Rekstrar- sjóður leiðréttur:
1939—1940	117.347.48			117.347.48
1940—1941	149.085.01		2.478.38	151.563.39
1941—1942	181.311.06	6.000.00	3.000.00	
		<hr/>	<hr/>	
		6.000.00	5.478.38	192.789.44
		24.228.98	11.506.36	
		<hr/>	<hr/>	
1942—1943	227.029.42	30.228.98	16.984.74	274.243.14
		32.357.10	4.646.30	
		<hr/>	<hr/>	
1943—1944	258.873.51	62.586.08	21.630.04	343.090.63
			1.610.12	
		<hr/>	<hr/>	
1944—1945	296.660.91	62.586.08	23.241.16	382.488.15
		100.855.34	67.236.90	
		<hr/>	<hr/>	
1945—1946	329.474.96	163.441.42	90.478.06	583.394.44
		<hr/>	<hr/>	
Vanbókuð húsaleiga		0.01	0.03	0.04
Oftalin gjöld		54.051.20		
Til frádráttar kostnaður		48.479.07		5.572.13
		<hr/>		<hr/>
				Kr. 588.966.61

Leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946 nam því samtals kr. 588.966.61.

Er hér byggt á yfirliti endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins að því undanteknu, að þar hefur misritazt vanbókuð húsaleiga kr. 0.03 fyrir kr. 0.04, og leiðréttur rekstrarsjóður því talinn vera pr. 1. september 1946 kr. 588.966.60.

C-liður.

Ákærði hefur í rannsókn málsins haldið því fram, að eftirtalin

útgjöld muni ekki hafa verið færð rekstrarsjóði gagnfræðaskólans til gjalda í bókhaldi skólans:

TAFLA NR. X.

1. Kvittun trésmiðju Magnúsar Jónssonar, Vatn- stíg 10 A, dags. 30. maí 1947	kr. 6.000.00
2. Keypt handavinnuefni skólaárin 1949—1950 og 1950—1951	— 10.856.46
3. Kvittun Útvegsbanka Íslands h.f., dags. 8. september 1952, fyrir leigu af geymsluhólfi árið 1952	— 60.00
	<hr/>
Samtals	kr. 16.916.46
	<hr/>

Kvittanir þessar og reikningsyfirlit yfir kostnað við keypt handavinnuefni voru meðal þeirra skjala og bóka, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955.

Bæði fjármálaeftirlit skóla og endurskoðun fjármálaráðuneytisins hafa fært þessar fjárhæðir rekstrarsjóði gagnfræðaskólans til gjalda í skýrslum sínum, og er það einnig gert í ákæruskjali ákæruvaldsins.

D-liður.

Verður nú vikið að eignum rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans síðan á skólaárinu 1939—1940. Fyrir þann tíma var að vísu til nokkur sjóðseign, en ekki er ástæða til að rekja það.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur tekið saman yfirlit um eignir rekstrarsjóðs í sparisjóðsbókum, innlánskírteinum og verðbréfum 1. janúar ár hvert frá 1941—1948. Yfirlitið nokkuð samandregið er þannig:

TAFLA NR. XI.

1. janúar 1941:

Sparisjóðsávisanabækur nr. 2541 við Landsbanka Íslands, nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands, samtals ..	kr. 73.382.07
Innlánsskírteini nr. 100 við Búnaðarbanka Íslands og nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f., samtals	— 20.000.00
	<hr/>
	Kr. 93.382.07
	<hr/>

1. janúar 1942:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	68.451.31
Greind innlánsaskírteini nr. 100 og nr. 2633	—	20.355.44
Sparisjóðsbók nr. 22693 við Útvegsbanka Íslands h.f., skráður eigandi: Lárus Ingimarsson	—	5.014.64
Sparisjóðsávísanabók nr. 20679 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi: Jón Ingimarsson	—	3.86
Ríkisskuldabréf 1941, A nr. 1—4	—	20.000.00
		<hr/>
	Kr.	113.825.25

1. janúar 1943:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	30.312.96
Greind innlánsaskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	20.721.03
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	10.125.72
— — — 20679	—	10.164.46
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Síldarverksmiðjubréf 1941, C nr. 36	—	2.000.00
		<hr/>
	Kr.	99.324.17

1. janúar 1944:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	7.425.13
Greind innlánsaskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	21.099.53
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	10.224.39
— — — 20679	—	5.210.29
Sparisjóðsbók nr. 40927 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi Sesselja Guðmundsdóttir ..	—	5.169.44
Greind ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
		<hr/>
	Kr.	76.128.78

1. janúar 1945:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	24.446.89
Greind innlánsaskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	21.666.38

Greind sparisjóðsbók nr. 22693	kr.	20.776.33
— — — 20679	—	15.284.11
— — — 40927	—	20.334.81
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
		<hr/>
	Kr.	129.508.52

1. janúar 1946:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	102.280.60
Greind innlánsskírteini nr. 100 og nr. 2633	—	21.897.08
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	21.193.93
— — — 20679	—	25.467.10
— — — 40927	—	25.480.05
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
		<hr/>
	Kr.	223.318.76

1. janúar 1947:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	98.424.32
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	22.317.10
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	5.436.50
— — — 20679	—	4.605.81
— — — 40927	—	1.891.91
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
Bréf byggingarsjóðs verkamanna 1946, samtals	—	30.000.00
		<hr/>
	Kr.	189.675.64

1. janúar 1948:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	40.229.84
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	22.751.95
— sparisjóðsbók nr. 20679	—	39.91

Greind ríkisskuldabréf 1941	kr.	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
Greind bréf byggingarsjóðs verkamanna 1946, samtals	—	30.000.00
		<hr/>
	Kr.	120.021.70
		<hr/>

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur reiknað út mismuninn á rekstrarsjóðseign í sparissjóðsbókum, innlánskírteinum og verðbréfum samkvæmt framansögðu og á bókuðum rekstrarsjóði í sjóðbækur og á leiðréttum rekstrarsjóði í lok reikningsárs. Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XII.

Skólaár:	Mismunur á bókuðum rekstrarsjóði og innstæðum:	Mismunur á leiðréttum rekstrarsjóði og innstæðum:
1939—1940	23.965.41	23.965.41
1940—1941	35.259.76	37.738.06
1941—1942	81.986.89	93.465.27
1942—1943	150.900.64	198.114.36
1943—1944	129.364.99	213.582.11
1944—1945	73.342.15	159.169.39
1945—1946	139.799.32	399.290.96

Ákærði hefur ekki vefengt töflu nr. XII, og kveðst hann ekki vita um aðrar eignir rekstrarsjóðs á þeim tíma, sem hún nær yfir, en þar eru taldar. Hann kveður, að sparissjóðsbækur sjóðsins hafi verið margar, einkum af þeirri ástæðu, að um nokkurt skeið voru vextir eigi greiddir af hærri fjárhæð í einni bók en kr. 25.000.00. Þar sé að finna skýringu þess, að hann lét nokkrar bækur sjóðsins vera á nöfnum sona sinna, Lárusar og Jóns, og móður sinnar, Sesselju Guðmundsdóttur. Hann hafi svo fækkað bókunum, þegar farið var að greiða aftur vexti af allri fjárhæð sparissjóðsbóka. Hann hefur þó ekki gefið skýringu á því, hvers vegna innstæður þeirra bóka, sem hann hafði áfram, hækkuðu þá ekki jafnframt.

Þá hefur ákærði tekið fram út af töflu nr. XII, að það geri samanburð þann, sem þar er gerður, erfiðari en ella, að í sjóðbókum er miðað við skólaár, en í töflunni við almanaksár.

Hann kveður, að rekstrarútgjöld skólans hafi jafnan verið hærri fyrstu mánuði skólaársins en framlög ríkis og bæjar, en þau hafi verið gerð upp endanlega og greidd í lok skólaársins. Þetta breyti þó aðeins færslum milli ára, en ekki lokaniðurstöðu.

Enn fremur kveðst ákærði hafa að jafnaði haft eitthvert reiðufé úr sjóðnum heima hjá sér og jafnvel í gagnfræðaskólanum til að greiða með áfallin útgjöld sjóðsins, en þau hafi hann bæði greitt í reiðufé, eins og t. d. laun kennara og starfsfólks, og í tékkum, ef um sérlega háar fjárhæðir var að ræða.

Aðrar skýringar hefur ákærði ekki gefið á mismuninum á innstæðum rekstrarsjóðs og bókuðum rekstrarsjóði og leiðréttum rekstrarsjóði, sem nánar er rakinn í töflu nr. XII.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var handritað yfirlit yfir eignir rekstrarsjóðs „skv. eldri lögum“, eða árin 1946 og 1947. Kveðst ákærði hafa ritað skjalið, sennilega í þeim tilgangi að greina á milli eigna rekstrarsjóðs skólans og eigna byggingarsjóðs hins nýja gagnfræðaskólahúss.

Í yfirlitinu er eign rekstrarsjóðs í árslok 1946 talin vera samkvæmt reikningi fyrir skólaárið 1945—1946 kr. 329.474.96. Fjárhæðin er svo sundurliðuð, og eignir í innlánskírteinum, ríkisskuldabréfum, síldarverksmiðjubréfi, veðdeildarbréfum 13. flokks og skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna taldar vera hinar sömu og endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins telur sjóðseign 1. janúar 1947, sbr. töflu nr. XI, þ. e. kr. 79.317.10, en öll hin sjóðseignin, kr. 250.157.86, er í yfirlitinu talin í sparisjóðsbókum. Ákærði kveðst ekki muna til þess, að hann liti í sparisjóðsbækur sjóðsins, áður en hann ritaði þessa tölu, og telur líklegt, að hann hafi reiknað hana út með því að draga samanlagða fjárhæð innlánskírteina og skuldabréfa frá heildarsjóðseign samkvæmt sjóðbók.

Í yfirlitinu er eign rekstrarsjóðs í árslok 1947 talin vera, eins og hér segir:

TAFLA NR. XIII.

4½ % ríkisskulda- og síldarverksmiðjubréf	kr.	22.000.00
4 % veðdeildar- og byggingarsjóðsbréf	—	25.000.00
3½ % byggingarsjóðsbréf	—	10.000.00
4 % veðskuldabréf Guðmundar Þorlákssonar	—	150.000.00
5 % veðskuldabréf Jóns Benediktssonar	—	14.638.50
4 % veðdeildarbréf 14. og 15. fl.	—	100.000.00
sama	—	400.00

4½% ríkisskuldabréf	kr.	200.00
5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara	—	10.000.00
Í sjóði hjá gjaldkera	—	1.236.46
	Samtals	kr. 333.474.96

Veðskuldabréf Guðmundar Þorlákssonar og Jóns Benediktssonar hafa bæði verið lögð fram í málinu. Fyrra bréfið er útgefið 2. maí 1947 og verður nánar rætt um það í X. kafla. Seinna bréfið er útgefið 14. maí 1946 af Jóni Benediktssyni, Urðarstíg 16, hér í bæ, og Helga Benediktssyni, Blönduósi, til handhafa, upphaflega að fjárhæð kr. 16.265.00 til greiðslu með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, og er 2. veðréttur í húseigninni nr. 27 við Fálkagötu, hér í bæ, til tryggingar bréfinu. Keypti ákærði bréf þetta af Skúla Þórðarsyni, þáverandi kennara gagnfræðaskólans, árið 1947.

Veðdeildarbréf 14. og 15. fl., samtals á kr. 100.400.00, voru samkvæmt tilkynningu ákærða til eignakönnunar um áramótin 1947—1948 þessi:

TAFLA NR XIV.

Tvö	4%	bréf	14. fl.	Ltr. AA	nr. 470—471,	samt.	kr.	10.000.00
Tíu	4%	—	14. —	—	AA — 482—491,	—	—	50.000.00
Tvö	4%	—	15. —	—	AA — 98—99,	—	—	10.000.00
Fimm	4%	—	15. —	—	AA — 322—326,	—	—	25.000.00
Þrjú	4%	—	15. —	—	A — 115—117,	—	—	3.000.00
Tvö	4%	—	15. —	—	A — 415—416,	—	—	2.000.00
Fjögur	4%	—	15. —	—	C — 118—121,	—	—	400.00

Samkvæmt greindri tilkynningu til eignakönnunar var 4½% ríkisskuldabréf á kr. 200.00 eitt bréf, Ltr. D nr. 42, á kr. 100.00, og því kveður ákærði, að í yfirlitinu hafi misritazt kr. 200.00 fyrir kr. 100.00.

Samkvæmt tilkynningu til eignakönnunar voru 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara tvö bréf frá 1947, 3. fl. nr. 14—15.

Ákærði kveðst ekki muna sérstaklega eftir þeim kr. 1.236.46, sem í yfirlitinu eru taldar vera í sjóði hjá gjaldkera í árslok 1947. Heldur hann, að hann hafi lagt saman aðrar eignir sjóðsins og þá hafi vantað nefnda upphæð til jöfnunar og því hafi hann fært

hana sem verandi í sjóði hjá gjaldkera, þ. e. hjá ákærða, hvort sem fjárhæðin var fyrir hendi eða ekki.

Þá hefur ákærði enn fremur tilkynnt til eignakönnunar um áramótin 1947—1948 vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1. og 8. nóvember 1946, Ltr. A og B, samtals 5 bréf, þrjú að fjárhæð kr. 5.000.00 hvert og tvö að fjárhæð kr. 1.000.00 hvort, eða samtals að fjárhæð kr. 17.000.00. Ákærði kveðst ekkert muna eftir þessum vaxtabréfum og séu þau gersamlega honum úr minni. Hefur hann tekið fram í þessu sambandi, að hann hafi tilkynnt til eignakönnunar öll tilkynningarskyld verðmæti gagnfræðaskólans án þess að tilgreina, hvort þau tilheyrðu rekstrar-sjóði, byggingarsjóði eða öðrum sjóðum skólans.

Í töflu nr. XIII er ekki getið eigna í sparisjóðsbókum í árslok 1947, en ákærði hefur þó tilkynnt til eignakönnunar um áramótin innstæður áðurgreindra sparisjóðsávísanabóka nr. 2541 við Landsbanka Íslands, nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands h.f., svo og innlánskírteini nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 180 við Búnaðarbanka Íslands, samtals kr. 62.981.79, sem er í samræmi við töflu nr. XI. Innstæða sparisjóðsbókar nr. 20679 á nafni Sesselju Guðmundsdóttur, kr. 39.91, var eigi tilkynnt til eignakönnunar og hefur ákærði gefið þá skýringu á því, að innstæðan hafi þá verið orðin nær engin.

Samkvæmt upplýsingum viðkomandi banka voru innstæður eftirtalda sparisjóðsbóka og innlánskírteina tæmdar og bækur og skírteini eyðilögð:

Bók nr. 22693 við Útvegsbanka Íslands h.f. 16. október 1947.

Bók nr. 20679 við Landsbanka Íslands 24. janúar 1948.

Bók nr. 40927 við Landsbanka Íslands 23. október 1948.

Bók nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands 12. marz 1954.

Innlánskírteini nr. 180 við Búnaðarbanka Íslands 13. jan. 1949.

Innlánskírteini nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f. 14. jan. 1949.

Samkvæmt skýrslu endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins hafa eftirtalin bréf verið dregin út af fyrrgreindum verðbréfum rekstrarsjóðs:

TAFLA NR. XV.

4½ % Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 1 kr. 5.000.00, útdregið

4½ % Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 2 kr. 5.000.00, útdregið

2. jan. 1950.

2. jan. 1953.

- 4½% Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 3 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1955.
- 4½% Síldarverksmiðjubréf 1945 Ltr. B nr. 36 kr. 2.000.00, útdregið 2. jan. 1952.
- 4% Veðdeildarbréf 13. fl. Ltr. A nr. 1755 kr. 1.000.00, innl. 15. okt. 1954.
- 3½% Bréf Byggingarsjóðs verkamanna 1946 Ltr. A nr. 3 kr. 2.500.00, útdregið 2. jan. 1950.
- 4% Veðdeildarbréf 14. fl. Ltr. AA nr. 471 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1952.
- 4% Veðdeildarbréf 14. fl. Ltr. AA nr. 489 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1955.
- 4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. AA nr. 98 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1951.
- 4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. AA nr. 324 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1948.
- 4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. A nr. 117 kr. 1.000.00, útdregið 2. jan. 1953.
- 4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. A nr. 415 kr. 1.000.00, útdregið 2. jan. 1948.
- 4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. C nr. 119 kr. 100.00, útdregið 2. jan. 1950.
- 4½% Ríkisskuldabréf Ltr. D nr. 42 kr. 100.00, útdregið 2. jan. 1949.
- 5% Bréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. Ltr. 15 kr. 5.000.00, útdregið 1. okt. 1951.
- 3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 608 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.
- 3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 652 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.
- 3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 653 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.
- 3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. B nr. 1899 kr. 1.000.00, útdregið 8. nóv. 1951.
- 3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. B nr. 1900 kr. 1.000.00, útdregið 8. nóv. 1951.

Samkvæmt þessu nemur samanlögð fjárhæð útdreginna verðbréfa rekstrarsjóðs kr. 64.700.00. Hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið við þessu andvirði, og kveðst hann hafa blandað því saman við aðrar fjárreiður gagnfræðaskólans.

Eftirtalin verðbréf rekstrarsjóðs hafa ekki verið dregin út:

TAFLA NR. XVI.

4%	veðdeildarbréf	13. fl. Ltr. A nr. 1754	kr. 1.000.00
4%	—	14. — — AA —	488 — 5.000.00
4%	—	14. — — AA —	490 — 5.000.00
4%	—	14. — — AA —	491 — 5.000.00

Ákærði hefur ekki staðið skil á verðbréfum þessum, og kveðst hann ekkert geta sagt um, hvar þau eru niður komin. Er heldur ekkert vitað, hvað um þau hefur orðið.

Verður nú gerð grein fyrir þeim eignum rekstrarsjóðs, sem komið hafa fram.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur greint á milli eigna, sem vitað var um, að til voru í rekstrarsjóði, áður en dómsrannsókn hófst í málinu annars vegar og eigna, sem afhentar hafa verið til dómara í rekstri málsins hins vegar.

Við athugun endurskoðunardeildar á bókum og skjölum þeim, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, kom fram, að til voru eftirtaldar eignir upp í rekstrarsjóðinn:

TAFLA NR. XVII.

1.	Skuldabréf, útgefið af Guðmundi Þorlákssyni 2. maí 1947 (sbr. síðar í X. kafla), að eftirstöðvum (vextir greiddir til 2. maí 1954)	kr. 90.000.00
2.	Innstæða í sparisjóðsávísanabók nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f., incl. vextir til 31. desember 1954	— 2.048.84
3.	Innstæða í sparisjóðsávísanabók nr. 2541 við Landsbanka Íslands, incl. vextir til 31. desember 1954	— 679.00
4.	Innstæða í sparisjóðsbók nr. 8205 við Útvegsbanka Íslands h.f., incl. vextir til 31. desember 1954	— 153.00
5.	Peningar, sem voru í umslögum, er fylgdu sparisjóðsbókum og öðrum skjölum, er tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, kr. 3.500.00 + kr. 1.500.00. Lagðir af endurskoðun í sparisjóðsbók nr. 25552 við Útvegsbanka Íslands h.f. 7. marz 1955	— 5.000.00

Kr. 97.880.84

Ákærði hefur í rannsókn málsins afhent til dómara upp í rekstrarsjóðinn eftirtaldar eignir:

TAFLA NR. XVIII.

Hinn 9. júní 1955:

4%	veðdeildarbréf	13. fl. Ltr. A nr. 1751	kr. 1.000.00
4%	—	13. — — A — 1752	— 1.000.00
4%	—	13. — — A — 1753	— 1.000.00
4%	—	13. — — B — 119	— 500.00
4%	—	14. — — AA — 470	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 482	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 483	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 484	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 485	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 486	— 5.000.00
4%	—	14. — — AA — 487	— 5.000.00
4%	—	15. — — AA — 99	— 5.000.00
4%	—	15. — — AA — 322	— 5.000.00
4%	—	15. — — AA — 323	— 5.000.00
4%	—	15. — — AA — 325	— 5.000.00
4%	—	15. — — AA — 326	— 5.000.00
4%	—	15. — — A — 115	— 1.000.00
4%	—	15. — — A — 116	— 1.000.00
4%	—	15. — — A — 416	— 1.000.00
4%	—	15. — — C — 118	— 100.00
4%	—	15. — — C — 120	— 100.00
4%	—	15. — — C — 121	— 100.00
4%	bréf Byggingarsjóðs verkam.	1946 Ltr. nr. 3	— 5.000.00
4%	—	— 1946 — — 4	— 5.000.00
4%	—	— 1946 — — 5	— 5.000.00
4%	—	— 1946 — — 6	— 5.000.00
3½%	-	— 1946 — — 4	— 2.500.00
3½%	-	— 1946 — — 5	— 2.500.00
3½%	-	— 1946 — — 6	— 2.500.00
5%	bréf Byggingarsamvinnufé-		
	lags barnakennara	1947 — — 14	— 5.000.00

Hinn 13. júní 1955:

Áðurgreint handhafaskuldabréf útgefið af Jóni Benediktssyni og Helga Benediktssyni 14. maí 1946, að eftirstöðvum pr. 14. maí 1954 . . . — 3.253.00

Hinn 16. júní 1955:

afhenti ákærði Sveinbirni Sigurjónssyni, settum skólastjóra Gagnfræðaskóla Austurbæjar, 1634 skólamerki úr silfri á kr. 15.00 stykkið,

eign skólasjóðs, samtals	kr. 24.510.00
Þá afhenti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hinn 20. ágúst 1955 til dómara 4½% ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 4	— 5.000.00

Samtals kr. 132.063.00

Öllum þeim verðbréfum, sem talin eru í töflu nr. XVIII, fylgja áfastir vaxtamiðar frá áramótum 1954—1955, nema með bréfi Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, en því fylgja vaxtamiðar frá 1. október 1954.

Ákærði hefur borið það, að verðbréf þau, sem hann afhenti til dómara 9. júní 1955, hafi ekki verið heima hjá honum eða í gagnfræðaskólahúsinu, þegar þangað var farið 4. marz sama ár. Hefur hann færzt undan að svara því, hvar bréfin voru geymd, en hann kveður, að þau hafi aldrei verið týnd.

Ákærði kveður, að handhafaskuldabréf, útgefið af Jóni Benediktssyni og Helga Benediktssyni, sem ákærði afhenti til dómara 13. júní 1955, svo og skuldabréf, útgefið af Guðmundi Þorlákssyni, hafi bæði verið geymd í umslagi í miðskúffu skrifborðs ákærða heima í skrifstofu hans.

Samkvæmt framansögðu nema eignir upp í rekstrarsjóð gagnfræðaskólans samtals kr. 229.943.84.

E-liður.

Verða nú raktir framburðir endurskoðenda ársreikninga gagnfræðaskólans og annarra skólanefndarmanna.

Vitnið Hallbjörn Halldórsson prentari, Hverfisgötu 21, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1944—1945 að þeim árum meðtöldum og jafnan endurskoðandi ársreikninganna. Þá var vitnið Guðni Jónsson skólastjóri, Drápuhlíð 5, hér í bæ, í skólanefnd skólaárin frá 1933—1934 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður, og öll árin nema hið seinasta endurskoðandi ársreikninga skólans.

Bæði þessi vitni hafa borið það, að ákærði hafi haft mest ráð um fjárstjórn skólans, en hann muni hafa borið undir skólanefndina þau mál, sem sérstök útgjöld höfðu í för með sér.

Vitnin kveða, að endurskoðun ársreikninga skólans hafi jafnan farið fram heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Vitnin hafi athugað tekjur og gjöld og borið saman fylgiskjöl við ársreikning, svo og lagt saman niðurstöður reiknings til að ganga

úr skugga um, að rétt væri reiknað. Vitnin minnir, að þau hafi einnig athugað, að sjóður væri réttur í lok skólaárs. Vitnið Hallbjörn Halldórsson kveður, að þau hafi athugað sparisjóðsbækur skólans og reiðufé, sem geymt hafi verið í sérstökum kassa, og hafi alla jafna verið sáralítið fé í honum, en um sparisjóðsbækurnar man vitnið ekkert nánar. Vitnið Guðni Jónsson man ekki, hvort sjóður var nokkru sinni til í öðru en sparisjóðsbókum, og man ekkert nánar um þær. Þegar vitnin höfðu lokið starfi sínu og ekkert athugavert getað séð við reikninginn, undirrituðu þau hann. Vitnið Guðni Jónsson kveður, að á næsta fundi skólanefnadar hafi reikningurinn verið lagður fram og samþykktur, en vitnið Hallbjörn Halldórsson man ekki sérstaklega eftir því, en kveður, að svo kunni þó að hafa verið.

Vitnin hafa staðfest áritanir sínar á ársreikninga rekstrar-sjóðs skólans í sjóðbókum þeim, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í því sambandi hafa vitnin tekið fram, að þau töldu sig sannreyna það hverju sinni, að fjárhæð sú, sem tilgreind var sem sjóðseign í hverjum ársreikningi, væri raunverulega fyrir hendi. Vitnið Hallbjörn Halldórsson hefur getið þess, að það muni ekki betur en vitnin legðu saman fjárhæðir sparisjóðsbókanna og peninganna í kassanum, sem ákærði sýndi þeim, til að sannfærast um, að sjóður væri rétt talinn og að gengið væri úr skugga um, að þetta væru bækur skólans. Vitnið Guðni Jónsson kveður, að vitnin hafi hlotið að gera sér grein fyrir því, að næg sjóðseign væri raunverulega fyrir hendi, eins og reikningurinn sagði til um, og man vitnið sérstaklega eftir því, að ákærði sýndi þeim sparisjóðsbækur til að sanna sjóðseignina, og hafi vitnin gengið út frá því, að þetta væru bækur skólans.

Þá bera vitnin, að þau hafi tekið ákærða alveg trúanlegan um, að hann færði í bókhald skólans allar þær tekjur og framlög, sem hann tók við úr bæjar- og ríkissjóði til skólans. Hafi vitnin verið svo sannfærð um og treyst því svo vel, að ákærði færði rétt allar tekjur og framlög til skólans í bókhald hans, að þeim hafi ekki komið til hugar að efast um það, að bókanir hans um það væru réttar, og að fá upplýsingar um það í endurskoðunardeildum ríkis og bæjar, við hverjum tekjum og framlögum hann tók í raun og veru úr sjóðum þessum til rekstrar skólans.

Vitnin bera, að skólanefnindin hafi haldið um 2—3 fundi á skólaári, og hafi þeir verið haldnir heima hjá ákærða. Nefndin hafi

haldið gerðabók, og kveðst vitnið Hallbjörn Halldórsson hafa fært hana í mörg ár, en vitnið minnir, að seinast hafi Einar Magnússon fært hana. Vitnið Guðna Jónsson minnir, að Einar hafi lengst af ritað fundargerðir. Vitnið Hallbjörn Halldórsson kveður, að bókanir hafi verið örstuttar, en ályktanir nefndarinnar hafi verið nákvæmlega bókaðar. Vitnið minnir, að sama bókin hafi verið notuð allan tímann og að hún hafi verið geymd hjá ákærða. Þau vita ekki, hvar bókin er nú niður komin.

Hvorugt vitnið minnst þess, að ákærði hafi nokkru sinni haft orð á því við þau, að fylgiskjöl reikninga rekstrarsjóðs skólans hefðu eyðilagzt eða glatazt.

Vitnið Einar Magnússon menntaskólakennari, Skeggjagötu 11, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður, og var skólaárið 1945—1946 endurskoðandi ársreikninga skólans.

Vitnið kveður, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans, en minnir, að skólanefnd hafi verið kvödd til, þegar um óvenjulegar eða sérstakar fjárgreiðslur var að ræða.

Vitnið telur líklegt og gengur út frá því, að ársreikningar skólans hafi verið lagðir fram í skólanefnd, þegar búið var að endurskoða þá, og hún síðan samþykkt þá.

Vitnið kveður, að endurskoðun þess og Guðna Jónssonar á reikningi skólans skólaárið 1945—1946 muni hafa farið fram heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Það man nú ekki eftir því, hvernig endurskoðun þeirra var framkvæmd í einstökum atriðum, en reiknar með því, að þeir hafi athugað tekjur og gjöld skólans og borið saman við fylgiskjöl svo og athugað samlagningu talna. Að endurskoðun lokinni undirrituðu þeir reikninginn.

Vitnið hefur staðfest áritun sína á ársreikning rekstrarsjóðs skólans á hinum lausu blöðum, sem tekin voru ásamt sjóðbókunum tveimur heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í því sambandi hefur vitnið tekið fram, að það telji líklegt, að þeir endurskoðendurnir hafi staðreynt, að kr. 329.474.96 væru í rekstrarsjóði í lok skólaárs 1945—1946, en man ekkert nánar um það, þar á meðal ekki, hvort ákærði sýndi þeim sparissjóðsbók eða bækur eða reiðufé við endurskoðunina.

Þá kveður vitnið, að þeir endurskoðendurnir hafi tekið ákærða alveg trúanlegan um það, að hann færði öll framlög úr bæjar- og ríkissjóði til rekstrar skólans í reikningshald hans. Hafi þeim ekki komið annað til hugar en að ákærði færði rétt öll

framlög úr bæjar- og ríkissjóði til skólans í bækur hans og því ekki kannað það hjá endurskoðunardeildum bæjar og ríkis, við hverjum framlögum hann tók í raun og veru úr greindum sjóðum.

Vitnið Gústaf Adolf Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Melhaga 16, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1933—1934, svo og frá 1942—1943 til 1944—1945 að þeim árum meðtöldum, og var fyrra tímabilið endurskoðandi ársreikninga skólans, en seinna tímabilið formaður nefndarinnar.

Vitnið hefur borið, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans og man ekki sérstaklega eftir því, að hann bæri undir nefndina nokkur sérstök útgjöld.

Vitnið kveður, að endurskoðun þess og hins endurskoðandans á reikningum skólans hafi verið framkvæmd heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Hún hafi verið fólgin í því, að þeir hafi athugað inn- og útborganir og borið saman við fylgiskjöl, en innborganir hafi þeir þó ekki staðreynt með því að leita upplýsinga hjá endurskoðunardeildum ríkis og bæjar. Vitnið man ekki, hvort þeir sannreyndu hina árlegu sjóðseign skólans eða hvort þeir létu nægja sögn ákærða um hana. Að endurskoðun lokinni undirrituðu þeir reikningana. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvort ársreikningarnir voru síðan lagðir fyrir skólanefnd, en telur það trúlegt.

Vitnið getur ekki sagt um, hvernig endurskoðun reikninga skólans var háttað seinna tímabilið, sem það var í skólanefndinni, en minnir þó, að hún hafi verið með sama hætti og fyrr. Vitnið man ekki, hvort reikningarnir voru þá lagðir fram á fundi skólanefndar eða hvort rætt var um þá í nefndinni. Vitnið man ekki, hver var sjóður skólans á seinna tímabilinu eða hvernig fjárhagsafkoma skólans var, en skynjan þess var sú, að hún væri allgóð. Vitnið kveðst ekki hafa áritað reikninga til greiðslu á meðan það var formaður skólanefndar.

Vitnið kveður — að lokinni athugun þess í dómi á ófærðum og vanbókuðum greiðslum úr ríkis- og bæjarsjóði til gagnfræðaskólans í sjóðbækur hans — að því hafi verið algerlega ókunnugt um þetta og það verið alveg grunlaust um, að bókhald ákærða væri ekki í lagi. Kveðst vitnið því ekki geta borið neitt um það mál.

Vitnið Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur, Miklubraut 56, hér í bæ, var í skólanefnd og formaður hennar skólaárin frá 1945—1946 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður.

Vitnið hefur borið það, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans, og man vitnið ekki sérstaklega eftir því, að ákærði bæri nokkur væntanleg útgjöld skólans undir skólanefnd, nema lán til Guðmundar Þorlákssonar, sbr. síðar í X. kafla.

Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að ársreikningar skólans væru lagðir fram eða ræddir í skólanefnd eða að tölur úr þeim væru lesnar á fundi hennar. Vitnið getur ekki borið um, hverjir kunni að hafa verið sjóðir skólans eða hvernig fjárhagsafkoma skólans var. Vitnið minnst þess ekki, að rætt væri nokkru sinni um, að fjárhagur skólans væri erfiður, og skynjan vitnisins var sú, að fjárhagur hans væri ekki slæmur. Vitnið man heldur ekki til þess að hafa séð sjóðbækur skólans eða rekstrarreikninga hans fyrr en í dómnum.

Vitnið Björn Sigfússon háskólabókavörður, Aragötu 1, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1945—1946 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður.

Vitnið hefur borið það, að ákærði hafi haft mest ráð um fjárstjórn skólans og hafi hann skýrt nefndinni nokkrum sinnum frá áföllnum útgjöldum, og man vitnið ekki til þess, að í nefndinni yrði nokkru sinni ágreiningur við hann um slík útgjöld. Vitnið minnst þess ekki sérstaklega, að ákærði leitaði samþykkis nefndarinnar á ákveðnum væntanlegum útgjöldum, nema á láni til Guðmundar Þorlákssonar.

Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að það sæi bókhald eða ársreikninga skólans. Þó minnst vitnið þess, að ákærði las á fundi skólanefndar upp tölur úr reikningshaldi skólans, og gengur vitnið út frá því, að þær hafi verið úr ársreikningi hans. Vitnið man, að ákærði sagði við slíkt tækifæri, að í sjóði væri tiltekin fjárhæð, sem það man nú ekki hver var. Þá minnst vitnið þess, að Einar Magnússon sagði einu sinni á skólanefndarfundi: „Reikningar þessir hafa verið endurskoðaðir og ekkert fundizt athuga-vert við þá.“ Telur vitnið, að þetta hafi hlotið að vera ársreikningar skólans. Annað kveðst vitnið ekki geta borið um fjárhag skólans.

Vitnið Einar Magnússon kveður, að fundir skólanefndar á skólaári hafi verið fáir aðeins, vitnið Gústaf Adolf Sveinsson, að þeir hafi verið um tveir til þrír að tölu, og vitnið Sigurður Þórarinsson kveður, að þeir hafi verið allt að einn á mánuði, og vitnið Björn Sigfússon, að þeir hafi verið á tveggja til þriggja mánaða fresti að vetrinum. Öllum fjórum vitnunum ber saman

um, að fundirnir hafi verið haldnir heima hjá ákærða, en vitnin Sigurður Þórarinnsson og Björn Sigfússon muna þó eftir einum eða tveimur fundum í skólahúsinu, og vitnið Gústaf Adolf Sveinsson bætir því við, að fundartíminn hafi venjulega verið sunnudagsmorgnar. Þá bera öll vitnin fjögur, að nefndin hafi haldið gerðabók, og þrjú vitnanna, að bókanir hafi verið stuttar. Vitnið Einar Magnússon kveðst hafa verið ritari í mörg ár. Öll vitnin bera, að bókin muni hafa verið geymd hjá ákærða milli funda, en þau vita ekki, hvað orðið hefur af bókinni, og er ekki vitað, hvar hún er nú niður komin.

Vitnin Gústaf Adolf Sveinsson, Sigurður Þórarinnsson og Björn Sigfússon minnst þess ekki, að ákærði hefði nokkru sinni orð á því, að einhver fylgiskjöl með reikningum skólans hefðu eyðilagzt eða glatazt, en ekkert hefur verið bókað eftir vitninu Einari Magnússyni um það atriði.

F-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit yfir rekstrarsjóð gagnfræðaskólans, að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið.

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XIX.

Leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946 ..	kr. 588.966.60	
Vextir af bókum, skírteinum		
og verðbréfum árið 1946	kr. 5.071.70	
Í sjóðbók 1946—1947 eru tilfærðir		
vextir	— 1.069.70	
		<hr/>
Mismunur ófærðir vextir til sjóðbókar	— 4.002.00	— 4.002.00
		<hr/>
		— 592.968.60
Hér í vextir verðbréfa 1946, innifaldir í vöxtum,		
sbr. bls. 38 í dskj. nr. 191	— 2.052.52	
		<hr/>
		kr. 590.916.08
Lækkun (sbr. töflu nr. X)	— 16.916.46	
		<hr/>
		kr. 573.999.62
Vextir af sparisjóðsbókum og innlánskírteinum		

1947	kr.	1.442.41
Vextir af skuldabréfi Guðmundar Þorlákssonar frá 2. maí 1947 til 2. maí 1954	—	33.800.00
Vextir af skuldabréfi Jóns Benediktssonar og Helga Benediktssonar frá 14. maí 1947 til 14. maí 1954	—	3.334.41
Vextir af verðbréfum (útdráttarbréfum) frá 1. janúar 1946 til 31. desember 1954	—	49.331.52
Áætlaðir vextir af veittum lánnum:		
1) Vextir af tveimur víxillánnum, hvort upphaflega að fjárhæð kr. 25.000.00, til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar (sbr. nánar í VIII. kafla)	ca —	5.000.00
2) Vextir af víxilláni til Þorsteins Halldórssonar (sbr. nánar í IX. kafla)	ca —	3.000.00
Vextir af sparisjóðsbókum og innlánskírteinum frá 1. janúar 1948 til 31. desember 1954	—	1.564.80
	kr.	671.472.76
Afhentar eignir (sbr. XVII. og XVIII. töflu)	—	229.943.84
	kr.	441.528.92
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 8205 við Útveggsbanka Íslands h.f., yfirfærð á byggingarsjóð (sbr. V. kafla)	—	153.00
Samtals sjóðvöntun í rekstrarsjóð	kr.	441.681.92

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan í A—E-lið í þessum kafla, sbr. V. kafla um innstæðu sparisjóðsbókar nr. 8205 í Útveggsbankanum, VIII. kafla um lán til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar, og IX. kafla um lán til Þorsteins Halldórssonar, verður þetta yfirlit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins í töflu nr. XIX lagt til grundvallar í málinu. Þó athugast, að misritazt hefur leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946, kr. 588.966.60 fyrir kr. 588.966.61 og því ætti sjóðvöntun í rekstrarsjóð samtals að hækka sem því nemur í kr. 441.681.93.

Sjóðvöntun verður talin hefjast 5. september 1941, er ákærði tók við kr. 1.878.38, sem hann færði eigi í sjóðbók, sbr. töflu nr. III.

IV. KAFLI.

A-liður.

Á árinu 1939 byggði Gagnfræðaskólinn í Reykjavík skála á landi, sem hann hafði keypt við Leirvogsvatn í Kjalarneshreppi. Var tilgangurinn sá, að nemendur skólans stunduðu þaðan skíðaferðir og ynnu þar við einhverja vinnu að vorlagi. Var skálinn kallaður Skólaselið Múli, og var allur kostnaður við hann fyrst í stað greiddur úr rekstrarsjóði skólans.

Árið eftir gekkst ákærði fyrir því, að farið var að innheimta kr. 5.00 af hverjum nemanda skólans á skólaári, sem leggja skyldi í sérstakan sjóð, sem síðar hlaut nafnið Nemendasjóður I til aðgreiningar frá öðrum sjóðum nemenda. Skyldi verja sjóðnum til skólaselsins. Gjöldin voru kölluð nemendagjöld eða skíðaskálagjöld, og innheimti hver kennari þau hjá þeim bekk, sem hann hafði umsjón með. Gjöldin voru frjálst framlag hvers nemanda, en þeir munu þó almennt hafa litið svo á, að þeim væri skylt að greiða þau.

Nokkurum árum síðar hækkaði ákærði gjaldið úr kr. 5.00 í kr. 15.00 fyrir hvern nemanda. Kveður hann, að það hafi verið á skólaárinu 1943—1944 eða 1944—1945, en vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, kennari í skólanum, kveður, að það hafi gerzt um eða rétt fyrir árið 1950.

Eftir árið 1944 færðust skíðaferðir nemenda skólans mjög yfir á Hellisheiði, en notkun selsins „Múla“ lagðist niður á fáeinum árum. Hrakaði viðhaldi selsins og eftirliti með því, unz það var rífið vorið 1955.

Meðal þeirra gagna, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var sjóðbók Nemendasjóðs I, og var hún auðkennd „Skólaselið Múli“. Nær bókin yfir tímabilið frá 31. desember 1940 til 25. maí 1950. Tekjurnar eru ýmist nefndar nemendasjóðsgjöld eða skíðaskálagjöld.

Samkvæmt sjóðbókinni er eign sjóðsins talin vera eins og hér segir:

TAFLA NR. XX.

31. desember	1940	kr.	92.92
31.	—	1941 —	2.373.24
31.	—	1942 —	2.654.06
31.	—	1943 —	5.744.64
31.	—	1944 —	8.795.26

31. desember	1945	kr. 16.436.79
31. —	1946	— 23.516.51
31. —	1947	— 23.627.25
31. —	1948	— 27.857.25
31. —	1949	— 38.064.92
25. maí	1950	— 47.342.38

Ákærði hefur borið, að hann hafi sjálfur fært þessa sjóðbók og hafi hann ekki haldið aðra bók eða gert annað reikningshald um Nemendasjóð I. Hann hafi fært í bókina allar innkomnar tekjur sjóðsins, og sé sennilegt, að byrjunarfærslan, kr. 92.92, hafi verið hagnaður af skemmtun, sem nemendur hafi haldið. Hins vegar kveðst hann ekki hafa fært öll útgjöld í bókina, og hefur hann ekki gert aðra grein fyrir því en þá, að annríki hans hafi verið mikið og mörg störf kallað að.

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur talið, að gjöld í sjóðbókinni séu oftalin um samtals kr. 8.859.00, því að eftirtaldir kostnaðarliðir séu einnig færðir til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs skólans:

1944	1. febrúar	kr. 1.615.00
1946	18. janúar	— 944.00
1948	28. júní	— 6.300.00

Enn fremur séu tekjuliðir ekki rétt lagðir saman í sjóðbókinni í sundurliðun ársins 1948. Útkoma samlagningar sé kr. 34.157.25, en eigi að vera kr. 31.142.25. Eign í sjóði sé því hér oftalin um kr. 3.015.00, og eigi því færslur sjóðseigna í lok áráanna 1949 og 1950 að breytast í samræmi við það.

Niðurstaða forstöðumannsins er því sú, að eign í sjóðbók Nemendasjóðs I sé vantalin um kr. 8.859.00 að frádregnum kr. 3.015.00, þ. e. um kr. 5.844.00.

Ákærði hefur viðurkennt greinda samlagningarskekkju tekna sjóðsins árið 1948. Á hinn bóginn kveðst hann ekki geta skilið, að gjaldaliðirnir kr. 1.615.00 1. febrúar 1944 og kr. 944.00 18. janúar 1946 séu tvífærðir. Hér muni vera um kaupverð skíða og teppa að ræða, og telji hann líklegt, að því hafi verið skipt til helminga milli rekstrarsjóðs skólans og Nemendasjóðs I. Þá kveður ákærði, að útgjöld kr. 6.300.00 28. júní 1948 sé kostnaður vegna framræslu á landi, sem hann hafi fært til útgjalda á rekstrarreikningi skólans það ár, en 2—3 árum síðar hafi fjármála-

eftirlit skóla gert athugasemdir við þessa færslu, og hafi hann þá endurgreitt bæjarsjóði fjárhæðina og fært hana Nemendasjóði I til gjalda.

Engin fylgiskjöl eru til frá því tímabili Nemendasjóðs I, þegar greindar kr. 1.615.00 og kr. 944.00 eru færðar sjóðnum til gjalda, en fram kemur í málinu, að í janúar 1946 hefur ákærði gefið út tékka á bók nr. 200 í Útvegsbanka Íslands h.f., að fjárhæð kr. 944.00. Þá hefur fjármálaeftirlit skóla ekki fært fram sérstakan rökstuðning fyrir því, að nefndar kr. 1.615.00 séu tvítaldar.

Þykir dóminum því varhugavert að telja sannað, að fjárhæðir þessar séu tvítaldar, og ber því að leggja færslur ákærða á þeim í sjóðbók til grundvallar í málinu.

Þá kemur það fram í málinu, að sama dag, 28. júní 1948, sem Nemendasjóði I eru færðar kr. 6.300.00 til gjalda vegna framræslu á landi, er sama fjárhæð, kr. 6.300.00, einnig greidd úr rekstrarsjóði vegna framræslu á landi. Hér verður að telja, að sama fjárhæðin hafi verið tvífærð til gjalda, og hefur hún þegar komið til frádráttar rekstrarsjóði, sbr. sundurliðun á frádrætti, að fjárhæð kr. 48.479.07, í III. kafla B-lið hér að framan.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er eign í sjóðbók Nemendasjóðs I vantalín um kr. 6.300.00 að frádragnum kr. 3.015.00, þ. e. um kr. 3.285.00. Nemur því leiðrétt sjóðseign 25. maí 1950 kr. 50.627.38.

B-liður.

Ákærði kveðst hafa hætt að færa sjóðbókina fyrir Nemendasjóð I á árinu 1950, af því að nemendagjöldin runnu þá ekki lengur til skólaselsins „Múla“. Eftir það færði hann enga bók og gerði ekkert reikningshald yfir sjóðinn, en þó var haldið áfram að innheimta 15 krónu gjöldin til hans og afhenda þau ákærða.

Frá og með skólaárinu 1949—1950 innheimtu umsjónarkennarar skólans hjá sérhverjum nemanda kr. 10.00 á ári, um leið og þeir innheimtu 15 króna gjaldið til Nemendasjóðs I. 10 króna gjaldið rann til Nemendafélags skólans, og tók vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, sem var eftirlitsmaður með fjárreiðum félagsins, við þeim peningum. Kveður vitnið, að meginþorri nemenda hafi greitt bæði gjöldin, og hafi það ekki komið fyrir, að nemandi hafi greitt annað gjaldið aðeins, en ekki hitt.

Samkvæmt upplýsingum vitnisins hafa nemendafélagsgjöldin verið á hverju einstöku skólaári, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXI.

Ár 1949—1950	kr. 7.050.00
— 1950—1951	— 6.270.00
— 1951—1952	— 6.531.00
— 1952—1953	— 5.560.00
— 1953—1954	— 5.650.00

Ákærði hefur fært í sjóðbók Nemendasjóðs I, að á skólaárinu 1949—1950 hafi innheimt sjóðsgjöld numið kr. 10.575.00, en eins og áður segir, námu nemendafélagsgjöldin það ár kr. 7.050.00. Hlutfall þessara fjárhæða er nákvæmlega $\frac{3}{5}$ á móti $\frac{2}{5}$, þ. e. sama hlutfall og á milli nemendasjóðsgjalda I og nemafélagsgjalda, kr. 15.00 á móti kr. 10.00.

Samkvæmt því, sem nú var greint, hefur forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla áætlað sama hlutfall milli nemendasjóðsgjalda I og nemendafélagsgjalda hin skólaárin fjögur, þ. e. að fyrrnefndu gjöldin hafi þá numið, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXII.

Ár 1950—1951	kr. 9.405.00
— 1951—1952	— 9.796.50
— 1952—1953	— 8.340.00
— 1953—1954	— 8.475.00

Samtals kr. 36.016.50

Ákærði hefur ekki rengt þessa áætlun forstöðumannsins, og verður hún lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þessu hafa gjöld til Nemendasjóðs I á tímabilinu frá skólaári 1950—1951 til skólaárs 1953—1954, að báðum árum meðtöldum, numið samtals kr. 36.016.50.

Ákærði hefur borið það, að innheimt gjöld nemenda til Nemendasjóðs I á skólaárinu 1954—1955 hafi numið, þegar hann lét af störfum, kr. 11.975.00, og hefur það ekki verið vefengt. Fjárhæð þessa afhenti hann vitninu Sveinbirni Sigurjónssyni, settum skólastjóra, þann 18. marz 1955.

C-liður.

Ákærði kveðst ekki hafa fært ýmis gjöld Nemendasjóðs I til gjalda í sjóðbók og enn fremur hafi hann greitt úr sjóðnum ýmis gjöld, eftir að hann hætti að færa bókina.

Í fyrsta lagi séu þetta útgjöld vegna bókasafns skólans, en það er í tvennu lagi, bókasafn nemenda og bókasafn á kennarastofu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hafa framlög ákærða til bókasafns skólans verið, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXIII.

1) Bækur, afhentar við stofnun bókasafns nemenda í desember 1951, samkvæmt skrá og verðlagningu vitnisins Helga Þorlákssonar	kr.	2.719.00
2) Bækur, afhentar síðar til bókasafns nemenda, samkvæmt skrá vitnisins Helga Þorlákssonar og verðlagningu Ólafs Hjartar bókavarðar	—	9.099.50
3) Peningar, afhentir vitninu Helga Þorlákssyni til bókakaupa, fyrst kr. 1.000.00, en síðan kr. 500.00	—	1.500.00
4) Bækur á kennarastofu samkvæmt skrá vitnisins Helga Þorlákssonar og verðlagningu Ólafs Hjartar bókavarðar	—	4.767.50
5) Bækur, keyptar af vitninu Guðmundi Þorlákssyni fyrir	—	500.00
		<hr/>
	Kr.	18.586.00
Hér frá dragast bækur, keyptar fyrir tillag úr Nemendasjóði, afhent vitninu Sveinbirni Sigurjónssyni	—	5.000.00
		<hr/>
	Kr.	13.586.00
Einnig dragast hér frá bækur, sem greiddar hafa verið úr rekstrarsjóði skólans, samtals að fjárhæð	—	11.224.65
		<hr/>
	Kr.	2.361.35

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur ekki talið fært að telja framlag frá ákærða til bókasafnsins hærra en nemur fyrrgreindum peningafjárhæðum, samtals kr. 1.500.00. Hann hefur þó talið vera möguleika á, að mismunurinn á greindum kr. 2.361.35 og kr. 1.500.00, þ. e. kr. 861.35, sé einnig óbókfært fé, sem ákærði hefur greitt til safnsins, og telur dómurinn varlegast að telja, að svo sé.

Þá verður að telja sannað með framburðum vitnisins Helga

Þorlákssonar og ákærða, að líklega á árunum 1951—1952 festi ákærði kaup á 35 eintökum af tiltekinni nótnabók til afnota við söngkennslu í skólanum. Kveður ákærði, að eintakið hafi kostað kr. 25.00 eða kr. 30.00, því að heildarverð þeirra hafi numið kr. 875.00 eða kr. 1.050.00. Þessi útgjöld hafa ekki verið færð rekstrarsjóði skólans til gjalda, og þykir því verða að fallast á það hjá ákærða, að kaupverðið hafi verið tekið úr Nemendasjóði I. Þykir ekki fært að telja, að kaupverðið hafi numið hærri fjárhæð en kr. 875.00.

Samkvæmt framansögðu hafa ófærðar greiðslur úr Nemendasjóði I til bókasafnsins numið kr. 2.361.35 + kr. 875.00, eða samtals kr. 3.236.35.

Í öðru lagi kveðst ákærði hafa greitt úr Nemendasjóði I ýmis gjöld, sem hvílt hafi persónulega á nemendum vegna félagsstarfsemi í skólanum eða af öðrum ástæðum. Lýsti ákærði því fyrst yfir í sakadómi 25. maí 1955, að hann hvorki gæti né vildi skýra nánar frá þessum greiðslum, og hefði honum aldrei dottið í hug að færa þær til bókar.

Hann hefur þó síðar í rekstri málsins afhent eða vísað á eftirtalda reikninga eða kvittanir, sem hann kveður, að greiddar hafi verið af fé Nemendasjóðs I, en hvergi verið færðar til gjalda:

TAFLA NR. XXIV.

1)	3 reikningar v/skólaselnsins Múla 1952—1953 ..	kr.	179.50
2)	2 — v/bókakaupa 1949 og 1950	—	157.00
3)	4 — v/árshátíðar nemenda 1948	—	2.533.83
4)	3 — v/árshátíðar nemenda 1950	—	2.327.20
5)	4 — v/annarra skemmtana nemanda 1948 og 1950	—	2.209.40
6)	12 — v/útgjalda skólans eða nemenda .	—	399.75
7)	31. desember 1950: Greitt iðgjald til Brunabótafélags Íslands ..	—	40.25
8)	27. desember 1951: Greitt iðgjald til Brunabótafélags Íslands ..	—	53.50
9)	14. marz 1949: Greitt árstíllag til Búnaðar- félags Kjalarneshrepps	—	50.00
10)	18. marz 1950: Greitt árstíllag til Búnaðar- félags Kjalarneshrepps	—	50.00
11)	20. september 1954: Greitt inn á reikning vegna segulbandstækja	—	2.125.00
12)	16. janúar 1953: Fjölrítuð kort fyrir félagsvist		

	vegna bindindisfélags skólans ..	kr.	60.00
13)	15. júní 1953: Greiðsla fyrir myndatöku á árshátíð nemenda 1953	—	475.00
14)	Keyptar hljómplötur (án fylgiskjala)	—	315.00
			<hr/>
		Samtals kr.	10.975.43

Reikningana, 27 að tölu, sem taldir eru í 1.—6. lið töflunnar, afhenti ákærði í sakadómni 29. júlí 1955, og kvaðst hann hafa þá stuttu áður fundið þá í umslagi í stórum skáp í herbergi skólastjóra í gagnfræðaskólanum.

Kvittanirnar fyrir greiðslum þeim, sem taldar eru í 7.—13. lið töflunnar, voru meðal þeirra skjala og skilríkja, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955.

Hljómplöturnar, sem taldar eru í 14. lið töflunnar, kveður ákærði hafa verið safn úrvalstónsmíða til afnota í söngstofu, sbr. 2. tölulið í dskj. nr. 154.

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur talið, að verja hafi mátt fé Nemendasjóðs I til greiðslunnanna í 1.—2. lið og 6.—14. lið í töflu nr. XXIV, samtals að fjárhæð kr. 3.905.00, og því komi hún til frádráttar á innstæðu sjóðsins. Hins vegar vanti gögn um tekjur og gjöld árshátíða þeirra og annarra skemmtana, sem um ræðir í 3.—5. lið töflunnar, og því sé erfitt að segja til um réttmæti þar talinna greiðslna, samtals að fjárhæð kr. 7.070.43, og talið tæplega fært að láta þær koma til frádráttar á innstæðu Nemendasjóðs I. Dómurinn telur þó varlegast að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta seinasta atriði, þannig að allar greiðslurnar, sem taldar eru í töflu nr. XXIV, samtals að fjárhæð kr. 10.975,43 komi til frádráttar á innstæðu Nemendasjóðs I.

Þá kveður ákærði, að halli hafi oft verið á ferðalögum nemenda á vorin, og af því tilefni hafi hann í eitt skipti greitt kr. 1.800.00 úr Nemendasjóði I og í nokkur skipti lægri fjárhæðir. Vitnið Vignir Andrésón, Egilsgötu 22, hér í bæ, kennari í skólanum, kveður, að halli hafi oft verið á þessum vorferðalögum nemenda, stundum nokkur hundruð eða jafnvel nokkur þúsund krónur, og einu sinni á árunum 1945—1950, þegar farið var norður í land, hafi hann numið um kr. 3.000.00. Ákærði hafi greitt þenna halla, en úr hvaða sjóði, kveðst vitnið ekki vita. Samkvæmt þessu má telja upplýst, að ákærði hefur greitt halla af vorferðalögum nemenda, og hafi hann samkvæmt frásögn

ákærða verið greiddur úr Nemendasjóði I. Á hinn bóginn þykir skorta mjög á nægar upplýsingar um það, hve mikið fé ákærði hefur greitt út af þessum ástæðum, og samkvæmt áðursögðu verður ekki talið sannað, að fjárhæðin hafi verið hærri en kr. 3.000.00.

Ákærði hefur ekki fært fram gögn, sem sýna, að hann hafi innt af hendi frekari greiðslur vegna nemenda eða skólans úr Nemendasjóði I en nú hafa verið taldar, og kemur því frekari frádráttur á innstæðu sjóðsins ekki til álita.

Skólanefnd eða einstakir skólanefndarmenn höfðu engin afskipti af tekjum og gjöldum Nemendasjóðs I eða reikningshaldi hans. Sjálfur kveðst ákærði hafa tekið ákvörðun um það, hvernig varið var fé úr sjóðnum, og haft hliðsjón af óskum nemenda um ráðstöfun hans. Ákærði hefur neitað því að hafa varið nokkru fé úr sjóðnum í eigin þarfir eða til annars en í þágu gagnfræðaskólans og nemenda hans, sbr. þó hins vegar það, sem rakið verður síðar í VI. og XVIII. kafla.

D-liður.

Verður nú vikið að eignum Nemendasjóðs I.

Ákærði hefur borið það, að eign Nemendasjóðs I hafi einkum verið sparisjóðsbók nr. 31488 við Landsbanka Íslands, og var skráður eigandi hennar Nemendasjóður Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Kveðst ákærði hafa um margra ára skeið lagt skóla-selsgjöld (nemendasjóðsgjöld) í þá bók.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans taka viðskiptafærslur bókarinnar yfir tímabilið frá 15. maí 1940 til 24. marz 1948. Innstæða hennar var í lok hvers árs, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXV.

31. desember 1940	kr.	92.92
31. — 1941	—	2.373.24
31. — 1942	—	2.654.06
31. — 1943	—	3.734.64
31. — 1944	—	4.825.26
31. — 1945	—	16.436.79
31. — 1946	—	16.765.51
31. — 1947	—	23.227.14

Við samanburð á innstæðu í sparisjóðsbók nr. 31488 (töflu nr. XXV) og á sjóðseign samkvæmt kassabók (töflu nr. XX) kemur í ljós þessi mismunur:

TAFLA NR. XXVI.

31.	desember	1940	Enginn mismunur
31.	—	1941	Enginn mismunur
31.	—	1942	Enginn mismunur.
31.	—	1943	Sparisjóðsinnstæða kr. 2.010.00 lægri.
31.	—	1944	Sparisjóðsinnstæða kr. 3.970.00 lægri.
31.	—	1945	Enginn mismunur.
31.	—	1946	Sparisjóðsinnstæða kr. 6.751.00 lægri.
31.	—	1947	Sparisjóðsinnstæða kr. 400.11 lægri.

Ákærði hefur ekki gert aðra grein fyrir þessum mismun á sparisjóðsinnstæðum og sjóðseign samkvæmt kassabók í lok árunna 1943, 1944, 1946 og 1947 en þá, að hann gæti legið í því, að ákærði hefði bókað innheimt gjöld í kassabók sem innkomin, en átt eftir að leggja þau í sparisjóðsbókina, en hann kveðst ekkert ákveðið muna um það.

Eftir árslok 1947 hættir ákærði að leggja innkomin gjöld nenda inn í sparisjóðsbókina, en vextir bætast við innstæðuna fyrir tímabilið frá 1. janúar 1948 til 24. marz sama ár, kr. 187.42. Ákærði færði þó vextina ekki til tekna í kassabókina, og telur hann, að það mun sjálfsagt hafa verið einhver mistök.

Hinn 24. marz 1948 tekur ákærði út alla innstæðu sparisjóðsbókarinnar, kr. 23.414.56, og er bókin eyðilögð. Sama dag leggur hann kr. 22.932.14 inn í sparisjóðsbók nr. 42816 í Landsbanka Íslands, sem bar nafn skólaselsins „Múla“. Hefur ákærði gert þá grein fyrir þessari breytingu, að honum hafi þótt réttara að hafa innstæðuna á nafni skólaselsins „Múla“ en á nafni Nemendasjóðs, enda hafi nemendur greitt upphæðina til selsins, en ekki til neins Nemendasjóðs. Hafi það vafalaust verið athugaleysi hans að kenna, að ekki var skipt um nafn eiganda fyrr, og þó að notkun skólaselsins væri orðin lítil, þegar hann loksins skipti um nafn eiganda innstæðunnar, hafi hann viljað, að hún yrði geymd á nafni selsins, hvað sem kynni að verða um selið. Ákærði kveðst ekki muna, hvers vegna hann lagði ekki alla innstæðu gömlu bókarinnar, kr. 23.414.56, inn í bókina, heldur aðeins kr. 22.932.14, en segir, að ef til vill hafi það stafað af því, að hann hafi sama dag vitað um áfallin útgjöld á Nemendasjóð I eða þá verið búinn að greiða þau og mismunurinn farið í þau.

Hinn 8. ágúst 1948 tók ákærði út úr sparisjóðsbók nr. 42816 kr. 20.000.00 og notaði fjárhæðina til að greiða vitninu Helga Þorlákssyni andvirði fjögurra 5% skuldabréfa Byggingarsamvinnu-

félags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 69—72, hvert á kr. 5.000.00, sem hann hafði keypt af því á kr. 18.000.00 samtals. Til viðbótar komu vextir frá 1. október 1947 til 1. júlí 1948, kr. 750.00.

Hinn 11. febrúar 1949 tók ákærði út úr greindri sparisjóðsbók kr. 3.500.00, en hann kveðst ekki muna, því það var gert. Innstæða bókarinnar var þá orðin kr. 494.92. Vextir af henni árið 1948, kr. 367.67, voru færðir í kassabókina.

Eftirtalдар eignir hafa komið fram upp í Nemendasjóð I:

TAFLA NR. XXVII.

1. Sparisjóðsbók nr. 42816 við Landsbanka Íslands var meðal þeirra skjala og skilríkja, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, með innstæðu	kr.	647.61
2. Hinn 9. júní 1955 afhenti ákærði í sakadómi fyrrgreind tvö 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 71 og nr. 72, samtals	—	10.000.00
3. Hinn 29. júlí 1955 afhenti ákærði í sakadómi fyrrgreind tvö 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 69 og nr. 70 (sjá nánar um bréf þessi í XVIII. kafla), samtals	—	10.000.00
4. Gjöld til Nemendasjóðs I fyrir skólaárið 1954—1955	—	11.975.00
		<hr/>
	Samtals	kr. 32.622.61

Skuldabréfunum fjórum, sem talin eru í 2.—3. lið hér að fram-
an, fylgdu vaxtamiðar, sem eigi voru fallnir í gjalddaga, þ. e.
frá 1. október 1954.

E-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit yfir Nemendasjóð I að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið samkvæmt framansögðu.

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XXVIII.

Í sjóði 25. maí 1950 eftir leiðréttingu sjóðbókar kr. 53.186.38

Áætlaðar tekjur sjóðsins frá skólaári 1950—1951 til skólaárs 1953—1954	kr.	36.016.50
Vanbókaðir vextir af sparisjóðsbók nr. 31488 frá 1. janúar 1948 til 24. marz sama ár	—	187.42
		<hr/>
	Alls	kr. 89.390.30
Ófærð útgjöld, kr. 1.500.00, + ýmsar greiðslur, kr. 3.905.00, koma til frádráttar	—	5.405.00
		<hr/>
Og verður þá sjóðurinn 31. desember 1954 án vaxta	—	83.985.30
Hér við bætist:		
Gengishagnaður af bréfum	—	2.000.00
Nemendagjöld skólaárið 1954—1955	—	11.975.00
		<hr/>
	—	97.960.30
Enn fremur bætist við:		
Vextir af sparisjóðsbók nr. 42816 árin 1949—1954 (eldri vextir voru bókaðir í sjóðbók)	—	152.69
Vextir af 4 skuldabréfum 5% Byggingarsamvinnu- félags barnakennara 1947 frá 1. október 1947 til 1. október 1954, að frádregnum keyptum vöxt- um frá 1. október 1947 til 1. júlí 1948, sbr. dskj. nr. 28	—	6,250.00
		<hr/>
	Samtals	kr. 104.362.99
Eignir afhentar upp í sjóðinn	—	32.622.61
		<hr/>
	Sjóðvöntun samtals	kr. 71.740.38

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, telur dómurinn, að breyta þurfi yfirliti þessu í tveimur greinum, það er 1) sjóðseign 25. maí 1950 verði kr. 50.627.38 í stað kr. 53.186.38 og 2) ófærð útgjöld + ýmsar greiðslur verði samtals kr. 17.211.78 í stað kr. 5.405.00. Að öðru leyti verður yfirlitið lagt til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu lækkar vöntun í Nemendasjóð I um samtals kr. 14.365.78 frá því, sem talið er í yfirlitinu, og verður því kr. 57.374.60.

Samanburður á töflum nr. XX og nr. XXV, sbr. töflu nr. XXVI, sýnir, að í lok árana 1943 og 1944 er innstæða sparisjóðsbókar nr. 31488 orðin lægri en sjóðseign samkvæmt sjóðbók (kassabók), en með tilliti til þess, að í árslok 1945 er sá munur horfinn,

þykir rétt að telja, að sjóðvöntun hefjist 31. desember 1946, þegar mismunur verður á ný og sjóðvöntun sýnist óslitin.

V. KAFLI.

A-liður.

Í 6. gr. laga nr. 68 7. maí 1928 um bráðabirgðaungmennafraeðslu í Reykjavík var meðal annars ákveðið, að skólanefnd skyldi undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir ungmennaskólann. Þá var ákveðið í 18. gr. laga nr. 48 19. maí 1930 um gagnfræðaskóla, að ríkissjóður léti á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa Gagnfræðaskólanum í Reykjavík, og skyldi ríkissjóður leggja fram $\frac{2}{5}$ hluta byggingarkostnaðar, allt að kr. 90.000.00, en Reykjavíkurbær $\frac{3}{5}$ hluta hans.

Ekkert varð þó úr þessum framkvæmdum um margra ára skeið. Kennslumálaráðherra mun þó hafa samþykkt uppdrætti af skólahúsi á árinu 1938.

Á árinu 1944 komst skriður á málið, og fékkst þá staður endanlega ákveðinn í Skólavörðuholti. Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur hinn 21. september það ár var enn fremur samþykkt tillaga um að láta byrja á byggingu fyrir Gagnfræðaskólann í Reykjavík á því ári og veita borgarstjóra heimild til þess að verja allt að kr. 200.000.00 í því skyni. Jafnframt fól bæjarstjórn skólanefnd gagnfræðaskólans að láta ganga frá uppdráttum að væntanlegri byggingu í samráði við borgarstjóra og bæjarráð og að annast annan nauðsynlegan undirbúning.

Með bréfi, dags. 22. september sama ár, tilkynnti borgarstjóri skólanefnd gagnfræðaskólans þessa samþykkt bæjarstjórnar og tók jafnframt fram, að vænzt væri, að nefndin hæfi þegar í stað umræddan undirbúning og gerði síðan tillögur um, hvernig framkvæmd verksins yrði háttað.

Með bréfi, dags. 10. maí 1945, sendi ákærði kennslumálaráðuneytinu nýja uppdrætti af gagnfræðaskólahúsi, sem húsameistari ríkisins hafði gert að beiðni skólanefndar, og óskaði ákærði eftir því fyrir hönd nefndarinnar, að ráðuneytið samþykkti, að byggt yrði hús eftir þessum uppdráttum. Jafnframt beiddist ákærði fyrir mæla um það, hvernig eftirliti með framkvæmd byggingar yrði hagað af hálfu ríkisins.

Menntamálaráðherra svaraði þessu bréfi með bréfi, dags. 2. júní 1955, þar sem hann samþykkir að hefja byggingu gagnfræðaskólahúss samkvæmt uppdráttunum og felur skólanefnd og ákærða að hafa framkvæmd hennar með höndum.

Ákærði hefur borið, að húsameistari ríkisins og yfirvöld bæjarins hafi færzt undan því að hafa umsjón með byggingarframkvæmdum skólahússins og reikningshald þeirra. Varð úr, að skólanefndin fól ákærða að annast hvort tveggja verkið. Kveðst hann hafa tekið þetta að sér, þó að hann hefði ærið nóg að starfa fyrir, vegna þess að hann hafi viljað fyrir alla muni, að byggingarframkvæmdum miðaði áfram. Skólanefnd hafi þó jafnan verið með í ráðum, þar til hún var lögð niður, en eftir það hafi enginn komið í stað hennar að þessu leyti og engin sérstök byggingar-nefnd verið skipuð.

Bygging skólahússins hófst svo árið 1945, og flutti skólinn í húsið hálfgerzt árið 1949, en fullgerzt var það ekki fyrr en árið 1951 eða 1952.

Ákærði tók við framlögum úr bæjarsjóði og ríkissjóði til byggingarframkvæmdanna og greiddi kostnað þeirra.

Hann hélt eina bók, dagbók eða dálkasjóðbók, þar sem hann kveðst hafa fært tekjur og gjöld byggingarsjóðsins samkvæmt fylgiskjölum.

Sumarið 1953 afhenti hann dagbókina og þau fylgiskjöl, sem hann hafði undir höndum, til endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar. Var dagbókin þá ekki gerð upp og enginn heildarreikningur fylgdi né yfirlit um skiptingu kostnaðar og greiðslur aðilja. Bókin hefur verið lögð fram í sakadómi, en ekki þingmerkt.

B-liður.

Forstöðumenn endurskoðunardeildar Reykjavíkur og fjármálaeftirlits skóla, þeir Guttormur Erlendsson og Aðalsteinn Eiríksson, hafa athugað framangreind gögn og komizt að því, að ákærði hefur veitt viðtöku til byggingarframkvæmdanna á ári hverju fé, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXIX.

Ár:	Úr ríkissjóði:	Úr bæjarsjóði:
1945	kr. 135.545.05	kr. 400.000.00
1946	— 650.000.00	— 380.000.00
1947	— 1.000.000.00	— 900.000.00
1948	—	— 1.500.000.00
1949	— 200.000.00	— 1.100.000.00
1950	— 250.000.00	— 400.000.00
1951	—	— 250.000.00
	<hr/>	<hr/>
	Kr. 2.235.545.05	Kr. 4.930.000.00

Enn fremur hefur ákærði veitt viðtöku vöxtum af bankainnstæðu, kr. 904.78.

Fjárhæðir þessar nema samtals kr. 7.166.449.83.

Fyrsta greiðsla vegna skólabyggingarinnar, sem ákærði tók við, var 1. júlí 1945 úr ríkissjóði, og var það innstæða sparisjóðsbókar nr. 23266 við Útvegsbanka Íslands, kr. 135.545.05 að vöxtum meðtöldum. Seinasta greiðsla vegna skólabyggingarinnar, sem ákærði tók við, var 31. desember 1951 úr bæjarsjóði, kr. 75.000.00. Fyrrgreindir vextir, að fjárhæð kr. 904.78, voru af innstæðu Útvegsbankabókar nr. 23266 árin 1945—1947, sbr. opnu 2 og 18 í fyrrgreindri dagbók (dálkasjóðbók).

Greidd útgjöld ákærða vegna byggingar gagnfræðaskólahússins eru hins vegar samkvæmt fyrrgreindum gögnum eigi hærri en kr. 6.828.588.01.

Mismunurinn á móttæknu fé og greiddum gjöldum vegna byggingarinnar nemur því kr. 337.861.82.

Ákærði hefur ekkert haft við framangreinda töflu að athuga. Hann hefur kannast við að hafa tekið við framlögum samtals kr. 4.930.000.00 úr bæjarsjóði og samtals kr. 2.235.545.05 úr ríkissjóði svo og vöxtum af bankainnstæðu kr. 904.78, þ. e. samtals kr. 7.166.449.83 til byggingarframkvæmda skólahússins. Þá hefur hann ekki vefengt, að samkvæmt fyrrgreindum gögnum hefur hann ekki gert grein fyrir hærri fjárhæð sem stofnkostnaði skólahússins en kr. 6.828.588.01, sem er kr. 337.861.82 lægri fjárhæð en hann hefur veitt viðtöku.

Ákærði hefur tekið fram út af þessu, að honum hafi verið það vitanlegt, þegar hann afhenti endurskoðunardeild Reykjavíkurbæjar dagbókina og fylgiskjölin, að þar vantaði þó nokkra fjárhæð til, að gerð væri full grein fyrir þeim fjárhæðum, sem hann hafði fengið úr bæjar- og ríkissjóði til byggingarframkvæmdanna. Það hafi getað verið, að fylgiskjöl, þ. e. reikningar, sem hann var búinn að greiða, hafi glatazt eða eyðilagzt, einkum í brunanum í Franska spítalanum í maí 1949, áður en hann hafði fært þau í dagbókina, og þess vegna hafi ekki öll gjöld verið færð þar til gjalda. Ákærði hefur ekki getað nefnt neitt ákveðið dæmi um fylgiskjöl, sem þannig hefur verið varið um. Ákærði kveðst ekki heldur hafa tilkynnt til bæjaryfirvalda eða menntamálaráðuneytisins um tap eða eyðileggingu fylgiskjala, sem sýndu útlagðan kostnað við byggingu skólans, en ekki höfðu verið færð inn í reikningshald byggingarframkvæmdanna.

Meðal skjala þeirra og skilríkja, sem tekin voru heima hjá

ákærða 4. marz 1955, var sparisjóðsbók nr. 23266 við Útvegsbanka Íslands h.f., skráður eigandi Gagnfræðaskólinn í Reykjavík (Gagnfræðaskólabygging), og sparisjóðsávisanabók (tvær bækur) nr. 5211 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi Gagnfræðaskólinn í Reykjavík (Bygging).

Bók nr. 23266 við Útvegsbankann nær frá 29. marz 1939 til 31. desember 1947, en 11. febrúar 1949 er innstæða hennar kr. 1.449.83 flutt í nýja bók nr. 8205 við sama banka. Hinn 27. apríl 1955 var innstæða þeirrar bókar kr. 153.00. Er bókar þessarar áður getið í F-lið III. kafla.

Bók (bækur) nr. 5211 við Landsbankann nær (ná) frá 13. febrúar 1947 til 22. september 1949, en samkvæmt upplýsingum bankans ná viðskiptafærslur bókarinnar til 11. marz 1954, að innstæða hennar er tæmd og bókin eyðilögð. Ákærði hefur notað bók þessa vegna húsbyggingarinnar.

Ákærði kveðst hafa ýmist lagt framlög bæjarsjóðs og ríkissjóðs til skólahúsbyggingarinnar í aðra hvora greindra sparisjóðsbóka eða þá geymt framlögin heima hjá sér. Hann hafi gjarnan haft seinni háttinn á, ef hann vissi um háar fjárhæðir, sem hann þurfti að greiða vegna húsbyggingarinnar, enda hafi sumir viljað heldur fá greiðslur í reiðufé en tékka. Framlög bæjarsjóðs og ríkissjóðs hafi ýmist verið í reiðufé eða tékka, og ef hið síðara var og hann tók framlag með sér heim til sín, hafi hann áður hafið tékkann. Ákærði kveðst hafa jafnan haft heima hjá sér nokkurt reiðufé til að greiða með ýmis útgjöld vegna húsbyggingarinnar. Hann hafi einnig oft haft á sér nokkurt reiðufé í þessu skyni.

Í sakadómi 9. júní 1955 bar ákærði það, að hann hafi þó nokkrum sinnum greitt útgjöld vegna skólabyggingarinnar með tékkum á bankabækur, sem tilheyrðu ekki byggingarsjóði skólahússins, en voru þó eign skólans. Það hafi komið fyrir, að hann hafi lagt framlög til skólabyggingarinnar í þessar bækur skólans, þannig að ekki sé hægt að segja, að meiru hafi verið varið úr þeim til húsbyggingarinnar en í þær var lagt af húsbyggingarframlögum ríkis og bæjar. Segir ákærði, að hann hafi ekki haft glögga aðgreiningu milli húsbyggingarsjóðs og rekstrarsjóðs skólans. Hins vegar kveðst hann hafa gætt þess eftir föngum, að fylgiskjöl sjóðanna væru aðskilin vegna reikningshalds þeirra.

Ákærði minnst þess alls ekki, að hann hafi nokkru sinni varið fé, sem hann tók við hjá bæjarsjóði og ríkissjóði til byggingar hins nýja gagnfræðaskólahúss, til annars en þeirrar framkvæmdar. Þó kunni að vera, að af þessu fé hafi einhvern tíma verið

greidd einhver rekstrarútgjöld skólans, en hann man þó ekki eftir neinum ákveðnum dæmum. Hann minnst þess alls ekki að hafa varið nokkru fé, sem átti að fara til húsbýggingarinnar, til kaupa á verðbréfum eða til lánveitinga. Sjá hins vegar síðar í VI. kafla.

Eins og áður hefur verið tekið fram í II. kafla hér að framan, gekk Reykjavíkurbær eftir því í september 1954, að gerður yrði upp byggingarkostnaður skólahússins. Varð það til þess, að ákærði gaf hinn 20. september það ár út skuldabréf til bæjarsjóðs, að fjárhæð kr. 337.861.82, og fylgdi bréfinu 2. veðréttur í húsi hans að Vitastíg 8 A, hér í bæ. Hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi alls ekki með útgáfu skuldabréfsins rýrt rétt sinn til að fá breytt endanlegu uppgjöri sínu við bæjarsjóð út af byggingarframkvæmdum skólahússins.

C-liður.

Skólanefnd samþykkti, að ákærði fengi þóknun fyrir að hafa á hendi umsjón með byggingarframkvæmdum skólahússins og reikningshald þeirra. Nefndarmenn muna ekki, hve há þóknunin var, en ákærði kveður, að hún hafi verið um kr. 3.000.00 á ári auk dýrtíðaruppbótar. Greiðslur þessar færði ákærði ekki sem kostnað við byggingu skólahússins heldur sem rekstrarútgjöld skólans, og voru þær eins og hér segir:

TAFLA NR. XXX.

30. desember	1947	Umsjón og aukavinna	kr.	11.727.50
31.	—	1948	— — — —	9.000.00
31.	—	1949	— — — —	9.000.00

Samtals kr. 29.757.50

Ákærði kveðst hafa litið svo á, að þessa þóknun, samtals kr. 29.757.50, bæri ekki að skoða sem fullnaðargreiðslu, heldur nánast sem greiðslu upp í útlagðan kostnað hans vegna byggingarinnar, en endanleg þóknun hans yrði ákveðin síðar.

Telur ákærði sig eiga rétt á frekari þóknun fyrir umsjón og reikningshald byggingarframkvæmdanna, eða samtals fjárhæð, er nemi 2% af byggingarkostnaði skólahússins, þ. e. um kr. 140.000.00. Enn fremur telur hann sig eiga rétt á að fá endurgreiðslu á kostnaði sínum vegna mikillar notkunar einkabifreiðar sinnar R-152 í þágu byggingarframkvæmdanna, um kr. 15.000.00 á ári í 6 ár, þ. e. samtals um kr. 90.000.00.

Ákærði hefur þó ekki viljað fullyrða, að talað hafi verið milli skólanefndar og hans um frekari greiðslur til hans en áður greinir, samtals kr. 29.757.50.

Ákærði kveðst hafa um sumarið 1954 talað við bæjaryfirvöld Reykjavíkur og menntamálaráðuneytið um, að hann fengi frekari þóknun fyrir starf sitt við byggingarframkvæmdir skólahússins, en ekki nefnt neina ákveðna fjárhæð. Þá hafi hann um veturinn 1954—1955 ritað þessum aðiljum bréf um málið, sbr. II. kafla hér að framan.

Ákærði segir, að fyrrgreindir aðiljar hafi aldrei samþykkt að greiða honum frekari þóknun fyrir umsjón og reikningshald byggingarframkvæmdanna og fyrir áhættu við að hafa fjárreiður þeirra á hendi eða fyrir not einkabifreiðar sinnar í þágu byggingarframkvæmdanna. Hann kveðst þó ætíð hafa trúað því, að þessir aðiljar myndu við lokauppgjör framkvæmdanna samþykkja viðbótargreiðslur til hans.

D-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit um byggingarsjóð að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið samkvæmt framansögðu:

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XXXI.

Sjóður, sem veðskuldabréf var út gefið fyrir til bæjarsjóðs Reykjavíkur	kr. 337.861.82
Ófærðir vextir af sparisjóðsbók nr. 23266 og síðar sparisjóðsbók nr. 8205 frá 1. janúar 1948 til 31. desember 1954	— 103.17
Ófærðir vextir af sparisjóðsbók nr. 5211 árin 1947—1953 (vextir árið 1947 áður taldir með rekstrarsjóði, en nú yfirfærðir á byggingarsjóð)	— 2.902.58
	<hr/>
	— 340.867.57
Innstæður í sparisjóðsbók nr. 8205 nú yfirfært af rekstrarsjóði á byggingarsjóð sem eign	— 153.00
	<hr/>
Alls sjóðvöntun í byggingarsjóð	kr. 340.714.57

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan í þessum

kafla, sbr. II. kafla, verður þetta yfirlit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins í töflu nr. XXXI lagt til grundvallar í málinu.

Sjóðvöntun verður talin hefjast 1. júlí 1945, þegar ákærði tók við fyrstu greiðslu vegna hinnar nýju skólabyggingar.

VI. KAFLI.

Rannsókn málsins hefur beint mjög að því að reyna að upplýsa það, hvað orðið hefur af því fé, sem vantar í sjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), þ. e. samtals kr. 839.771.08 að meðtöldum raunverulegum vöxtum, samkvæmt því sem rakið hefur verið í III.—V. kafla hér að framan.

Hefur við þá rannsókn einkum verið stuðzt við skjöl og skilríki, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955 og sýna margvíslegar fjárgreiðslur og útgjöld hans.

Þykir rétt að greina á milli A) fjárgreiðslna eða fjárafhendinga ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., B) lánveitinga ákærða til starfsmanna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., kennara gagnfræðaskólans og frænda hans, C) fjárgreiðslna ákærða til eða vegna sona hans Lárusar og Jóns og D) greiðslna ákærða á öðrum einkaútgjöldum sínum.

A-liður.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var reikningsyfirlit varðandi Alþýðuprentsmiðjuna h.f., dskj. nr. 22, svohljóðandi:

TAFLA NR. XXXII.

Alþýðuprentsmiðjan h.f.

1945 1/1	Saldo	20.304.56
Apríl	Lán	10.000.00
1946 1/1	30.304.56
16/11 '45	F. f. á. til kaupa á pressu	10.000.00
8/2	Lánað	15.000.00
22/3	Do.	8.000.00
17/4	Do.	20.000.00
15/5	Do.	15.000.00
6/7	Do.	15.000.00
8/8	Do. v/Alþbl.	40.000.00

4/8	Lánað prentsm.	20.000.00
31/8	Do.	7.000.00
21/9	Do.	15.000.00
4/10	Do.	20.000.00
5/11	Do.	18.000.00
8/11	Do.	10.000.00
22/11	Do. til kaupa á pressu	90.000.00
13/2	Do.	20.000.00
1947		
13/2	Endurgreitt lán til pressu	100.000.00
	Saldo	253.304.56
	Flutt	253.304.56
1947		
14/1	Lán	50.000.00
9/4	Do.	30.000.00
2/5	Do. 15000/-, 29/5 10000/- ..	25.000.00
27/6	Do.	10.000.00
20/7	Do.	15.000.00
1/8	10000/-, 5/8 15000/-, 22/8 20000/-	45.000.00
11/9	10000/-, 14/9 7000/-	17.000.00
3. og		
8/10	16000/-, 10/10 10000/-	26.000.00
16/10	30000/-	30.000.00
11/11	30000/-	30.000.00
		531.304.56
29/12	Endurgreitt	83.416.00
		447.888.56

Enn fremur voru meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða, eftirtaldar 48 kvittanir (lánsviðurkenningar) Alprentsmiðjunnar h. f. fyrir fjárgreiðslum eða fjárafhendingum frá ákærða, en með dálítið breytilegu orðalagi, sbr. kvittanir í umslagi þingmerkту nr. 21:

TAFLA NR. XXXIII.

1)	kvittun dags.	6. marz	1944 að fjárhæð kr.	9.000.00
2)	— —	6. apríl	1945 — — —	10.000.00

3)	kvittun dags.	16. nóvember	1945	að fjárhæð	kr.	10.000.00
4)	—	8. marz	1946	—	—	15.000.00
5)	—	22. —	1946	—	—	8.000.00
6)	—	17. apríl	1946	—	—	20.000.00
7)	—	5. maí	1946	—	—	15.000.00
8)	—	6. júlí	1946	—	—	15.000.00
9)	—	4. ágúst	1946	—	—	20.000.00
10)	—	31. ágúst	1946	—	—	7.000.00
11)	—	21. september	1946	—	—	15.000.00
12)	—	4. október	1946	—	—	20.000.00
13)	—	5. nóvember	1946	—	—	18.000.00
14)	—	8. —	1946	—	—	10.000.00
15)	—	22. —	1946	—	—	90.000.00
16)	—	13. desember	1946	—	—	20.000.00
17)	—	14. janúar	1947	—	—	50.000.00
18)	—	9. apríl	1947	—	—	30.000.00
19)	—	2. maí	1947	—	—	15.000.00
20)	—	29. —	1947	—	—	10.000.00
21)	—	27. júní	1947	—	—	10.000.00
22)	—	20. júlí	1947	—	—	15.000.00
23)	—	1. ágúst	1947	—	—	10.000.00
24)	—	5. —	1947	—	—	15.000.00
25)	—	22. ágúst	1947	—	—	20.000.00
26)	—	11. september	1947	—	—	10.000.00
27)	—	14. —	1947	—	—	7.000.00
28)	—	3. og 8. okt.	1947	—	—	16.000.00
29)	—	10. október	1947	—	—	10.000.00
30)	—	16. —	1947	—	—	30.000.00
31)	—	11. nóvember	1947	—	—	30.000.00
32)	—	24. marz	1948	—	—	10.000.00
33)	—	13. apríl	1948	—	—	10.000.00
34)	—	19. —	1948	—	—	10.000.00
35)	—	3. júní	1948	—	—	20.000.00
36)	—	18. —	1948	—	—	20.000.00
37)	—	16. júlí	1948	—	—	20.000.00
38)	—	12. ágúst	1948	—	—	20.000.00
39)	—	3. september	1948	—	—	10.000.00
40)	—	29. október	1948	—	—	10.000.00
41)	—	29. —	1948	—	—	75.000.00
42)	—	24. nóvember	1948	—	—	7.000.00
43)	—	20. desember	1948	—	—	20.000.00

44)	kvittun dags.	7. janúar	1949	að fjárhæð kr.	20.000.00
45)	—	—	19. maí og		
46)	—	—	28. júní	1950	— — — 13.000.00
47)	—	—	28. —	1950	— — — 30.000.00
48)	—	—	12. október	1950	— — — 15.000.00

Samtals kr. 890.000.00

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitið í töflu nr. XXXII og sýni það, hverjar fjárhæðir hann hefur afhent til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á þeim tíma, sem það tekur til, og hverjar endurgreiðslur þeirra hafa verið á sama tíma. Kveður hann, að lán þau, sem í yfirlitinu eru talin, séu algerlega óviðkomandi fjármálum gagnfræðaskólans eða sjóðum hans.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi verið formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. frá stofnun hennar árið 1939. Prentsmiðjuna hafi oft skort rekstrarfé, jafnvel fé til greiðslu allra nauðsynlegustu útgjalda. Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon prentsmiðjustjóri hafi síðan á árinu 1945 snúið sér oft til ákærða, þegar prentsmiðjuna skorti fé. Hafi ákærða oft tekizt að afla fjár, en þó stundum ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum, og hafi hann jafnan afhent vitninu Jóhannesi Zoëga féð. Heldur ákærði, að hann hafi ekki afhent fé til prentsmiðjunnar nema samkvæmt beiðni vitnisins Jóhannesar Zoëga hverju sinni. Fé þetta hafi verið framlög, sem ákveðnir menn, félög og stofnanir hafi látið af hendi rakna til prentsmiðjunnar. Kveðst ákærði þá í rauninni ekki hafa verið annað en milligöngumaður um afhendingu fjáris, en hann hefur þrúspurður færzt undan því að tilgreina, hverjir þessir menn, félög og stofnanir hafa verið.

Ákærði kveðst hafa afhent vitninu Jóhannesi Zoëga mismunandi háar fjárhæðir hverju sinni, og hafi þær verið þetta frá 5, 10, 20 og 30 þúsund krónur og stundum jafnvel hærri, og oftast verið í reiðufé en í tékka. Enn fremur sé hugsanlegur möguleiki á því, að hann hafi tekið á móti reiðufé, en greitt vitninu Jóhannesi Zoëga út með tékka. Hefði þá tékkinn getað verið gefinn út hvort heldur væri á tékkabók ákærða eða jafnvel á tékkabók gagnfræðaskólans. Ákærði hefur verið beðinn um að skýra það nánar, hvernig þetta hefði getað komið til. Hefur hann þá nefnt það sem hugsanlegan möguleika, að hann hefði haft í vasa sínum ákveðna fjárhæð, sem hann hefði fengið í hendur

til þess að hann afhenti hana til prentsmiðjunnar. Áður en hann hefði afhent fjárhæðina, hefði hann verið krafinn um greiðslu á reikningi gagnfræðaskólans, en hann þá ekki haft á sér tékkhefti eða annað fé en fyrrgreinda fjárhæð. Hann hefði þá tekið þann kost að greiða reikninginn af eða með þeirri fjárhæð, sem hann var með, en síðan hefði hann staðið skil á fjárhæðinni til prentsmiðjunnar með því að afhenda vitninu Jóhannesi Zoëga tékka á bók skólans sömu fjárhæðar.

Ákærði kveður vitnið Jóhannes Zoëga hafa jafnan gefið honum kvittun fyrir þeirri fjárhæð, sem hann afhenti því til prentsmiðjunnar, og hafi hann fengið kvittanirnar til málamynda til að sýna, að hann hefði skilað af sér fjárhæðunum til prentsmiðjunnar. Kvittanirnar í töflu nr. XXXIII séu einmitt þessar kvittanir. Ákærði hefur tekið fram, að þó að í þeim segi, að hann hafi lánað prentsmiðjunni fjárhæðirnar, hafi venjulega alls ekki verið um lán að ræða og venjulega hafi hann ekki talað um, að hann vildi fá fjárhæðirnar endurgreiddar. Þó muni það hafa komið nokkrum sinnum fyrir, að hann hafi fengið einstakar fjárhæðir að láni hjá einstaklingum, félögum eða öðrum aðiljum og þá lofað að sjá um endurgreiðslu þeirra. Í þeim tilfellum hafi hann krafðið vitnið Jóhannes Zoëga um og fengið endurgreiðslu fjárens.

Það, sem nú var greint, var framburður ákærða í sakadómi 11. og 13. júní 1955. Þá skýrði hann einnig frá því, að hann vissi ekki til þess, að fé það, sem hann afhenti til prentsmiðjunnar samkvæmt framansögðu, hefði verið hans eigið fé eða gagnfræðaskólans, a. m. k. hefði það þá ekki verið viljandi gert.

Framburður vitnisins Jóhannesar Zoëga Magnússonar er efnislega samhljóða framangreindum framburði ákærða. Vitnið kveður, að fjárgreiðslur ákærða til prentsmiðjunnar hafi ýmist verið í reiðufé eða í tékka á Landsbanka Íslands. Þá hafi vitnið ráðið því, að í kvittununum fyrir viðtöku fjárgreiðslanna, sbr. XXXIII. töflu, voru þær taldar vera lán frá ákærða. Vitnið kveðst aldrei hafa spurt ákærða að því, hvaðan umrætt fé væri, en það hafi jafnan verið sannfært um, að allt væri í lagi með það. Venjulega hafi ákærði ekki talað um, að prentsmiðjan þyrfti að endurgreiða honum féð, en þó hafi það komið fyrir um tiltekna fjárupphæð, og þá hafi vitnið séð um endurgreiðslu hennar.

Fram hefur verið lagður í málinu viðskiptareikningur ákærða hjá Alþýðuprentsmiðjunni h.f. á tímabilinu frá ársbyrjun 1949 til byrjunar árs 1955, þar sem prentsmiðjan hefur fært fyrrgreindar

fjárgreiðslur eða fjárafhendingar ákærða til hennar og endurgreiðslur þeirra, en þó einnig nokkrar aðrar greiðslur ákærða eða í sambandi við hann (dskj. nr. 43).

Í reikningnum eru meðal annars þessar færslur:

TAFLA NR. XXXIV.					
1949	Jan.	1.	Pr. Saldo f. f. á.		212.000.00
	—	31.	— Lán		20.000.00
	Marz	31.	— —		10.000.00
	Júní	10.	— —		20.000.00
	Ágúst	24.	— —		10.000.00
1950	Maí	31.	— —		13.000.00
	Júní	30.	— —		30.000.00
	Des.	21.	An. Endurgr. ...	39.000.00	
1951	Marz	25.	Pr. Lán		9.000.00
	Des.	31.	An. Endurgr. ...	5.949.50	
1953	Apríl	17.	Pr. Lán		4.000.00
1955	Jan.	1.	— Inneign f. f. á.		317.923.75

Í sakadómi 27. júní 1955 hefur ákærði ekki vefengt að hafa afhent til prentsmiðjunnar fjárhæðir þær, sem taldar eru vera lán í viðskiptareikningi þessum, en vísar um þær að öðru leyti til framburða sinna í dóminum 11. og 13. sama mánaðar út af fyrrgreindum fjárafhengingum hans til prentsmiðjunnar, sbr. töflur nr. XXXII og nr. XXXIII.

Þá kveðst ákærði hafa oft sagt við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, um leið og hann afhenti því umræddar fjárhæðir, að þeir, sem þær legðu fram, ætluðust til þess að þær færu til að greiða skuld Alpýðublaðsins við prentsmiðjuna, og því hafi prentsmiðjan vafalaust fært meginhluta þeirra sem greiðslu upp í skuld þess blaðs við hana og inneign ákærða hjá henni þá lækkað að sama skapi. Hér sé einkum að finna skýringuna á þeim mun, sem er á samanlagðri fjárhæð kvittananna í töflu nr. XXXIII og talinni inneign ákærða hjá prentsmiðjunni í ársbyrjun 1949 í töflu nr. XXXIV. Vitnið Jóhannes Zoëga kveður, að þetta geti verið alveg rétt hjá ákærða, þó að það muni ekkert nánar um það mál.

Þá voru teknar heima hjá ákærða 4. marz 1955 tvær einkabók-haldsbækur hans, dskj. nr. 185—186, sbr. nánar um þær í F-lið þessa kafla. Á 37. (öftustu) blaðsíðu dskj. nr. 186 er blýantsritað yfirlit svohljóðandi:

TAFLA NR. XXXIV A.

1946	6/8	Alþbl	40.000.00	
1947	31/12	Alþprsm netto	447.888.56	
	30/4	Endurg.		50.000.00
1948		Viðbót	232.000.00	
		Endurg.		34.239.27
1949		Viðbót	75.000.00	
1950		Viðbót Saldo	714.649.29	6.000.00

Ákærði kveðst hafa gert þetta yfirlit með því að taka saman fjárhæðir þeirra kvittana frá Alþýðuprentsmiðjunni h.f., sem lagðar hafa verið fram í málinu, sbr. dskj. nr. 21 og 22 og töflur nr. XXXII og XXXIII.

Í sambandi við töflu nr. XXXIV A hefur endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins tekið sérstaklega fram, að fyrsti liður hennar, kr. 40.000.00, sé innifalinn í öðrum lið, kr. 447.888.56, og því tvítalinn, og að seinasti liðurinn sé misritaður kr. 6.000.00 fyrir kr. 4.000.00.

Enn fremur fundust eftirtalin skjöl og skilríki heima hjá ákærða í umrætt skipti:

TAFLA NR. XXXV.

- 1) 2 ávísanabækur nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f., dskj. nr. 48—49. Enn fremur 5 tékkhefti á þessar bækur með samtals 125 tékkastofnum frá tímabilinu 12. október 1945 til 16. júlí 1954, dskj. nr. 50—54. Eigandi: rekstrarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. D-lið III. kafla hér að framan.
- 2) Ávísanabók nr. 2541 við Landsbanka Íslands, dskj. nr. 57. Enn fremur 2 tékkhefti á bók þessa með samtals 33 tékkastofnum frá tímabilinu 20. desember 1946 til 13. janúar 1949, dskj. nr. 58—59. Eigandi: rekstrarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. D-lið í III. kafla hér að framan.
- 3) 2 ávísanabækur nr. 5211 við Landsbanka Íslands, dskj. nr. 61—62. Enn fremur 12 tékkhefti á þessar bækur með samtals 295 tékkastofnum frá tímabilinu 5. marz 1947 til 19. febrúar 1952, dskj. nr. 63—74. Eigandi: byggingarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. B-lið í V. kafla hér að framan.

Þá hefur Útvegsbanki Íslands látið dóminum í té 30 tékka á greinda bók nr. 200 við þann banka og Landsbanki Íslands látið

dóminum í té 67 tækka á greindar bækur nr. 2541 og nr. 5211 við þann banka. Rannsókn þessara 97 tækka og 453 tékkastofna leiðir í ljós, að ákærði hefur gefið út eftirtalda tækka á greindar bækur til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.:

TAFLA NR. XXXVI.

17. apríl	1946: á Útvegsbankabók	nr. 200	kr. 20.000.00
3. maí	1946: -	— 200	— 15.000.00
21. september	1946: -	— 200	— 15.000.00
4. október	1946: -	— 200	— 10.000.00
9. apríl	1947: - Landsbankabók	— 2541	— 20.000.00
2. maí	1947: -	— 2541	— 15.000.00
29. —	1947: -	— 5211	— 10.000.00
21. júlí	1947: -	— 5211	— 15.000.00
1. ágúst	1947: -	— 5211	— 10.000.00
22. —	1947: -	— 5211	— 20.000.00
11. september	1947: -	— 5211	— 10.000.00
16. —	1947: -	— 5211	— 7.000.00
8. október	1947: -	— 5211	— 10.000.00
10. —	1947: -	— 5211	— 10.000.00
16. —	1947: -	— 5211	— 30.000.00
11. nóvember	1947: -	— 5211	— 30.000.00
13. apríl	1948: -	— 5211	— 10.000.00
17. —	1948: -	— 5211	— 10.000.00
18. júní	1948: -	— 5211	— 20.000.00
16. júlí	1948: -	— 5211	— 20.000.00
28. september	1948: -	— 5211	— 5.000.00
7. október	1948: -	— 5211	— 20.000.00
26. nóvember	1948: -	— 5211	— 7.000.00
20. desember	1948: -	— 5211	— 20.000.00
14. ágúst	1948: -	— 5211	— 20.000.00
1. apríl	1949: -	— 5211	— 10.000.00
27. júlí	1949: - Útvegsbankabók	— 200	— 5.000.00
23. ágúst	1949: - Landsbankabók	— 5211	— 10.000.00
19. maí	1950: - Útvegsbankabók	— 200	— 13.000.00
17. marz	1951: - Landsbankabók	— 5211	— 9.000.00

Samtals kr. 426.000.00

Enn fremur hefur ákærði gefið út til Alþýðuprentsmiðjunnar

h.f. 8 tékka, samtals að fjárhæð kr. 105.000.00, á sparisjóðsávísanabækur nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 692 við Landsbanka Íslands, sem báðar eru skráðar á nafn ákærða sjálfs, sbr. nánar töflu XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur talið, að samkvæmt því, sem næst verður komið eftir gögnum málsins, hafi fjárafhendingar ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á tímabilinu 1944—1954, að þeim árum meðtöldum, numið samtals kr. 1.097.324.26. Nánar sundurliðar endurskoðunardeildin fjárhæð þessa þannig:

„Þessi fjárhæð hefur greiðzt á þenna hátt:

Skuld 6/3 1944	kr. 11.304.56
með reiðufé, 20 afhendingar	— 472.000.00
með ávísunum, 42 afhendingar	— 614.019.70

Kr. 1.097.324.26

Fjárafhendingar hafa verið alls 62. Lætur nærri, að á móti hverri afhendingu, sem greidd var í reiðufé, komi tvær, sem greiddar voru með ávísunum.

Fjárafhendingar, sem greiddar voru með ávísunum, skiptast þannig á bankabækur:

Ávísanir á innstæður:

Rekstrarsjóðs:	2 að tölu Landsb. 2541	35.000.00
—	8 að tölu Útvegsb. 200	113.000.00
Byggingarsjóðs:	22 að tölu Landsb. 5211	313.000.00
Einkabækur I.J.:	5 að tölu Landsb. 692	67.045.30
—	6 að tölu Útvegsb. 2403	85.974.40
	43 afhendingar	kr. 614.019.70

Hér dregst frá 1, þar sem 2 ávísanir voru fyrir sömu fjárafhendingu (4/10 1946).“ Dskj. nr. 191, bls. 62.

B-liður.

Eins og fram kemur í VIII.—XIII. kafla, hefur ákærði veitt nokkrum kennurum Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), starfsmönnum Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. og frænda sín-

um peningalán. Verður þar rætt nánar um lán þessi, þar á meðal um heimild ákærða til að veita þau og hvaða fé lánað hefur verið, svo og um endurgreiðslur þeirra.

Fram kemur í málinu, að ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka vegna lána þessara:

TAFLA NR. XXXVII.

5. marz	1947:	á Landsbankabók	nr. 5211	kr. 40.000.00
4. maí	1947:	-	— 5211	— 110.000.00
17. —	1947:	-	— 5211	— 25.000.00
18. júní	1948:	-	— 5211	— 10.000.00

Samtals kr. 185.000.00

Enn fremur hefur ákærði gefið út vegna þessara lána tékka á Útvegsbankabók nr. 2403, að fjárhæð kr. 25.000.00, sbr. nánar tölflu nr. XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

C-liður.

Fram hefur komið í málinu, að ákærði hefur innt af hendi ýmsar fjárgreiðslur vegna sona sinna Lárusar og Jóns, en þó einkum vegna hins fyrrnefnda. Verða þessar greiðslur nú raktar í stórum dráttum.

1) Eins og nánar verður rakið og rökstutt í VII. kafla hér síðar, verður að telja, að rekstur bifreiðarinnar R 2296, skráðrar eignar Gagnfræðaskólans í Reykjavík, hafi verið í þágu Lárusar og ákærða sjálfs, en rekstrarhalli bifreiðarinnar var færður í desember 1945 til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans, kr. 54.051.20.

2) Lárus var eigandi bifreiðarinnar R 236 frá 21. desember 1944 til 15. apríl 1946, en Jón bróðir hans frá þeim tíma til ársloka 1948. Kveðst ákærði hafa hjálpað þeim til að festa kaup á bifreiðinni í því skyni, að hún yrði atvinnutæki fyrir þá, og hafi þeir síðan ekið henni frá bifreiðarstöð.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var stofn- og viðgerðarkostnaðarreikningur þessarar bifreiðar, dskj. nr. 166. Samkvæmt þeim reikningi var stofnframlag ákærða til bifreiðarokaupanna kr. 37.000.00, auk þess sem hann greiddi ýmsan rekstrar- og viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, en á móti fékk hann nokkrar endurgreiðslur. Telur endurskoðunar- deild fjármálaráðuneytisins, að skuld bræðranna við ákærða af

Þessum sökum hafi numið um hver áramót eins og hér segir: í árslok 1944 kr. 37.000.00, í árslok 1945 kr. 31.500.00, í árslok 1946 kr. 46.133.24, í árslok 1947 kr. 51.258.24 og í árslok 1948 kr. 54.051.24.

Ákærði kveðst hafa ritað efni dskj. nr. 166, og hefur hann staðfest efni þess og ekkert haft við framangreinda niðurstöðu endurskoðunardeildarinnar að athuga. Hann kveðst ekki muna, hvaðan honum komu 37 þúsund krónurnar til bifreiðarkaupanna, en það hafi ekki verið, að minnsta kosti honum vitanlega, fé gagnfræðaskólans. Ákærði kveðst hafa viljað komast hjá því að eiga fyrrgreinda skuld hjá sonum sínum, og því hafi hann tekið það til bragðs að láta hvorn þeirra fá kr. 20.000.00 sem fyrirframgreiðslu upp í arf eftir hann og skuldin látin hverfa með þeim hætti.

Jón Ingimarsson lögfræðingur, Vitastíg 8 A, hér í bæ, sonur ákærða, sem yfirheyrður var í sakadómi sem kærður, hefur borið það, að ákærði hafi hjálpað honum og Lárusi bróður hans til að kaupa umrædda bifreið og hafi ákærði séð um greiðslu kaupverðs hennar, kr. 37.000.00, en e.t.v. hafi hann (Jón) lagt fram einhvern hluta þess. Jón kveðst minnast þess, að fyrir lok ársins hafi hann greitt ákærða kr. 8.500.00 upp í kaupverðið, þó að þess sé ekki getið á dskj. nr. 166, en hefur ekkert annað sérstakt við efni þess skjals að athuga. Hann kveður, að bifreiðin hafi verið seld í árslok 1948 fyrir kr. 20.000.00, og hafi ákærði haldið þeirri fjárhæð og enn fremur látið skuld þeirra bræðra við hann vegna bifreiðarinnar falla niður með fyrirframgreiðslu upp í arf, kr. 20.000.00 til hvors þeirra.

Lárus Ingimarsson, sonur ákærða, sem einnig var yfirheyrður í sakadómi sem kærður, hefur borið það, að ákærði hafi hjálpað honum og Jóni bróður hans til að eignast umrædda bifreið, en hann muni ekki, hvert var kaupverð hennar eða hvort ákærði lagði það allt fram. Hann muni heldur ekki, hvort ákærði lagði út nokkurt fé til rekstrar bifreiðarinnar eða hvort eða hvernig þeir bræður hafi endurgreitt honum útgjöld vegna hennar. Bifreiðin hafi að nokkrum tíma liðnum verið seld, en hann geti ekki borið um atvik að því. Aðspurður kveður Lárus, að ákærði muni hafa látið hann einhverntíma fá 10—20 þúsund krónur upp í arf, en hann geti ekki sagt um, hvort sú greiðsla hafi verið fólgin í því að kvitta skuld hans við ákærða vegna umræddrar bifreiðar.

Samkvæmt vottorði borgarfógetans í Reykjavík, dags. 25.

ágúst 1956, hafa ákærði og kona hans hinn 22. desember 1949 greitt þeim Lárusi og Jóni fyrirfram upp í arf kr. 20.000.00 til hvors, sbr. dskj. nr. 206.

3) Rannsókn fyrrgreindra tékka og tékkhefta (tékkstofna) á ávísanabækur nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 2541 og 5211 við Landsbanka Íslands, sbr. A-lið í þessum kafla, hefur leitt í ljós, að ákærði hefur gefið út vegna Lárusar eftirtalda tékka á bækur þessar:

TAFLA NR. XXXVIII.

11. marz	1947: á Útvegsbankabók nr. 200	kr. 1.161.05
21. apríl	1947: - Landsbankabók — 2541	— 3.751.00
25. —	1947: - ——— — 5211	— 28.400.00
25. —	1947: - ——— — 5211	— 28.400.00
5. maí	1947: - ——— — 2541	— 6.500.00
6. —	1947: - ——— — 2541	— 5.000.00
16. —	1947: - ——— — 2541	— 41.651.04
17. júní	1947: - ——— — 2541	— 15.925.00
7. október	1949: - ——— — 5211	— 5.760.00
16. júlí	1954: - Útvegsbankabók — 200	— 1.000.00

Samtals kr. 137.548.09

Fyrsti tékkinn, kr. 1.161.05, í töflu nr. XXXVIII er viðgerðar-kostnaður bifreiðarinnar R 3611, sem var eign Lárusar Ingimars-sonar. Annar tékkinn, kr. 3.751.00, mun vera innheimtukostnaður. Áttundi tékkinn, kr. 15.925.00, er hluti af kaupverði bifreiðarinnar R 3611. Níundi tékkinn, kr. 5.760.00, er kaupverð á sultu vegna efnagerðarinnar „Vals“, sem var eign Lárusar Ingimarssonar, og tíundi tékkinn, kr. 1.000.00, er vegna víxils sama Lárusar.

Þriðji til sjöundi tékkinn í töflunni, samtals að fjárhæð kr. 109.951.04, eru gefnir út vegna kaupa Lárusar á verzluninni „Goðaborg“, hér í bæ, og vörubirgðum til hennar. Ákærði hefur þó tekið sérstaklega fram í sambandi við sjöunda tékkann, að hann hafi ekki átt að vera lán til handa Lárusi, því að um sama leyti hafi ákærði tekið við söluverði íbúðar, sem Lárus hafi átt og selt. Verð hennar hafi verið milli 70—80 þúsund krónur, að því er hann minnir, og hafi hann blandað því saman við annað fé, sem hann hafði undir höndum, en aðeins haldið því reikningslega aðskildu frá öðru fé. Ákærði kveðst svo hafa iðulega tekið

við tekjum verzlunarinnar og greitt útgjöld hennar. Framburður Lárusar um þetta efni er í samræmi við þenna framburð ákærða, en hann kveður þó, að söluverð íbúðarinnar hafi verið 89 þúsund krónur, og af því 60 þúsund krónur í reiðufé, en afgangurinn innstæða bankabókar, sem hafi verið með 5 eða 10 ára uppsagnarfresti. Kaupandi íbúðarinnar, vitnið Böðvar Pétursson kennari, Háteigsvegi 13, hér í bæ, kveður, að söluverðið hafi verið milli 80—90 þúsund og allt greitt í reiðufé. Þá kveðst ákærði einnig hafa tekið við andvirði bifreiðar, sem Lárus hafi átt og selt. Verzlunin „Goðaborg“ var seld aftur 10. febrúar 1948, og tók ákærði við andvirðinu, og má vera, að hann hafi þá fengið endurgreitt nokkuð af hinu útlagða fé vegna verzlunarinnar, en ekki er vitað, hvert söluverðið var, en það mun að hluta hafa verið í skuldabréfum, tryggðum í bifreiðum.

4) Þá voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, blekrituð yfirlit yfir útlagðar og innlagðar greiðslur vegna Lárusar árin 1949—1951, dskj. nr. 100, 101, 103 og 105. Niðurstöðutölur yfirlitanna eru ritaðar með blýanti og eru þessar:

TAFLA NR. XXXIX.

	Úttekið:	Innlagt:
Árið 1949, dskj. nr. 100—101	128.682.94	30.163.81
— 1950, — — 103	48.691.79	25.502.32
— 1951, — — 105	62.579.97	33.481.97
	<hr/>	<hr/>
	Samtals kr. 239.954.70	89.148.10
	89.148.10	
	<hr/>	<hr/>
	Mismunur kr. 150.806.60	

Hæsta fjárhæðin, sem greidd hefur verið, er innleystur víxill í Útvegsbanka Íslands h.f. 25. september 1949, kr. 40.000.00.

Neðst á yfirlitinu er ritað með blýanti:

(1949, dskj. nr. 101)	Mismunur	96.519.13
		+ 2.000.00
(1950, — — 103)	Mism.	23.189.47
(1951, — — 105)	Halli	29.098.00

Samtals nema upphæðir þessar kr. 150.806.60.

Enn fremur hefur verið ritað með blýanti á yfirlitið 1951, dskj. nr. 105:

1949 = 96.519.13

1950 = 23.189.47

1951 = 29.098.00

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitin á dskj. nr. 100—101, 103 og 105, og efast hann ekki um að hafa lagt út fyrir Lárus og efnagerð hans, „Vilco“ að nafni, allar þær fjárhæðir, sem þar eru taldar „úttekið“ fé. Jafnframt hafi ákærði fært í yfirlitin sem „innlagt“ fé laun Lárusar fyrir húsvörzlu í Gagnfræðaskóla Austurbæjar á tímabilinu, en greitt honum svo launin aftur út í mörgum greiðslum. Yfirlitin séu þó aðeins minnisblöð. Lárus hafi afhent honum ýmsar fjárhæðir, sem hafi ekki verið færðar sem „innlagt“ fé í yfirlitin, en ákærði hefur þó ekki getað nefnt nema eitt dæmi því til sönnunar, kr. 7.364.80, sem um ræðir í dskj. nr. 106. Ákærði kveðst hafa ritað niðurstöðutölur yfirlitanna með blýanti, af því að hann hafi ekki talið þær vera endanlegar. Jafnframt kveðst ákærði iðulega hafa tekið við tekjum fyrirtækisins „Vilco“ og greitt gjöld þess, og hefur Lárus Ingimarsson staðfest það, að minnsta kosti að því er snertir árið 1951. Ákærði hefur ekki getað sagt um, hvort Lárus hefur afhent honum jafnháar fjárhæðir og hann hefur greitt út vegna Lárusar á umræddu tímabili, en staðhæfir, að hafi svo ekki verið, hafi hann notað til þess sitt eigið fé, en ekki gagnfræðaskólans.

„Innlagt“ fé í yfirlitinu virðist eingöngu vera laun Lárusar í gagnfræðaskólanum, að undanteknum þremur greiðslum árið 1949, samtals að fjárhæð kr. 8.268.81.

Lárus Ingimarsson hefur hvorki staðfest né vefengt yfirlitin á dskj. nr. 100, 101, 103 og nr. 105.

5) Enn fremur voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, handrituð yfirlit yfir greiðslur vegna Lárusar á árunum 1952—1954, dskj. nr. 157—159 og dskj. nr. 157, einnig greiðslur vegna Jóns árið 1952. Niðurstöðutölur yfirlitanna eru þessar:

TAFLA NR. XL.

Vegna Lárusar árið 1952, dskj. nr. 157	8.445.00
— — — 1953, — — 158	ca 14.000.00
— — — 1954, — — 159	6.330.00

 Ca 28.775.00

Vegna Jóns árið 1952, dskj. nr. 157	8.200.00
-------------------------------------	----------

Eina endurgreiðslan er af hendi Lárusar 18. janúar 1954, kr. 975.00.

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlit þessi og sýni þau greiðslur, sem hann hafi á þessum árum lagt út fyrir sonu sína. Lárus hafi að langsamlega mestu leyti endurgreitt þær fjárhæðir, sem hann hafi fengið, og að öllu leyti fjárhæðir árunna 1952—1953 með mánaðarlaunum sínum og söluverði bifreiðar, þó að þess sé ekki getið í yfirlitunum, enda hafi þau aðeins verið minnisblöð ákærða um fjárgreiðslur hans. Fjárgreiðslurnar til Jóns hafi mestmegnis verið vegna veikinda hans og námskostnaðar, og hafi ekki verið til þess ætlazt, að hann endurgreiddi þær.

6) Loks hefur ákærði gefið út vegna Lárusar sonar síns 2 tékka á Útvegsbankabók nr. 2403 og Landsbankabók nr. 692, samtals að fjárhæð kr. 27.200.00, sbr. nánar töflu nr. XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

Lárus Ingimarsson hefur tekið fram, að um margra ára skeið, eftir að hann hafði náð lögaldri, hafi hann afhent ákærða tekjur sínar á mánuði hverjum og ákærði greitt honum svo út ýmsar upphæðir eftir því, sem hann (Lárus) hafi þurft á að halda.

D-liður.

Rannsókn fyrrgreindra tékkastofna og tékka á ávísanabækur nr. 200 í Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 5211 í Landsbanka Íslands hefur leitt í ljós, að ákærði hefur gefið út marga tékka á innstæðu þessara bóka til greiðslu ýmissa annara einkaútgjalda sinna en að framan eru rakin.

Tékkarnir eru þessir:

TAFLA NR. XLI.

17. október	1945:	á Útvegsbankabók	nr.	200	kr.	250.00
6. nóvember	1945:	—	—	200	—	2.335.00
25. marz	1945:	—	—	200	—	600.00
7. september	1946:	—	—	200	—	2.538.50
28. maí	1947:	Landsbankabók	—	5211	—	1.000.00
25. júlí	1947:	—	—	5211	—	2.200.00
14. ágúst	1947:	Útvegsbankabók	—	200	—	1.000.00
3. janúar	1948:	Landsbankabók	—	5211	—	20.000.00
23. september	1948:	—	—	5211	—	3.000.00
23. ágúst	1949:	—	—	5211	—	5.000.00
13. október	1949:	—	—	5211	—	5.000.00
4. nóvember	1949:	—	—	5211	—	5.000.00
26. apríl	1950:	Útvegsbankabók	—	200	—	5.000.00
28. —	1950:	—	—	200	—	9.000.00

9. maí	1950: á Útvegsbankabók	nr. 200	kr. 1.500.00
12. —	1950: - Landsbankabók	— 5211	— 21.500.00
12. —	1950: - ———	— 5211	— 10.000.00
10. júní	1950: - Útvegsbankabók	— 200	— 480.00
17. október	1950: - ———	— 200	— 10.000.00
7. júlí	1954: - ———	— 200	— 643.46

Samtals kr. 106.046.96

Þá eru í töflu nr. XLII greindir tékkar þeir, sem ákærði hefur gefið út á Útvegsbankabók nr. 2403 og Landsbankabók nr. 692, til greiðslu ýmissa einkaútgjalda sinna, og nema þeir samtals kr. 72.340.95, sbr. nánar í E-lið hér á eftir.

E-liður.

Ákærði hefur skráð tvær sparisjóðsávísanabækur á sitt eigið nafn. Eru það bækurnar nr. 692 við Landsbanka Íslands og nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans hófust viðskiptafærslur bókar nr. 692 1. janúar 1944. Ákærði kveður, að sú bók hafi verið einkabók hans, þar sem hann lagði inn sparifé sitt og greiddi úr ýmis einkaútgjöld sín. Enn fremur hafi hann greitt ýmis útgjöld Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar) úr bókinni, bæði af því að hann hafi lagt fjárhæðir, sem skólinn átti, inn í bókina, og af því að hann hafi greitt ýmis einkaútgjöld sín úr sparisjóðsbókum skólans, sbr. það, sem áður segir í þessum kafla.

Samkvæmt upplýsingum Útvegsbankans hófust viðskiptafærslur bókar nr. 2403 6. október 1943 með 50 þúsund króna innlagi, og ná þær til 11. janúar 1955, er innstæða bókarinnar var tæmd og hún eyðilögð. Ákærði kveður, að bók þessi hafi upphaflega verið opnuð vegna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. og hafi átt að verja 50 þúsund króna innlaginu til vélakaupa prentsmiðjunnar. Tvær fyrstu úttektir úr bókinni hafi einnig farið til slíkra greiðslna. Ákærði kveðst hafa fljótlega farið að greiða úr bókinni ýmis útgjöld óviðkomandi prentsmiðjunni, einkum útgjöld gagnfræðaskólans, en þá jafnframt farið að leggja inn í bókina eitthvað af fé skólans.

Ákærði hefur ekki getað sagt um, hve háar fjárhæðir hann hefur greitt úr bókum nr. 692 og nr. 2403 eða lagt inn í þær samkvæmt framansögðu eða hvert hefur verið hlutfallið milli

skólagjalda, sem hann greiddi úr bókunum, og innlagðs skóla-
fjár í þær. Þá hefur hann ekki getað bent á, hvers konar fé
ákveðin innlög í bækurnar hafa verið, nema í tveimur tilfell-
um: áðurgreindar kr. 50.000.00 í bók nr. 2403 svo og innlag 27.
apríl 1954 í bók nr. 692, kr. 80.000.00, sem hann kveður, að
sé hluti af láni því að fjárhæð kr. 100.000.00, sem hann fékk
daginn áður úr lífeyrissjóði út á húseign sína Vitastíg 8 A, sbr.
dskj. nr. 121.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz
1955, var ávísanabók nr. 692 við Landsbankann, dskj. nr. 81,
ásamt tveimur tékkheftum með samtals 49 tékkstofnum frá tíma-
bilinu 4. apríl 1945 til 28. apríl 1954, dskj. nr. 82—83, svo og
eitt tékkhefti bókar nr. 2403 við Útvegsbankann með samtals
47 tékkstofnum frá tímabilinu 6. október 1943 til 11. febrúar
1949, dskj. nr. 84. Bókin á dskj. nr. 81 nær frá 14. september
1945 til 12. janúar 1955 og sýndi þá innstæðu kr. 5.290.03. Rann-
sókn skjala þessara hefur leitt í ljós eftirfarandi:

Ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka á bækur nr. 692 við
Landsbankann og nr. 2403 við Útvegsbankann:

TAFLA NR. XLII

a) vegna Alpýðuprentsmiðjunnar h.f.:

15. nóv.	1945 á	Útvegsbankabók	nr. 2403	kr. 10.000.00
8. marz	1946 -	—	— 2403	— 15.000.00
22. —	1946 -	—	— 2403	— 8.000.00
6. júlí	1946 -	—	— 2403	— 15.000.00
31. ágúst	1946 -	Landsbankabók	— 692	— 7.000.00
4. okt.	1946 -	—	— 692	— 10.000.00
8. nóv.	1946 -	—	— 692	— 10.000.00
28. maí	1954 -	—	— 692	— 30.000.00

Kr. 105.000.00

b) vegna láns til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar:

29. nóv.	1945 á	Útvegsbankabók	nr. 2403	kr. 25.000.00
----------	--------	----------------	----------	---------------

c) vegna Lárusar Ingimarssonar:

22. marz	1945 á	Útvegsbankabók	nr. 2403	kr. 1.000.00
3. jan.	1946 -	—	— 2403	— 1.200.00
20. ágúst	1954 -	Landsbankabók	— 692	— 25.000.00

Kr. 27.200.00

d) vegna annarra persónulegra útgjalda:

12. júní	1944 á	Útvegsbankabók	nr. 2403	kr.	1.140.00
14. —	1944 -	—	— 2403	—	1.500.00
15. —	1944 -	—	— 2403	—	160.00
16. —	1944 -	—	— 2403	—	132.38
21. okt.	1944 -	—	— 2403	—	178.53
4. jan.	1945 -	—	— 2403	—	1.054.30
13. —	1945 -	—	— 2403	—	84.25
13. —	1945 -	—	— 2403	—	54.75
15. —	1945 -	—	— 2403	—	208.60
16. —	1945 -	—	— 2403	—	108.00
16. —	1945 -	—	— 2403	—	769.36
23. —	1945 -	—	— 2403	—	728.75
23. marz	1945 -	—	— 2403	—	336.36
27. apríl	1945 -	—	— 2403	—	3.000.00
23. maí	1945 -	—	— 2403	—	3.132.00
23. —	1945 -	Landsbankabók	— 692	—	500.00
24. —	1945 -	Útvegsbankabók	— 2403	—	256.48
26. —	1945 -	—	— 2403	—	750.24
26. —	1945 -	Landsbankabók	— 692	—	150.00
17. ágúst	1945 -	—	— 692	—	1.800.00
26. apríl	1946 -	—	— 692	—	1.000.00
28. maí	1946 -	—	— 692	—	1.175.00
12. ágúst	1946 -	—	— 692	—	2.628.76
29. —	1946 -	—	— 692	—	707.00
3. okt.	1946 -	—	— 692	—	3.000.00
4. —	1946 -	—	— 692	—	6.067.00
5. —	1946 -	—	— 692	—	1.194.61
23. des.	1946 -	—	— 692	—	3.100.00
11. febr.	1949 -	Útvegsbankabók	— 2403	—	300.00
18. sept.	1951 -	Landsbankabók	— 692	—	4.000.00
21. —	1951 -	—	— 692	—	356.50
11. marz	1954 -	—	— 692	—	1.768.08
21. maí	1954 -	—	— 692	—	30.000.00
28. ágúst	1954 -	—	— 692	—	1.000.00

 Kr. 72.340.95

Kr. 105.000.00 + 25.000.00 + 27.200.00 + 72.340.95 = kr. 229.540.95

Akærði hefur gefið út eftirtalda tékka á bækur nr. 692 og 2403

til greiðslu á útgjöldum Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar):

TAFLA NR. XLIII.

a) vegna rekstrar skólans:

14. júní	1944	kr.	1.771.88
13. júlí	1944	—	1.208.25
17. —	1944	—	1.366.80
4. ágúst	1944	—	1.439.73
19. janúar	1945	—	300.00
23. febrúar	1945	—	1.397.40
27. —	1945	—	1.134.28
27. marz	1945	—	538.40
4. apríl	1945	—	1.197.00
4. —	1945	—	1.197.00
4. —	1945	—	641.20
4. —	1945	—	1.134.28
4. —	1945	—	478.80
6. —	1945	—	1.410.64
6. —	1945	—	877.80
2. maí	1945	—	1.250.40
2. —	1945	—	833.60
6. —	1945	—	2.950.00
10. —	1945	—	916.96
11. —	1945	—	9.080.60
12. —	1945	—	333.44
12. —	1945	—	500.00
16. —	1945	—	833.60
20. —	1945	—	1.042.00
23. —	1945	—	1.000.32
24. —	1945	—	256.58
25. —	1945	—	853.50
8. júní	1945	—	1.753.60
28. —	1945	—	4.450.00
29. —	1945	—	3.500.00
5. marz	1947	—	6.900.00
7. júní	1951	—	436.35
20. september	1951	—	1.184.04
20. —	1951	—	1.249.59
21. —	1951	—	6.000.00
22. —	1951	—	5.000.00

18. febrúar	1951	—	929.92
-------------	------	---	--------

Samtals kr. 67.347.96

b) vegna byggingar skólans:

28. júní	1945	kr.	4.820.65
8. janúar	1946	—	17.083.90
17. —	1946	—	24.212.30
14. júní	1946	—	50.000.00
1. nóvember	1946	—	10.000.00
12. marz	1947	—	2.100.00

Kr. 108.216.85

Samtals kr. 175.564.81

F-liður.

Ákærði hefur borið það, að meginhluti tekna hans hafi verið hin lögákveðnu skólastjóraalaun auk 3 þúsund króna húsaleigustyrks á ári. Hann hafi þó einnig gegnt margvíslegum nefndarstörfum og fengið þóknun fyrir. Þá hafi hann haft nokkrar leigutekjur af húseign sinni, Vitastíg 8 A, og fengið smá-arð af hluta-fjáreign.

Árleg útgjöld hans hafi hvorki verið óeðlileg né óvenjuleg, heldur venjuleg fjölskyldu-útgjöld. Hann hafi haft nokkur útgjöld vegna húseignar sinnar og nokkrar ábyrgðir hafa fallið á hann, en aldrei háar fjárhæðir.

Helzta eign hans hafi verið fyrrgreind húseign, sem hann keypti á árinu 1929. Er hún tvær hæðir, ris og kjallari og að fasteignamati (hinu eldra) kr. 59.000.00. Hann hafi búið á annarri hæð hússins, en hina hluta þess, 3 íbúðir, hafi hann leigt út. Enn fremur hafi hann um árabíl átt nokkur hlutabréf og litla bifreið.

Hann hafi keypt greinda húseign í nokkuð mikilli skuld, en hann hafi greitt hana að nokkru, en nýlega hafi nýjar skuldir bætt við, sér í lagi skuldin við bæjarsjóð Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 337.861.82. Til annarra skulda hafi hann yfirleitt ekki stofnað.

Ákærði hefur annars vísað til skattframtala sinna um tekjur sínar, eignir og skuldir á ári hverju.

Skattstofa Reykjavíkur hefur látið dóminum í té skattframtöl ákærða á árunum 1929—1954, öll í frumriti, nema seinasta

árið í staðfestu afriti. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur tekið saman niðurstöðutölur framtalanna, og eru þær þessar:

Ártal	Tekjur:		Fasteign Húsgögn Bifreið	Verðbréf Hlutabréf	Peningar Bankainnst.	Skuldir
	Laun, húsal. (Pen.- tekjur)	Gjöld (án fyrn.)				
1928	4.949.00	1.288.00	3.000.00	100.00	1.166.00	11.447.00
1929	10.999.00	4.049.00	32.100.00	100.00	200.00	60.731.00
1930	13.343.00	5.795.00	32.100.00	1.100.00	99.00	61.734.00
1931	15.583.00	6.461.00	42.000.00	1.100.00		60.200.00
1932	15.059.00	6.160.00	45.700.00	1.850.00		58.801.00
1933	13.177.00	5.973.00	45.700.00	2.100.00		56.623.00
1934	13.966.00	5.960.00	45.700.00	1.950.00		55.328.00
1935	13.737.00	6.969.00	45.700.00	1.900.00		52.567.00
1936	14.351.00	6.152.00	45.700.00	400.00		48.247.00
1937	13.767.00	6.477.00	46.700.00	3.200.00		51.058.00
		R 152	2.000.00			
1938	16.310.00	6.705.00	46.700.00	3.200.00		47.303.00
		R 152	1.500.00			
1939	16.344.00	8.056.00	46.700.00	2.440.00		47.129.00
		R 152	1.000.00			
1940	17.760.00	9.036.00	46.700.00	3.340.00		44.761.00
		R 152	1.000.00			
1941	22.668.00	6.326.00	46.700.00	9.175.00		43.373.00
		R 152	1.000.00			
1942	31.109.00	7.199.00	72.500.00	5.675.00		41.863.00
		R 152	1.000.00			
(Breytt um)						
1944	43.541.00	11.339.00	66.900.00	16.675.00		53.827.00
	(vst. 5.119.00)	R 152	1.000.00	4.880.00	vikurst.	
1945	53.862.00	13.461.00	66.900.00	17.125.00		49.734.00
	(vst. 4.000.00)	R 152	1.000.00			
1946	64.975.00	13.238.00	67.900.00	17.125.00	3.400.00	45.119.00
	sk. 6.474.00	R 152	1.000.00			
1947	62.821.00	11.486.00	62.400.00	18.575.00		41.080.00
	sk. 11.230.00	R 152	16.000.00			
1948	66.336.00	17.797.00	62.400.00	18.575.00	6.819.00	41.917.00
	sk. 10.626.00	R 152	14.500.00			

sk. = skattar.
vst. = vikurst.

Ártal	Tekjur:		Fasteign Húsgögn Bifreið	Verðbréf Hlutabréf	Peningar Bankainnst.	Skuldir
	Laun, húsal. (Pen- tekjur)	Gjöld (án fyrir.)				
1949	93.389.00	35.960.00	62.400.00	19.775.00	5.814.00	39.629.00
	sk. 8.744.00	R 152	14.500.00			
1950	89.086.00	29.278.00	72.400.00	20.175.00	4.716.00	62.614.00
	sk. 16.375.00	R 152	11.500.00			
1951	86.021.00	28.801.00	67.400.00	20.175.00	2.613.00	58.071.00
	sk. 16.749.00	R 152	10.000.00			
1952	93.992.00	27.180.00	67.400.00	20.175.00		56.500.00
	sk. 12.103.00	R 152	8.500.00			
1953	96.210.00	32.069.00	64.400.00	21.325.00		55.499.00
	sk. 18.238.00	R 152	7.000.00			
1954	99.399.00	31.720.00	64.400.00	21.425.00		76.865.00
	sk. 15.007.00	R 152	6.000.00			

	1948	1949	1950	1951
Útistandandi skuldir:	1. jan.	1. jan.	1. jan.	1. jan.
Björgólfur Baldursson	6.000.00	6.000.00	6.000.00	6.000.00
Jón Ingimarsson		5.000.00		
Lárus Ingimarsson		5.000.00		
	Kr. 6.000.00	16.000.00	6.000.00	6.000.00

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins segir út af töflu nr. XLIV:

„Sýnir skráin m. a. útistandandi skuldir. Þar er ekki að finna þau lán, sem I. J. hefur talið sig hafa lánað ýmsum. Tekjur eru að vísu háar á framtölunum, en það eru gjöld einnig, að meðtöldum sköttum, og greiðsluafgangur verður ekki meiri en eðlilegur til lífeyris. Framtölin sýna, að nýjar víxilskuldir hafa verið litlar á þeim árum, sem I. J. telur sig hafa lánað ýmsum.

Nýjar víxilskuldir hafa verið:

Í árslok 1946 hjá	Útvegsbanka	1.500.00
- — 1947 —	Útvegsbanka	5.000.00
- — 1948 —	Landsbanka	2.800.00
- — 1948 —	Búnaðarbanka	3.000.00
- — 1949 —	Búnaðarbanka	7.000.00
- — 1949 —	Útvegsbanka	7.500.00
- — 1949 —	Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis	15.000.00

Síðasti víxillinn mun vera eigin víxill, sbr. tryggingarbréf, dskj. nr. 38.“

Meðal þeirra sakargagna, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, voru tvær bækur einkabókhalds ákærða, dskj. nr. 185—186.

Ákærði kveður, að bækur þessar séu nánast búreikningar, sem hann hefur haldið fyrir sig og heimili sitt, þ. e. yfirlit yfir tekjur sínar og kostnað við heimilishald sitt frá árinu 1938 og fram á árið 1954. Niðurstöðutölur tekna og gjalda eru sem hér segir:

TAFLA NR. XLV.

1. Bók, dómsskjal 185.

	Tekjur	Gjöld
1938	13.429.60	13.281.82
1939	15.044.60	15.034.23
1940	15.635.54	14.839.18
1941	20.356.06	18.889.37
1942	28.370.22	27.102.22
1943	37.502.45	31.353.49
1944	47.414.71	42.858.04
1945	50.648.96	45.158.18
1946	67.185.01	72.094.93

2. Bók, dómsskjal 186.

1947 opna 2	67.478.23	62.492.64
1948 — 4	81.279.60	71.316.95
1949 — 6	77.484.50	56.916.95
1950 — 8	62.118.00	65.163.70
1951 — 10	72.761.05	72.052.85
1952 — 12	79.570.75	68.382.85
1953 — 14	83.913.90	57.496.70
1954 — 16		Óuppgert.

G-liður.

Ákærði hefur haft undir höndum stórfelldar fjárhæðir, sem hann hefur lánað eða afhent með öðrum hætti ýmsum aðiljum eða notað til eigin þarfa, eins og rakið hefur verið í A—E-lið hér að framan. Ákærði hefur að vísu haldið því fram, að einn hluti þessa fjár, þ. e. fjárgreiðslur til Alpýðuprentsmiðjunnar h.f., hafi verið fengnar með sérstökum frjálsum framlögum ým-

issa manna, féлага og stofnana og að annar hluti fjárins, einkum greiðslur vegna Lárusar sonar hans, hafi verið endurgreiddar, en ákærði hefur ekki rökstutt það frekar, og eru þessi atriði nokkuð á huldu.

Tafla nr. XXXVI sýnir, að ákærði hefur gefið út tékka á 3 ávísanabækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar) til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., að fjárhæð samtals kr. 432.000.00.

Tafla nr. XXXVII sýnir, að ákærði hefur gefið út á eina ávísanabók gagnfræðaskólans vegna lánveitinga til tveggja starfsmanna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. tékka, að fjárhæð samtals kr. 35.000.00.

Tafla nr. XXXVIII sýnir, að ákærði hefur gefið út á 3 ávísanabækur gagnfræðaskólans vegna Lárusar sonar síns tékka, að fjárhæð samtals kr. 137.548.00, auk þess sem rekstrarhalli bifreiðarinnar R 2296, kr. 54.051.20, var greiddur af skólafé, sbr. C-lið hér að framan og VII. kafla.

Tafla nr. XLI sýnir, að ákærði hefur gefið út á 2 ávísanabækur gagnfræðaskólans til greiðslu ýmissa annarra einkaútgjalda sinna tékka, að fjárhæð samtals kr. 106.046.96.

Ákærði viðurkennir að hafa ekki haft glögg skil á milli fjár gagnfræðaskólans og síns eigin fjár og kveðst hafa greitt ýmis útgjöld skólans af fé sínu. Töflur nr. XLIV og XLV um tekjur og gjöld ákærða svo og eignir hans og skuldir sýna þó, að hann hefur ekki getað lánað eða afhent með öðrum hætti nokkrar verulegar fjárhæðir af persónulegu fé sínu, eignum eða tekjuafgangi eftir árið, og hvergi kemur fram, að hann hafi fengið fé að láni í þessu skyni.

Hér kemur einnig til, að í yfirliti ákærða yfir eignir gagnfræðaskólans, dags. 8. ágúst 1946, á dskj. nr. 19, sbr. nánar í VIII. og XIII. kafla, eru taldar fyrrgreindar sparisjóðsávísanabækur nr. 692 og nr. 2403, sem báðar eru skráðar á nafn ákærða sjálfs.

Enn fremur er niðurstaða endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins þessi:

„Eins og meðferð I. J. hefur verið á ávísun fjár á innstæður einkasparisjóðsávísanabóka og sparisjóðsávísanabóka gagnfræðaskólans, bæði vegna rekstrar og byggingar skólans, virðist ekki vera hægt að telja innstæður í sparisjóðsávísanabókareikningum bankanna, sem skráðir hafa verið á nafn Ingimars Jónssonar, *neina persónulega eign hans*, hvað þá heldur innstæður í þeim reikningum, sem skráðir hafa verið eign gagnfræðaskólans, en

á þá hefur I. J. jöfnum höndum ávísað og greitt með persónulegar greiðslur og persónuleg lán til ýmissa aðilja, eins og hann hefur orðað það í rannsókninni.“ Sbr. dskj. nr. 191, bls. 53.

Fyrir því verður dómurinn að líta svo á, að fjárgreiðslur ákærða, sem raktar eru í A—E-lið hér að framan, veiti verulegar upplýsingar um, hvað orðið hefur af þeim kr. 839.771.08, sem vantar í sjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar). Hins vegar þykir ekki unnt að segja nákvæmlega um, hve mikið af þessu fé hefur farið til einstakra framangreindra aðilja.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið í III. og VI. kafla, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 5. september 1941 til þeirra tímamarka vaxta, sem greinir í töflu nr. XIX í F-lið í III. kafla, hér að framan, dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, samtals kr. 441.681.92 (kr. 441.681.93).

Einnig er samkvæmt því, sem rakið hefur verið í IV. og VI. kafla, lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 31. desember 1946 til 31. desember 1954 dregið sér úr Nemendasjóði I í Gagnfræðaskóla Austurbæjar samtals kr. 57.374.60.

Loks er samkvæmt því, sem rakið hefur verið í V.—VI. kafla, lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 1. júlí 1945 til 31. desember 1954 dregið sér úr byggingarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar samtals kr. 340.714.57. Hér athugast, að í ákæruskjali er seinna tímamarkið tiltekið 5. júní 1952, en það er sá dagur, er ákærði greiðir seinast út fjárhæðir vegna skólabyggingarinnar, sbr. opnu 56 í dagbók (dálkasjóðbók), en þar sem í hinni tilgreindu fjárhæð ákæruskjalsins, kr. 340.714.57, eru innifaldir vextir til ársloka 1954, sbr. töflu nr. XXXI, þykir mega með heimild í 118. gr., 3. mgr., laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála miða við 31. desember 1954.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

VII. KAFLI.

Í desember 1945 eru kr. 54.051.20 færðar til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík sem halli á bifreiðinni R 2296. Í bókhaldi skólans kemur ekkert fram um kaup

eða sölu bifreiðar þessarar, hvorki kaupverð fært til gjalda né söluverð til tekna. Samkvæmt spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins var þetta Ford vörubifreið, smíðaár 1939, burðarmagn 2500 kg, áður merkt M 65, og hefur „Gagnfræðaskóli Reykjavíkur“ verið skráður eigandi hennar frá 5. ágúst 1942 til 18. desember 1944, en næst á undan Hilmar Höskuldsson, Njálsgötu 13, og næst á eftir Hjörtur W. Vilhjálmsson, Hrisateig 13.

Ákærði var þegar á fyrstu tveim dögum rannsóknar máls þessa, 23. og 24. maí 1955, yfirheyrður um bifreið þessa. Bar hann þá, að bifreiðin hafi verið keypt sem skólabifreið, og hafi fast hús fyrir 10—12 farþega verið á henni. Bifreiðin hafi verið keypt með vitund skólanefndar fyrir — að hann minnti — nálægt kr. 20.000.00, og hafi nefndin ekkert sérstakt haft við kaupin að athuga. Bifreiðin hafi verið talsvert notuð, einkum til flutnings nemenda í skíðaferðum þeirra og upp í skólaselid „Múla“, en ekki til einkaparfa ákærða. Kennarar skólans hafi venjulega ekið bifreiðinni, en stundum þó Lárus sonur hans. Ákærði kvaðst hafa tekið saman á nokkrum smáblöðum yfirlit yfir stofn- og rekstrarkostnað bifreiðarinnar og sýnt skólanefnd, og hafi hún talið rétt, að fjármálum bifreiðarinnar væri haldið utan við fjármál skólans sjálfs. Þess vegna hafi hann ekki fært neitt í sjóðbók skólans um kaupverð bifreiðarinnar eða rekstrarkostnað hennar. Tekjur hennar hafi verið sáralitlar og ekki aðrar en smáupphæðir, sem nemendur hafi greitt fyrir not bifreiðarinnar, ef greiðsla var tekin. Gjöld hennar hafi orðið nokkuð mikil, aðallega vegna árekstrar, sem hún lenti í og tryggingarfélag bætti ekki. Þetta hafi orðið til þess, að bifreiðin hafi verið seld með samþykki skólanefndar, og hafi söluverðið verið mun lægra en kaupverðið. Halli bifreiðarinnar, kr. 54.051.20, hafi síðan verið með samþykki skólanefndar færður til gjalda í sjóðbók í desember 1945, en þá hafi verið búið að draga frá söluverð bifreiðarinnar og það því ekki verið fært sérstaklega í sjóðbókina. Ákærði kvaðst hafa fært í fyrrgreint yfirlit kaupverð bifreiðarinnar, tekjur hennar og gjöld svo og söluverð, og hafi yfirlitið fylgt fylgiskjölum skólans skólaárið 1944—1945, og hélt hann, að yfirlitið hefði brunnið ásamt öðrum fylgiskjölum í brunanum í Franska spítalanum 1949.

Vitnið Guðni Jónsson skólanefndarmaður hefur borið það, að það hafi verið með vitund og samþykki skólanefndar, sem ákærði festi kaup á nefndri bifreið fyrir gagnfræðaskólann. Vitnið Hallbjörn Halldórsson skólanefndarmaður hefur borið, að það rámi

í, að skólinn festi kaup á bifreið, og telur það víst, að skólanefndin hafi samþykkt bifreiðakaupin. Bæði þessi vitni telja, að tilgangurinn hafi einkum verið sá að auðvelda með þessu flutning nemenda til skólaselsins og frá því.

Þau hafa ekki getað sagt um það, hvenær bifreiðin var keypt, hvert kaupverð hennar var, hvernig rekstur hennar eða bókhald var, hve lengi skólinn átti hana eða hvað varð um hana. Vitnin minnst þess ekki, að ákærði sýndi þeim yfirlit yfir stofn- eða rekstrarkostnað bifreiðarinnar eða að skólanefndin teldi rétt, að fjármálum bifreiðarinnar væri haldið utan við fjármál skólans sjálfs. Þá hafa vitnin ekki getað gefið skýringu á sjóðbókarfærslunni: „Halli á bifreiðinni R 2296 . . . 54.051.20“, en telja, að endurskoðendur ársreikninga skólans hljóti að hafa sannfærzt um réttmæti færslunnar, því að ella hefðu þeir ekki staðfest reikningana, og vitnið Hallbjörn rámar í, að talað hafi verið um viðgerðarkostnað skólabifreiðarinnar. Vitnin hafa ekki getað getið skýringu á því, að bifreiðarinnar er hvergi annars getið í reikningum skólans.

Vitnin Einar Magnússon og Gústaf A. Sveinsson, skólanefndarmenn, hafa enga skýringu getað gefið á færslunni: „Halli á bifreiðinni R 2296 . . . 54.051.20“ og hafa heldur ekkert getað borið um, hvort gagnfræðaskólinn átti nokkur tíma bifreið eða hvort skólanefndin tók nokkur tíma ákvörðun um kaup bifreiðar eða ræddi um bifreiðarkostnað eða bifreiðarmál skólans yfirleitt.

Vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, sem verið hefur kennari við gagnfræðaskólann frá því um haustið 1930, hefur borið það, að því sé ókunnugt um, að skólinn hafi átt bifreið, og minnst það þess ekki að hafa nokkru sinni heyrt talað um, að skólinn ætti bifreið eða hefði bifreið til ráðstöfunar eða afnota. Hefur vitnið engar upplýsingar getað gefið um bifreiðina R 2296 eða sjóðbókarfærsluna: „Halli á bifreiðinni R 2296 . . . 54.051.20“. Vitnið minnst þess, að líklega á árunum 1943 eða 1944 hafi Lárus sonur ákærða ekið nemendum í tvö skipti upp í skólaselið „Múla“, og hafi bifreiðin tekið 10—15 farþega og bilað í bæði skiptin. Kveðst vitnið hafa oft á þessum árum verið í skíðaferðum með nemendum skólans, og hafi þá einatt verið farið í öðrum bifreiðum, sem Lárus ók ekki. Vitnið heldur, að enginn úr kennaraliði skólans hafi þá kunnað að aka bifreið nema ákærði.

Vitnið Vignir Andrésen hefur verið íþróttakennari gagnfræðaskólans síðan á árinu 1930. Hefur vitnið borið, að á stríðsárunum hafi skólanemendur farið oft í skólaselið „Múla“. Á haustin

hafi þeir farið þangað mest til vinnu, en þegar komið var fram á veturinn, hafi þeir farið þangað í skíðaferðir og um þær hafi vitnið annazt. Skólinn hafi kostað vinnuferðir nemenda, en þeir hafi sjálfir orðið að bera kostnað við skíðaferðir. Hinir og þessir bifreiðastjórar hafi ekið nemendum í ferðum þessum, og vissi vitnið ekki, hvaða farartæki voru notuð. Vitnið man ekki til þess, að Lárus sonur ákærða æki nemendum nokkru sinni milli bæjarins og skólanselsins eða í nokkrum öðrum ferðum eða æki bifreið í þágu skólans. Vitnið kveðst ekkert geta borið um bifreiðina R 2296 og hefur aldrei vitað til þess, að gagnfræðaskólinn ætti nokkru sinni bifreið eða hefði bifreið til umráða.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson bifreiðarstjóri, Fífuhvamsvegi 13, Kópavogi, hefur borið það, að á árinu 1942 hafi það keypt umrædda bifreið, þá merkta M 65, og af hagkvæmisástæðum skráð hana á nafn Hilmars sonar þess, f. 5. febrúar 1935. Bifreiðin hafi verið í allgóðu ástandi og með húsi fyrir um 6 farþega, þ. e. með einni sætaröð fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra, og fyrir aftan húsið hafi verið áfastur vörupallur. Vitnið hafi svo átt bifreiðina í 2—3 mánuði, en selt hana þá ákærða í sama ástandi og hún hafði verið í, þegar það keypti hana. Vitnið man ekki, hvort það auglýsti bifreiðina áður til sölu, en það man, að ákærði og Lárus sonur hans komu til þess og litu á bifreiðina. Þeir hafi svo komið aftur litlu síðar, annaðhvort sama dag eða næsta dag, og festi ákærði þá kaup á bifreiðinni. Ákærði hafi greitt allt kaupverðið, kr. 25.000.00 eða kr. 28.000.00, þegar í stað, en vitnið man ekki, hvort hann greiddi það í reiðufé eða í tékka. Vitnið hafi gefið út afsal fyrir bifreiðinni, þar sem það lýsti yfir, að kaupverðið væri að fullu greitt. Vitnið kveðst ekki hafa vitað, til hvers ákærði ætlaði að nota bifreiðina, en því skildist, að Lárus ætti að aka henni og að hann hefði komið með ákærða til að vera með í ráðum um bifreiðarkaupin.

Vitnið Hjörtur Vilhelm Wium Vilhjálmsson verkamaður, Hjalla-vegi 2, hér í bæ, hefur borið það, að það hafi í desember 1944 keypt bifreiðina R 2296 af ákærða. Þetta hafi verið hálfkassabifreið með rúmi fyrir 6 farþega og í slæmu ástandi, t. d. yfirbygging hennar ónýtt. Atvikin að því, að það keypti bifreiðina, hafi verið þau, að rétt áður hafi það hitt Lárus son ákærða og skýrt honum frá, að það hefði hug á að kaupa bifreið. Lárus hafi þá sagt því, að nefnd bifreið væri til sölu og skyldi það tala við ákærða út af því máli. Vitnið hafi talað við ákærða, og hafi orðið úr, að það festi kaup á bifreiðinni fyrir kr. 18.000.00, sem vitnið

hafi greitt út þegar í stað. Vitnið hafi fengið afsal fyrir bifreiðinni. Vitnið kveðst síðan hafa farið á vörubifreiðastöðina Þrótt til að fá bifreiðina skráða þar á stöðina. Hafi því þá verið skýrt frá því, að bifreiðin væri þegar skrásett þar á stöðinni sem atvinnubifreið og skráð þar á nafn Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Hafi vitnið því ekki þurft annað en að fá nafn sitt ritað fyrir bifreiðinni á stöðinni. Loks skýrði vitnið frá því, að gefnu tilefni frá dómara, að það hefði séð Lárus son ákærða aka nefndri bifreið nokkrum sinnum hér í bænum, og minntist vitnið þess meðal annars, að nokkru áður en það keypti bifreiðina, hafði það séð Lárus aka bifreiðinni í setuliðsvinnu á Reykjavíkurlflugvelli.

Frumrit greinds afsals vitnisins Höskulds Jóhannessonar og afsals ákærða fyrir bifreiðinni voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í fyrra skjalinu er bifreiðinni afsalað til Gagnfræðaskólans í Reykjavík og kaupverðið, kr. 27.500.00, talið að fullu greitt. Í seinna skjalinu afsalar Gagnfræðaskólinn í Reykjavík bifreiðinni, og er því lýst yfir, að kaupandi hafi greitt kaupverðið að fullu, en hæð þess ekki tilgreind.

Vitnið Hjörtur Vilhelm Wium Vilhjálmsson var yfirheyrt seinast af framangreindum vitnum og ekki fyrr en 12. júlí 1955 sakir veru þess utan Reykjavíkur. Hófst dómarrinn þá þegar handa um að afla upplýsinga hjá vörubifreiðastöðinni Þróttj um margnefnda bifreið, R 2296, og verður nú rakið það, sem þá kom fram.

Vitnið Guðmundur Kristmundsson, Hólmgarði 2, hér í bæ, hefur verið framkvæmdastjóri vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar síðan á árinu 1948, og hefur vitnið athugað stöðvargjaldabækur félagsins á tímabilinu frá 1941—1944. Vitnið hefur borið það, að á miðju ári 1941 hafi Lárus Ingimarsson orðið skráður bifreiðastjóri hjá stöðinni, þ. e. orðið meðlimur stöðvarinnar, og hafi hann þá verið með bifreiðina R 590. Hann hafi fram til ársloka það ár greitt fullt stöðvargjald, kr. 12.00 á mánuði, en það gjald greiddu þeir bifreiðarstjórar, sem höfðu bifreið. Á tímabilinu frá janúar til júní 1942 hafi hann greitt aðeins kr. 2.00 á mánuði, svokallað biðgjald, en það greiddu þeir bifreiðarstjórar, sem höfðu ekki bifreið. Síðan hafi hann greitt fullt stöðvargjald kr. 12.00 á mánuði fyrir júlí og ágúst sama ár, og samkvæmt stöðvargjaldabókinni var það fyrir bifreiðina R 2296. Á tímabilinu frá september til desember sama ár hafi hann greitt aðeins biðgjald, en í október það ár hafi biðgjaldið hækkað úr kr. 2.00 í kr. 5.00 og stöðvargjaldið hækkað úr kr. 12.00 í kr. 20.00 á mánuði. Á tímabilinu frá janúar til marz 1943 hafi hann greitt fullt stöðvargjald

í einn mánuð, en aðeins biðgjald í tvo mánuði. Því næst hafi hann greitt fullt stöðvargjald til ársloka 1943. Um áramótin hafi hann átt ógreitt stöðvargjald fyrir 3 seinustu mánuði ársins. Bifreiðin R 2296 hafi í stöðvargjaldabókinni verið talin bifreið hans á árinu 1943. Á árinu 1944 sé ekki sjáanlegt, að honum hafi verið gert að greiða gjöld til Þróttar. Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr stöðvargjaldabók bifreiðastöðvarinnar, sem sýnir viðskipti Lárusar Ingimarssonar við stöðina á árunum 1942—1943, eins og að framan greinir.

Enn fremur hefur vitni þetta borið, að það hafi unnið hjá brezka hernum við gerð Reykjavíkurflugvallar að minnsta kosti á árinu 1942 og máske frá 1941 og þar til herinn fór af vellinum. Hafi vitnið séð um ráðningu verkamanna og bifreiðarstjóra við flugvallargerðina og haft þá reglu að láta aðeins bifreiðarstjóra, sem voru í Þrótti, fá vinnu. Vitnið kveðst muna eftir því, að Lárus Ingimarsson hafi verið í vinnu með bifreið við flugvallargerðina og sennilega hafi það verið, þegar flestir bifreiðarstjórar voru í vinnunni á árunum 1942 og 1943. Vitnið minnir, að Lárus hafi ekki verið lengi í vinnunni. Það man ekki eftir einkennistölu bifreiðar þeirrar, sem Lárus var með og ók í vinnunni, en segir, að bifreiðin hafi verið gráleit með stóru húsi og hafi sæti verið fyrir aftan sæti ökumanns í húsinu og bifreiðin sennilega tekið í sæti 5 farþega auk ökumanns. Vitnið minnir, að þetta hafi verið Ford bifreið og smíðaár hennar 1939 og að hún muni ekki hafa verið í sem beztu lagi.

Vitnið Vilmundur Vilhjálmsson bifreiðarstjóri, Nýlendugötu 12, hér í bæ, var framkvæmdastjóri Þróttar á árunum 1937—1948 og færði stöðvargjaldabækur stöðvarinnar þann tíma. Vitnið hefur borið, að það muni eftir því, að Lárus Ingimarsson ók vörubifreið um nokkurn tíma frá stöðinni, en vitnið man ekki, hve lengi eða á hvaða árum það var. Það man heldur ekki, hvaða eða hvers konar bifreið hann ók eða hvort hann ók fleiri en einni bifreið frá stöðinni, en man það, að bifreiðin var nokkuð stór. Vitnið man heldur ekki eftir einhverri tiltekinni vinnu, sem hann var í með bifreiðina.

Ákærða voru síðan kunngerðir framburðir framangreindra vitna, og bar hann þá eftirfarandi:

Hann kveður, að það sé rétt, að bifreiðin R 2296 hafi verið skráð sem bifreið Lárusar sonar hans á vörubifreiðastöðinni Þrótti. Aðspurður, hvers vegna hann hafi ekki skýrt frá þessu fyrr í rannsókn málsins, hefur hann svarað því til í fyrsta lagi, að hann hafi

ekki munað eftir því, að bifreiðin var skráð þar, fyrr en dómarrinn minntist á það við hann í dóminum, og í öðru lagi, að hann hafi lagt reikninga vegna bifreiðarinnar fyrir skólanefnd á sínum tíma og hún samþykkt þá og því hafi hann litið svo á, að þetta bifreiðarmál væri útrætt fyrir löngu síðan.

Ákærði kveðst hafa ráðið því einn, að bifreiðin var skráð hjá Þrótti. Hafi hann haldið, að vera mætti, að hægt væri að hafa eitthvað upp í kostnað bifreiðarinnar, ef henni væri ekið frá bifreiðarstöð, einkum á þeim tíma, þegar skólinn starfaði ekki. Nú hafi viljað svo til, að um það leyti, sem skólinn keypti bifreiðina, hafi Lárus sonur hans verið búinn að vera um skeið meðlimur Þróttar, en bifreiðarlaus. Hafi ákærða komið þá til hugar að fá Lárus til að aka bifreiðinni frá stöðinni, og muni Lárus, en ekki ákærði, hafa talað við starfsmann stöðvarinnar um málið. Ákærði kveðst ekki geta sagt um, hve lengi Lárus ók bifreiðinni á vegum Þróttar, en heldur, að það hafi ekki verið lengi, enda hafi bifreiðin ekki verið hentug til venjulegra vörubifreiðarnota. Hann kveðst ekki heldur muna, í hvaða vinnu Lárus var með bifreiðina á vegum Þróttar, en hann muni, að Lárus ók einhverri bifreið um tíma á Reykjavíkurflogvelli, þegar verið var að byggja hann. Ákærði minnst þess ekki, að hann talaði við skólanefndarmenn um þessa notkun bifreiðarinnar, enda kveðst hann ekki hafa talið sig þurfa að leita samþykkis annarra um þessa notkun hennar.

Ákærði kveðst vera sannfærður um, að hann hafi tekið við öllum tekjum bifreiðarinnar, sem inn komu vegna aksturs hennar frá Þrótti, og jafnframt, að hann hafi greitt öll útgjöld vegna hennar. Hann kveðst þó ekki muna eftir neinum einstökum tekjum bifreiðarinnar, sem hann tók við annaðhvort beint frá atvinnurekanda eða frá Lárusi, og hann muni ekki heldur eftir neinum einstökum gjöldum vegna bifreiðarinnar, sem hann greiddi. Hann kveður, að tekjurnar af bifreiðinni hafi hlotið að renna saman við aðrar tekjur, þ. e. rekstrartekjur skólans, og hið sama hafi gilt um útgjöld bifreiðarinnar, að þau hafi hlotið að vera greidd úr rekstrarsjóði skólans. Vísar hann til þess, sem hann hefur áður borið um, hvers vegna ekkert var fært í rekstrarreikninga skólans um tekjur eða gjöld bifreiðarinnar nema lokaniðurstaðan, kostnaðarliðurinn kr. 54.051.20 í reikningum skólaársins 1944—1945.

Ákærði kveður, að Lárus hafi fengið greitt kaup fyrir akstur bifreiðarinnar á vegum Þróttar með sama hætti og aðrir bifreiðarstjórar, sem óku vörubifreiðum fyrir aðra á þessum tíma, þ. e.

fengið ákveðinn hundraðshluta af brúttó aksturstekjum bifreiðarinnar, en hann man ekki, hve há fjárhæð það hefur verið.

Ákærði kveðst hafa fært á laus blöð eða öllu heldur í eina bók tekjur og gjöld bifreiðarinnar allt tímabilið, sem gagnfræðaskólinn var eigandi hennar, og einnig haldið saman öllum fylgiskjöllum vegna hennar. Hafi hann sýnt skólaneftarmönnum hvort tveggja, eins og hann bar fyrir í málinu.

Ákærði hefur ekkert sérstakt haft að athuga við framburði vitnanna Höskulds Jóhannessonar og Hjartar Vilhelms Wium Vilhjálmssonar, og hefur meðal annars ekki vefengt, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið 27.500.00 og söluverð kr. 18.000.00. Út af þeim orðum vitnisins Höskulds, að því hafi skilizt, að Lárus ætti að aka bifreiðinni, hefur ákærði þó tekið fram, að vitnið hafi ekki getað haft annað fyrir sér í því en að Lárus hafi ekið bifreiðinni burt frá vitninu, eftir að búið var að ganga frá kaupum hennar.

Hins vegar hefur ákærði, þráspurður, ekki viljað tjá sig um framburð vitnanna Sveinbjörns Sigurjónssonar og Vignis Andrés-sonar og aðeins sagt, að hann vilji ekki að svo stöddu breyta fyrri framburði sínum um notkun og akstur bifreiðarinnar R 2296, heldur vísa til fyrri framburðar síns um bifreiðina. Kveðst ákærði ekki vilja nafngreina nokkurn kennara skólans, sem hafi ekið bifreiðinni.

Lárus Ingimarsson hefur borið það, að hann muni eftir því, að bifreiðin R 2296 hafi um skeið á stríðsárunum verið í eigu gagnfræðaskólans. Hafi hann oft ekið bifreiðinni í þágu skólans, ýmist með nemendur í skólaselið eða þá verið í sendiferðum. Hann hafi verið meðlimur vörubílastöðvarinnar Þróttar og átt bifreiðina R 590, en selt hana og gefið Þrótti þá upp bifreiðina R 2296 sem ökutæki sitt. Hann muni ekki með vissu, hvort ákærði hafi ráðið því einn, að bifreiðin var skráð hjá Þrótti, en hann gengi út frá því, að ákærði hafi vitað um þetta. Lárus kveðst hafa verið sannfærður um, að honum hefði verið leyfilegt að tilkynna bifreiðina til Þróttar sem ökutæki sitt, þar sem hann hafi afhent ákærða allar tekjur af akstri bifreiðarinnar frá stöðinni. Ákærði hafi einnig greitt öll útgjöld bifreiðarinnar. Lárus kveðst ekki muna nánar um tekjur hennar eða gjöld eða í hvaða vinnu hún var, en aðspurður kveðst hann hafa máske um tíma ekið henni eitt-hvað í vinnu við gerð Reykjavíkurflugvallar, en hann muni ekkert nánar um það. Hann kveður, að ákærði hafi greitt honum kaup fyrir akstur bifreiðarinnar, en hann man ekki hvert það

var eða hvernig það var reiknað út. Lárus hefur neitað því, að bifreiðin hafi í fyrstu verið keypt vegna hans, heldur hafi hún áreiðanlega verið keypt vegna skólans.

Jón Ingimarsson, sonur ákærða, hefur borið, að það hafi komið fyrir, að hann æki skólabifreiðinni R 2296, einkum í erindum skólans, meðal annars með nemendur í skólaselíð. Einu sinni hafi bifreiðin lent, undir stjórn hans, í árekstri á Þingvallavegi, sbr. dskj. nr. 123. Hann kveðst ekkert geta borið um kaup eða rekstur bifreiðarinnar að öðru leyti.

Fram kemur í málinu, að bifreiðin R 2296 hefur lent í fjögur skipti í árekstri, á meðan hún var skráð á nafn Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Jón Ingimarsson ók henni í tvö skipti, Lárus Ingimarsson í eitt skipti, en ekki er vitað um ökumann hennar í eitt skipti. Tjón varð eigi á bifreiðinni nema í eitt skipti, 21. ágúst 1943 á Þingvallavegi, og var Jón þá ökumaður. Urðu þá verulegar skemmdir á bifreiðinni, eða nánar tiltekið á frambretti, mótoringum, vatnskassa, fjöður, öxli, millibilsstöng og grind. Bifreiðin var tryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., en ekki í „kaskó“tryggingu, og hefur félagið ekki getað gefið upplýsingar um, hver viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar var eða hver greiddi hann.

Samkvæmt skýrslu endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins virðist tilgreindur rekstrarhalli bifreiðarinnar, kr. 54.051.20, hafa orðið þannig til:

Kaupverð	kr. 27.500.00
Rekstrarútgjöld frá 5. ágúst 1942 til 18. desember 1944, ca	— 44.551.20
	<hr/>
	Kr. 72.051.20
Söluverð ca	— 18.000.00
	<hr/>
Rekstrarhalli	kr. 54.051.20

Með tilvísun til framburða vitnanna Guðna Jónssonar og Hallbjörns Halldórssonar, skólanefndarmanna, þykir mega fallast á það hjá ákærða, að hann hafi ekki í heimildarleysi hinn 5. ágúst 1942 fest kaup á bifreiðinni R 2296 fyrir fé úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík, kr. 27.500.00, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði í IV. tölulið ákæruskjals. Hins vegar þykir með vitnaframburðum þeim, sem að framan hafa verið raktir, nægileg sönnun vera fengin fyrir því, að ákærði hefur rekið bif-

reið þessa í þágu sjálfs sín, meðal annars í vinnu við Reykjavík-urflugvöll, hirt tekjur af rekstri hennar, en greitt gjöld vegna rekstrar hennar úr rekstrarsjóði skólans og fært síðan í desember 1945 í bækur rekstrarsjóðs kr. 54.051.20 sem tap á rekstri bifreiðarinnar, sem seld var hinn 18. desember 1944 fyrir kr. 18.000.00, og látið þá fjárhæð ganga einnig til greiðslu á tapi af rekstri hennar, eins og í IV. tölulið ákæruskjals greinir.

Ákærði hefur með þessu atferli gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjöðvöntun rekstrarsjóðs skólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

VIII. KAFLI.

Í júní 1945 hóf vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson prentari, Karlagötu 21, hér í bæ, vinnu í Alþýðuprentsmiðjunni, hér í bæ, og hefur starfað þar síðan. Á þessum tíma var faðir vitnisins byrjaður á byggingu húss á Kirkjuteig 14, hér í bæ, og fór vitnið í félag með honum um húsbygginguna. Skorti vitnið fé af þessum ástæðum. Talaði það við vitnið Jóhannes Zoëga, þáverandi prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar, um möguleika þess að fá allt að 50 þúsund króna lán. Kveður vitnið Ragnar Guðlaugur, að vera megi, að það hafi fyrst talað um 25 þúsund króna lán og síðar um viðbótarlán sömu fjárhæðar. Vitnið Jóhannes Zoëga tók vel í málið og sagði vitninu Ragnari Þorlaugi, að það skyldi tala við ákærða, því að máske gæti hann útvegað því lán, en hann var þá formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Hefur vitnið Jóhannes Zoëga tekið fram, að á þessum tíma hafi verið erfitt að fá prentara og því hafi stjórnendur prentsmiðja reynt að greiða sem mest úr fyrir prenturum til að halda þeim.

Nokkurt misræmi hefur verið milli framburða vitna og ákærða um, hvað síðan gerðist, og þykir gleggst að skýra frá framburðum hvers fyrir sig.

Vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson kveðst stuttu síðar hafa fengið lán, að fjárhæð kr. 25.000.00, og minnir það, að vitnið Jóhannes Zoëga hafi afhent því fjárhæðina og sagt því um leið, a. m. k. stuttu síðar, að hún væri frá ákærða, en hefur þó síðar talið, að vera megi, að ákærði hafi sjálfur afhent því hana. Vitnið man ekki, hvort fjárhæðin var í reiðufé eða tékka, og kveðst það ekki hafa ritað undir neina viðurkenningu fyrir móttöku

hennar og ekkert hafi heldur verið talað um lánstímann, nema að lánið væri til stutts tíma. Vitnið kveðst svo hafa fengið annað lán, að fjárhæð kr. 25.000.00, til viðbótar seint á árinu 1945 eða í ársbyrjun 1946 og minnir það fastlega, að ákærði hafi afhent því þá fjárhæð og að hún hafi verið í tékka á Landsbanka Íslands. Um sama leyti eða rétt á eftir hafi vitnið gefið út eiginvixil fyrir láni þessu, og minnir það, að þó nokkru áður hafi það verið búið að gefa út vixil fyrir fyrra láninu. Öruggt sé a. m. k., að það hafi gefið út tvo víxla til nokkurra mánaða, hvorn að fjárhæð kr. 25.000.00, fyrir láninu, og minnir það, að þeir hafi verið ritaðir á eyðublað frá Búnaðarbanka Íslands, en nánara efnj þeirra man vitnið ekki. Það hafi ekki getað greitt víxlana á gjalddaga, og hafi ákærði ekki gengið ríkt eftir greiðslu þeirra, en þó haft nokkrum sinnum orð á því við það, að hann þyrfti að fá þá greidda. Vitnið hafi svo greitt ákærða fjárhæð annars víxilsins um haustið 1949 eða í ársbyrjun 1950 og fjárhæð hins muni það hafa greitt í fyrsta lagi eftir maílok 1951, í báðum tilfellum ásamt vöxtum, sem það minnir að hafi verið 4%—5%, samtals 3—5 þúsund krónur. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um, hvaðan ákærði fékk lánsfjárhæðirnar, hvort það var hans eigið fé eða úr sjóði Alþýðuprentsmiðjunnar eða frá einhverjum öðrum aðilja.

Ákærði hefur borið það, að fyrir nokkrum árum hafi vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson verið að reisa hús og verið fjárþurfi og haft orð á því við hann, hvort hann gæti ekki útvegað því lán, en ákærði var þá formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., þar sem vitnið vann. Hafi hann veitt vitninu lán og tekið fjárhæð þessa af reiðufé gagnfræðaskólans. Hann muni ekki, hvort nokkuð skriflegt var gert um lánið eða hve hátt það var, en vefengir ekki, að það hafi numið kr. 50.000.00 og að vitnið hafi samþykkt vixil fyrir því. Þá muni hann ekki til þess, að lánið hafi verið veitt í tvennu lagi og að Jóhannes Zoëga Magnússon eða annar maður hafi haft einhverja milligöngu eða afskipti af láninu. Vitnið hafi svo endurgreitt lánið eftir einhvern drátt, en þó ekki eins langan og vitnið telur. Ákærði telur sennilegt, að lán þetta hafi verið veitt og endurgreitt á árinu 1946, enda hafi það verið veitt til mjög stutts tíma sem skyndilán.

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon kveðst hafa gengið út frá því, að ákærði hafi veitt vitninu Ragnari Þorlaugi lán, því að það hafi haldið áfram húsbýggingu sinni. Vitnið Jóhannes Zoëga kveðst hins vegar ekki hafa vitað, hve hátt lánið var, og önnur afskipti hafi það ekki haft af því.

Lagt hefur verið fram í málinu handritað yfirlit, dagsett 8. ágúst 1946, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 19) og var það meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitið, og hafi hann sjálfsagt gert það til að athuga eignir gagnfræðaskólans án aðgreiningar milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs skólans. Telur hann, að dagsetning og annað efni skjalsins hljóti að vera rétt. Einn af eignaliðum skjalsins er þessi: „Ragnar 50.000.00“. Kveður ákærði, að hér sé átt við nefnt 50 þúsund króna lán ákærða til vitnisins Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar.

Enn fremur hefur verið lagt fram annað handritað yfirlit, dagsett 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), og var það einnig meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Einn af verðbréfaliðum skjalsins er þessi „R. G. 54250/—“. Ákærði kveðst hafa ritað yfirlit þetta, en man ekki tilefnið. Kveður hann, að yfirlitið þyrfti alls ekki að vera gert til að taka saman eignir rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs gagnfræðaskólans, því að honum virðist sem hann hafi ritað á yfirlitið ýmis önnur atriði, sem komu þessum sjóðum skólans ekki við. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvað liðurinn: „R. G. 54250/—“ merkir. Hann telur möguleika vera á því, að R. G. sé fangamark einhvers manns og að 54250/— sé skuld þessa manns, en hver hann eða skuldareigandi þá sé, geti hann ekki sagt um. Eitt af þrennu komi hér til greina: að ákærði hafi sjálfur átt kröfuna, að rekstrarsjóður eða byggingarsjóður gagnfræðaskólans hafi átt hana eða að ákærði hafi haft einhverja umsýslu eða afskipti af þessari kröfu eða fjárhæð fyrir einhvern annan aðilja. Þetta geti ekki verið lánið til vitnisins Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar þegar af þeirri ástæðu, að það hafi verið endurgreitt á árinu 1946.

Á stofni nr. 1437 í tékkhefti fyrir sparisjóðsávísanabók nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. (dskj. nr. 84) stendur: Dags. 29. nóv. '45 Til Ragnar Guðm. Bræðr. 10 kr. 25.000.00. Ákærði kveður, að það sé vel hugsanlegt, að þetta sé greiðsla á helmingi lánsfjárhæðarinnar, en treystir sér þó ekki til að fullyrða neitt um það. Hann kveðst nú ekki muna sérstaklega eftir tilefni til eða atvikum að útgáfu tékka þessa, en segir þó, að hann sé gagnfræðaskól-anum alveg óviðkomandi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sbr. og það, sem áður var sagt um sparisjóðsávísanabók nr. 2403 í VI. kafla, er næg sönnun fengin fyrir því, að ákærði veitti vitninu Ragnari Þor-

laugi Guðmundssyni í heimildarleysi um eða eftir mitt árið 1945 lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé gagnfræðaskólans svo og nokkru síðar, eða 29. nóvember sama ár, sama manni einnig í heimildarleysi annað lán sömu fjárhæðar af fé nefnds skóla. Þykir upplýst, að vitnið gaf út eigin víxla fyrir lánunum, og kveður endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, að annar víxillinn hafi verið endurgreiddur um haustið 1949 eða í ársbyrjun 1950, en hinn endurgreiddur í fyrsta lagi eftir maílok 1951.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

IX. KAFLI.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson prentari, Fálkagötu 4, hér í bæ, hefur um margra ára skeið unnið í Alþýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ. Á árinu 1947 skorti það fé til að endurbæta hús sitt að Fálkagötu 4 og talaði það við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóra nefndrar prentsmiðju, um það, hvort það (vitnið Jóhannes Zoëga) gæti hjálpað því um peningalán í þessu skyni. Vitnið Jóhannes Zoëga benti vitninu Þorsteini á að snúa sér til ákærða, formanns prentsmiðjustjórnarinnar, og gerði vitnið Þorsteinn það.

Varð svo úr, að ákærði lét vitnið Þorstein fá lán að fjárhæð kr. 25.000.00, og var upphæðin greidd í tékka, dags. 17. maí 1947, útgefnum af ákærða á tékkabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands. Ákærði kveðst ekki muna, hvar hann greiddi vitninu Þorsteini út lánsfjárhæðina eða hvort aðrir voru þá viðstaddir, en vitnið Þorstein minnir fastlega, að hann hafi afhent því hana í prentsmiðjunni og að engir aðrir hafi þá verið viðstaddir.

Lánið átti að endurgreiðast þannig, að Alþýðuprentsmiðjan h.f. héldi eftir 50 krónum af vikulaunum vitnisins Þorsteins hverju sinni og skyldu þær færðar á reikning ákærða í prentsmiðjunni.

Um leið eða um sama leyti og vitnið Þorsteinn fékk greint 25 þúsund króna lán, samþykkti það víxil til 6 mánaða sömu fjárhæðar fyrir láninu. Var víxillinn dagsettur 16. maí 1947 og með gjalddaga 16. nóvember sama ár, en útgefandi hans var vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.

Vitnið Þorstein minnir, að það hafi undirgengist að samþykkja víxil fyrir láninu, um leið og það hafi tekið við því, og að skömmu síðar hafi vitnið Jóhannes Zoëga komið með víxilinn til þess og það þá undirritað hann sem samþykkjandi að beiðni vitnisins Jóhannesar Zoëga.

Vitnið Jóhannes Zoëga man ekki eftir atvikum að útgáfu víxilsins og minnir það helzt, að vitnið Þorsteinn hafi fengið það til að rita meginmál hans svo og nafn sitt sem útgefanda hans f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á þeim forsendum og af því, að vitnið Þorsteinn var prentari þar.

Ákærði man ekki heldur eftir því, hver atvik hafa legið til þess, að vitnið Jóhannes Zoëga f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. var útgefandi víxilsins, en telur, að líklegasta skýringin á þessu muni vera sú, að hann hafi viljað fá einnig ábyrgð prentsmiðjunnar á láninu, af því að það væri aukin trygging fyrir endurgreiðslu þess, og sérstaklega myndi prentsmiðjan gæta þess þá betur að halda eftir af vikulaunum vitnisins Þorsteins nokkurri fjárhæð til afborgana af láninu.

Ákærði hefur eindregið neitað því, að hann hafi lánað vitninu Þorsteini af fé gagnfræðaskólans, heldur hafi hann veitt því lán af eigin fé sínu. Vitnið Þorsteinn kveðst aftur á móti hafa gengið út frá því, að lánið væri ekki persónulega frá ákærða, heldur í raun og veru frá Alþýðuprentsmiðjunni h.f., og hafi sá háttur, sem hafður var á um endurgreiðslu lánsins, stutt þá trú þess.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson hefur lagt fram í málinu fyrrgreindan víxil að fjárhæð kr. 25.000.00, dskj. nr. 40. Bakhlið hans sýnir, að 29. desember 1947 hafi verið greiddar kr. 1.500.00 upp í víxilinn auk vaxta, að fjárhæð kr. 500.00, í hálf t. Jafnframt hefur nýr víxill verið útgefinn, að fjárhæð kr. 23.500.00. Þá hefur sama vitni lagt fram 10 kvittanir Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., samtals að fjárhæð kr. 5.500.00, fyrir greiðslum vitnisins upp í nefnt lán og tekið fram, að það hafi fengið margar fleiri kvittanir, sem glataðar séu. Kveðst vitnið hafa verið að smágreiða víxillánið niður, en ennþá sé nokkuð ógreitt af því. Ákærði kveður, að lítið muni vera eftir ógreitt af láninu.

Vitnið Theódór Friðgeirsson verzlunarmaður, Bræðraborgarstíg 37, hér í bæ, sem annast hefur bókhald og gjaldkerastörf Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. síðan um áramótin 1944—1945, hefur borið það, að það hafi samkvæmt beiðni vitnisins Þorsteins haldið eftir kr. 50.00 af vikukaupi þess hverju sinni vegna skuldar þess við ákærða, og samkvæmt beiðni hans (ákærða) hafi vitnið Theódór fært upphæðir þessar inn í viðskiptareikning hans við prentsmiðjuna sem lán frá honum til hennar. Í þeim viðskiptareikningi eru tvær færslur hér að lútandi: Önnur 31. desember 1950, að fjárhæð kr. 10.975.00, og hin 31. desember 1954, að fjárhæð kr. 8.062.50.

Ákærði kveður, að tvær seinasttaldar upphæðir hafi ekki átt að færast á viðskiptareikning þann, sem þær voru færðar á, en það hafi verið reikningur um peningaafhendingar hans til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., sbr. VI. kafla hér að framan, heldur hafi átt að færa þær á persónulegan viðskiptareikning hans við prentsmiðjuna og þá ekki sem lán af hendi hans til hennar, heldur greiðslu hans inn á einkaviðskiptareikning hans, sem hann gæti síðan ráðstafað að vild sinni.

Í hinu handritaða yfirliti, dagsettu 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), sem um getur í VIII. kafla hér að framan, er einn af verðbréfalíðunum þessi: „P. H. 23500/—“. Liðurinn er fyrir aftan liðinn „R. G. 54260/—“, sbr. VIII. kafla, og eru þeir lagðir saman og færðir út: 77.750.00. Ákærði hefur viðurkennt, að liðurinn „P. H. 23500/—“ merki umrætt lán hans til vitnisins Þorsteins Halldórssonar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins telur, að hinn 30. september 1955 hafi eftirstöðvar af þessari skuld vitnisins Þorsteins numið kr. 3.237.50, ef gert sé ráð fyrir því, að í innborgunum þess séu innifaldir vextir, en kr. 1.225.00, séu þær hreinar afborganir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, svo og því, sem sagt var um sparisjóðsávisanabók nr. 5211, sem var skráð eign byggingarsjóðs gagnfræðaskólans, og um fjármál ákærða almennt í V.—VI. kafla hér að framan, verður að telja — þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast — að lögfull sönnun sé fengin fyrir því, að hann veitti vitninu Þorsteini Halldórssyni hinn 16. eða 17. maí 1947 í heimildarleysi lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé gagnfræðaskólans. Sú fjárhæð, sem samkvæmt framansögðu hefur verið endurgreidd af láninu, hefur ekki runnið til skólans, heldur farið inn á persónulegan viðskiptareikning ákærða við Alþýðuprentsmiðjuna h.f.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjóðvöntun rekstrarsjóðs skólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

X. KAFLI.

Um vorið 1946 vantaði kennara við gagnfræðaskólann. Um sama leyti kom vitnið Guðmundur Þorláksson kennari, Eikju-

vogi 13, hér í bæ, erlendis frá. Ræddi ákærði við vitnið um möguleika þess, að það yrði kennari við skólann. Taldi vitnið sig ekki geta tekið við starfinu, nema því yrði hjálpað um lánsfé til að taka á leigu eða festa kaup á íbúð eða húsi hér í bænum. Kveðst ákærði hafa talað við skólanefndarmenn um málið og þeir fallizt á að veita vitninu lán úr rekstrarsjóði skólans til íbúðar- eða húsaкупа, ef hann vildi taka að sér kennarastarf við skólann, en lánsfjárhæðin muni ekki hafa verið fastákveðin. Hóf vitnið svo kennslu í skólanum haustið 1946, og var talað um það milli ákærða og vitnisins, að það fengi 70—80 þúsund króna lán til að geta innt af hendi útborgun í íbúð. Vitnið fann ekki hagkvæma íbúð og var í leiguhúsnæði um veturinn.

Síðla veturs bauðst vitninu til kaups húseignin Eikjuvogur 13 fyrir 160 þúsund krónur, og skyldi kaupverðið greitt allt út þegar í stað. Skýrði vitnið ákærða frá þessu og fór fram á 150 þúsund króna lán, en hann taldi illmögulegt að útvega því svo háa fjárhæð að láni. Eftir nokkurn tíma veitti ákærði vitninu þó lánið, að fjárhæð kr. 150.000.00. Kveðst hann hafa áður talað við einstaka skólanefndarmenn, þó að hann muni ekki, hverjir það voru, um að lánið hlyti að verða hærra en í fyrstu hefði verið ráð fyrir gert, og hafi þeir ekkert haft við það að athuga. Hann hafi þó ekki talað við nefndarmennina á formlegum fundi nefndarinnar, þar eð á þessum tíma hafi verið búið að leggja hana niður.

Ákærði greiddi lánið út í tvennu lagi og í bæði skiptin með tékka á sparisjóðsávisanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands. Fyrri tékkinn var útgefinn 5. marz 1947, að fjárhæð kr. 40.000.00, en sá seinni 4. maí sama ár, að fjárhæð kr. 110.000.00.

Vitnið festi kaup á húseigninni Eikjuvogi 13 og gaf út skulda-bréf til handhafa, dags. 2. maí 1947, fyrir lánsfjárhæðinni, kr. 150.000.00, með 1. veðrétti í eigninni. Skyldi lánið endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum, en vitnið kveður, að ákærði hafi samþykkt, að þegar lánið væri komið niður í kr. 100.000.00, mættu afborganir lækka niður í kr. 5.000.00 á ári. Vextir af láninu voru 4%.

Ákærði kveðst engan hlut hafa átt í því, að skuldabréfið var ekki gefið út til Gagnfræðaskólans í Reykjavík heldur til handhafa, og hafi vitnið fengið fasteignasala þann, sem Eikjuvog 13 hafði til sölu, til að semja bréfið. Vitnið kveðst hins vegar ekkert hafa skipt sér af því, til hvers skuldabréfið var út gefið, og hafi ákærði alveg séð um samningu og orðalag þess.

Ákærði tók við handhafaskuldabréfinu og sá um þinglýsingu þess. Fram kemur af bréfinu, en ljósmynd af því hefur verið lögð fram í málinu, að það hefur ekki verið móttakið til þinglýsingar fyrr en 3. desember 1947, og kveðst ákærði ekki muna, af hverju það hefur stafað.

Vitnið greiddi svo ákærða afborganir og vexti af bréfinu, og kvittaði hann fyrir móttöku greiðslanna á skuldabréfið hverju sinni. Hafði vitnið við upphaf rannsóknar máls þessa greitt í afborganir af bréfinu samtals kr. 60.000.00 og í vexti samtals kr. 33.800.00.

Ákærði færði ekki fyrrgreint peningalán, að fjárhæð kr. 150.000.00, til útborgunar í reikningshaldi skólans, og kveður hann, að ástæðan hafi að nokkru verið sú, að hann hafi haft mikið að gera, og að nokkru sú, að hann hafi talið það óþarfa, þar sem sanna mætti lánið með tilvist skuldabréfsins. Hann færði ekki heldur vexti og afborganir af láninu sem innkomið fé í reikningshald skólans, og kveður hann, að það hafi verið vegna þess, að hann hafi talið nægilegt að færa þær inn á bréfið sjálft.

Vitnið Sigurður Þórarinsson skólanefndarmaður hefur borið það, að rætt hafi verið um það á fundi nefndarinnar að fá vitnið Guðmund Þorláksson sem kennara að skólanum, og hafi vitnið verið því fylgjandi. Ákærði hafi skýrt nefndinni frá því, að nægilegt fé myndi vera til í einum sjóði skólans til að veita vitninu Guðmundi lán til íbúðarkaupa, en það hafi verið skilyrði þess fyrir því, að taka að sér kennarastarf við skólann. Nefndin hafi svo samþykkt að veita vitninu Guðmundi lánið, og minnir vitnið Sigurð fastlega, að fjárhæð þessi hafi verið milli 60 og 80 þúsund krónur, og alls ekki hærri.

Vitnið Björn Sigfússon skólanefndarmaður minnst þess, að ákærði hafi skýrt frá því á einum fundi nefndarinnar, að hætta væri á því, að gagnfræðaskólinn fengi ekki notið kennslukrafta vitnisins Guðmundar Þorlákssonar nema því aðeins, að honum yrði veitt lán til íbúðar- eða húsaþauka. Hafi nefndin samþykkt fyrir sitt leyti, að vitninu yrði veitt lán úr rekstrarsjóði skólans í þessu skyni, og minnir vitnið Björn, að hámark það, sem nefndin setti fyrir lánsfjárhæðinni, hafi verið 55—60 þúsund krónur. Á öðrum fundi nefndarinnar þó nokkru síðar hafi ákærði skýrt frá því, að nú væri vitnið Guðmundur búinn að fá kaup-tilboð á húsi, og síðan hafi hann bætt við orðrétt: „Ég held að við verðum að reyna að hafa einhver ráð með að hækka lánið mjög verulega til Guðmundar.“ Vitnið Björn kveður, að ákærði

hafi hlotið að nefna hámark lánsfjárhæðarinnar, en það muni ekki, hvert það var. Nefndin hafi engum andmælum hreyft gegn því að hækka lánið til vitnisins Guðmundar.

Vitnið Einar Magnússon skólanefndarmaður hefur borið það, að skólanefnd hafi samþykkt að veita vitninu Guðmundi lán til íbúðarkaupa, gegn því að hann yrði kennari við gagnfræðaskólann, og hafi nefndin ætlazt til, að lánið yrði veitt úr rekstrarsjóði skólans. Vitnið Einar telur líklegast, að nefndin hafi ákveðið hámark lánsfjárhæðarinnar, en telur nærri útilokað, að fjárhæðin hafi getað verið yfir 100 þúsund krónur, og hefur eftir á látið sér detta í hug 60—70 þúsund krónur. Vitnið heldur, að þetta hafi gerzt árið 1946, og minnst það þess ekki, að ákærði talaði nokkru sinni aftur við það um lánsfjárhæðina.

Vitnið Guðni Jónsson skólanefndarmaður hefur skýrt frá því, að líklega á árinu 1946 hafi ákærði farið þess á leit við skólanefndina, að hún samþykkti, að vitninu Guðmundi yrði veitt lán til íbúðar- eða húsakaupa, til að tryggja skólanum kennslukrafta þess. Nefndin hafi tekið þetta fyrir á fundi sínum og samþykkt, að því yrði veitt lán úr rekstrarsjóði skólans. Hámark lánsfjárhæðarinnar hafi verið tiltekið, en vitnið Guðni kveðst ekki muna, hvert það var, en segir, að það hafi ekki verið yfir 100 þúsund krónur. Hafi þetta verið bókað í gerðabók nefndarinnar. Vitnið Guðni kveður, að ákærði hafi ekki talað aftur við það um fjárhæð lánsins, en Aðalsteinn Eiríksson námsstjóri hafi um veturinn 1954—1955 skýrt því frá, að lánið hefði numið 150 þúsund krónum, og hafi sú fjárhæð þá komið vitninu (Guðna) alveg á óvart, því að það hafi gengið út frá því, að lánsfjárhæðin færi ekki fram úr því, sem skólanefndin hafði samþykkt.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að skólanefndin samþykkti, að vitninu Guðmundi Þorlákssyni væri veitt lán til íbúðar- eða húsakaupa úr rekstrarsjóði gagnfræðaskólans, en ekki er upplýst, hvert hámark lánsfjárhæðarinnar átti að vera. Framburðir vitnanna Sigurðar Þórarínssonar, Einars Magnússonar og Guðna Jónssonar benda til þess, að hámarkið hafi að minnsta kosti eigi verið hærra en 100 þúsund krónur, en framburður vitnisins Björns Sigfússonar getur veitt nokkra stoð þeim framburði ákærða, að skólanefndarmenn hafi samþykkt hærri lánsfjárhæð og meira að segja þá lánsfjárhæð, sem ákærði veitti vitninu Guðmundi. Þykir því vera varhugavert að telja fyllilega sannað, að ákærði hafi með því að veita vitninu Guðmundi lán að fjárhæð kr. 150.000.00 brotið gegn samþykkt skólanefndarmanna í þessu

efni. Hins vegar hefur ákærði með því að taka lánsfjárhæðina úr byggingarsjóði gagnfræðaskólans og þar að auki látið undir höfuð leggjast að færa skuldabréfið fyrir láninu byggingarsjóði til eignar, misfarið með fé þess sjóðs og þannig brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XI. KAFLI.

Vitnið Vignir Andrésson, Egilsgötu 22, hér í bæ, hefur verið kennari við Gagnfræðaskólann í Reykjavík (Austurbæjar) síðan á árinu 1930.

Vitnið hefur borið það, að fyrir nokkrum árum, máské árið 1948, hafi það þurft að leggja út kr. 15.000.00 vegna atvinnurekstrar, sem það þá var í, svo og vegna viðgerðar á húsi þess. Hafi vitnið af þessum ástæðum leitað eftir láni hjá ákærða, en því var kunnugt um, að hann hafði fé skíðaskálans „Múla“ undir höndum og að í þeim sjóði var nægilegt fé til að veita því lán. Ákærði hafi veitt því lánið, að fjárhæð kr. 15.000.00, og hafi vitnið haldið, að það væri veitt úr greindum skíðaskálasjóði, en kveðst nú ekki muna, hvort hann sagði því, að lánsfjárhæðin væri úr þeim sjóði eða hvort nokkuð var rætt um það mál sérstaklega milli þeirra. Vitnið man ekki heldur, hvort lánsfjárhæðin var greidd því í reiðufé eða tékka, en hún var öll greidd út í einu. Vitnið kveðst hafa gefið ákærða viðurkenningu fyrir láninu, en man ekki form hennar. Vitnið kveðst ekki muna nú, með hvaða skilmálum lánið var veitt, þ. e. hvenær eða hvernig það skyldi endurgreitt, en vitnið kveðst hafa endurgreitt ákærða lánið fljótlega, en man ekki nánar, hvenær það var.

Tilfnið til yfirheyrslu vitnisins Vignis um framangreint atvikið var það, að í hinu handritaða yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), sem um getur í VIII. og IX. kafla hér að framan, er einn af verðbréfalöðunum þessi: „V. A. 15.000/—“, en strikað er yfir liðinn.

Þegar ákærði var fyrst spurður um þenna lið í dskj. nr. 26 í sakadómi 13. júní 1955, kvaðst hann ekki geta sagt um, hvort stafirnir V. A. væru fangamörk ákveðins manns eða hvort upphæðin 15000/— væri lán til þess manns og ekki muna, hvers vegna strikað var yfir liðinn.

Ákærða var síðan í sakadómi 22. sama mánaðar gerður kunnur framburður vitnisins Vignis, og kvaðst hann þá ráma aðeins í það að hafa veitt því peningalán fyrir nokkrum árum og að

vitnið hafi endurgreitt það mjög fljótlega. Kveðst hann ekki muna nánar, hvenær lánið var veitt, fjárhæð þess eða önnur einstök atvik að því, en hefur ekkert sérstakt við framburð vitnisins Vignis að athuga og enga ástæðu til að álíta hann rangan á nokkurn hátt, en þó muni hann (ákærði) ekkert nánar frá eigin brjósti um lánið. Ákærði telur líklegast, að hann hafi strik- að yfir liðinn í fyrrgreindu skjali, þegar búið var að endurgreiða lánið, og muni það hafa verið endurgreitt rétt á eftir að yfirlitið í skjalinu var tekið saman.

Framburður vitnisins Vignis Andréssonar og færsla lánsins inn á dskj. nr. 26 styðja að vísu það, að ákærði hafi tekið lánsfjárhæðina af fé gagnfræðaskólans, en þó þykir samkvæmt mála- vöxtum, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, varhuga- vert að telja nægilega sönnun vera fram komna fyrir því, að svo hafi verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru VIII. töluliðs ákæruskjals.

XII. KAFLI.

Í margnefndu yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæð- ur, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 26, sbr. VIII., IX. og XI. kafla hér að framan, er einn af verðbréfalíðunum þessi: „J. Z. M. 10000/—“. Þótti dóminum ástæða til að athuga, hvort hér væri ekkj átt við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.

Hinn 10. júní 1955 skýrði vitnið Jóhannes Zoëga frá því í saka- dómi, að það hefði máské árið 1948 — og áreiðanlega fyrir árið 1950 — fengið persónulega lán hjá ákærða, að fjárhæð kr. 10.000.00. Vitnið hafi ekki vitað til annars en að ákærði hefði lánað því sitt eigið fé og gengið út frá því, að svo væri. Ákærði hefði greitt því út lánið í reiðufé á heimili sínu. Minnti vitnið, að það hefði samþykkt víxil fyrir lánsfjárhæðinni frekar en að það hefði gefið ákærða sérstaka kvittun. Vitnið mundi ekkert nánar um efni víxilsins. Vitnið lofaði ákærða því að endur- greiða honum lánið, þegar það gæti, en hann hefði aldrei krafði það eða haft orð á endurgreiðslu þess, og væri lánið enn að fullu ógreitt.

Síðar sama dag var lögð fram í dóminum viðurkenning vitnis- ins, dagsett 3. ágúst 1951, fyrir að hafa fengið kr. 12.000.00 að láni hjá ákærða, sbr. dskj. nr. 20. Taldi vitnið þá, að þetta væri viðurkenning þess fyrir fyrrgreindu láni, og því hefði það verið að fjárhæð kr. 12.000.00 og veitt 3. ágúst 1951.

Við yfirheyrslu 15. júlí sama ár benti vitnið loks á það sem möguleika, í tilefni þess, að þá hafði verið lagður fram í málinu tékki, útgefinn af ákærða til vitnisins 12. október 1950, að fjárhæð kr. 15.000.00, sbr. dskj. nr. 110, að lánið hefði verið greitt með tékka þessum og það því verið veitt 12. október 1950 og að fjárhæð kr. 15.000.00, en síðan hefði vitnið greitt kr. 3.000.00 upp í lánið og þá gefið ákærða viðurkenninguna á dskj. nr. 20 fyrir þeim hluta lánsins, sem ógreiddur var.

Hinn 11. júní sama ár var ákærði yfirheyrður um málið og bar þá eftirfarandi:

Hann kveðst hafa einu sinni lánað vitninu fjárhæð til persónulegra þarfa þess, og muni lánið hafa staðið í sambandi við húsbyggingu þess. Minnir hann, að lánsfjárhæðin hafi verið kr. 10.000.00. Hann man ekki, hvaða ár þetta var, en það hafi getað verið árið 1948. Hann man heldur ekki, hvort lánsfjárhæðin var greidd út í reiðufé eða tékka, en telur sennilegt, að hún hafi öll verið greidd út í einu lagi. Ákærði kveðst ekki muna, hvaðan hann tók lánsfjárhæðina, en hann hafi tekið hana af fé, sem hann hafði undir höndum, og máske hafi hann tekið hana úr einhverri sparisjóðsbók gagnfræðaskólans eða af reiðufé skólans, enda hafi hann ekki haft glögg skil milli fjár skólans og eigin fjár. Ákærði kveðst hafa hugsað lánveitingu þessa sem persónulegt lán ákærða til vitnisins, og hafi hann vissulega átt nægilegt fé sjálfur fyrir láni þessu. Hann telur líklegt, að vitnið hafi gefið honum kvittun fyrir láninu, en það hafi þó líka getað verið, að vitnið hafi samþykkt víxil fyrir því. Vitnið kvaðst mundu endurgreiða honum lánið, þegar það gæti það, en það væri ógreitt enn í dag, þó að hann hefði gengið eftir endurgreiðslu þess. Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekki í annað skipti lánað vitninu fé til persónulegra þarfa þess.

Hinn 13. júní 1955 var ákærði yfirheyrður um dskj. nr. 26, og kvað hann þá, að liðurinn „J. Z. M. 10000/—“ í því ætti við umrætt 10 þúsund króna lán til vitnisins Jóhannesar Zoëga.

Á stofni nr. 75608 í einu tékkhefti fyrir sparisjóðsávisanabók nr. 5211 í Landsbanka Íslands stendur þessi áletrun: „18/6 '48 Til Jóh. Z. Magn. kr. 10.000.—“. Hefur dómurinn fengið tékka þenna afhentan í bankanum og tékkinn verið lagður fram í málinu, sbr. dskj. nr. 138. Á bakhlið hans er nafnið Jóhannes Z. Magnússon.

Þá var meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, víxill samþykktur af vitninu Jóhannesi Zoëga, óút-

gefinn, dagsettur 18. júní 1948, að fjárhæð kr. 10.000.00, dskj. nr. 180.

Eftir framlagningu þessara skjala hefur ákærði borið, að hann hafi einmitt greitt fyrrgreint 10 þúsund króna lán til vitnisins Jóhannesar Zoëga með nefndum tékka og vitnið samþykkt greindan víxil fyrir láninu. Hins vegar hafi hann ekkert hirt um að notfæra sér víxilréttinn og knýja vitnið til endurgreiðslu víxil-fjárhæðarinnar.

Vitnið Jóhannes hefur hins vegar haldið því fram, að greindur tékki hafi ekki verið til þess persónulega, heldur afhentur til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., en það hafi svo ábekt hann um leið og það hefur fengið hann greiddan í bankanum. Þá kveður vitnið í lokaframburði sínum 5. ágúst 1955, að víxillinn á dskj. nr. 180 sýni, að 18. júní 1948 hefur það fengið kr. 10.000.00 hjá ákærða og ritað víxilinn til tryggingar endurgreiðslu fjárhæðarinnar. Hins vegar muni það ekki sérstaklega eftir viðtöku þessara 10 þúsund króna og nánari atvikum að ritun víxilsins. Heldur vitnið fast við það, sem það hefur áður borið í málinu, að það hafi aðeins í eitt skipti fengið persónulega lán hjá ákærða og sé það enn ógreitt. Vitnið hafi alltaf minnt, að fjárhæð lánsins væri 12—15 þúsund krónur, og að lánið væri veitt því á árinu 1950 eða 1951. Þetta minni vitnið enn. Hins vegar geti víxillinn á dskj. nr. 180 bent til þess, að það hafi ekki munað þetta rétt, þannig að lánsfjárhæðin hafi í raun og veru verið kr. 10.000.00 og hún veitt 18. júní 1948.

Dómurinn telur, að samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sé nægileg sönnun fengin fyrir því, að um sumarið 1948, eða nánar tiltekið 18. júní það ár, veitti ákærði án nokkurrar heimildar vitninu Jóhannesi Zoëga Magnússyni lán að fjárhæð kr. 10.000.00 og greiddi það með tékka á sparisjóðsávisanabók byggingarsjóðs gagnfræðaskólans nr. 5211 við Landsbanka Íslands, og er lánið enn ógreitt. Samkvæmt þessu og með tilvísun til þess, sem áður var sagt um sparisjóðsávisanabók nr. 5211 í VI. kafla, hefur ákærði með greindu atferli sínu brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XIII. KAFLI.

Í yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 26, sbr. VIII.—IX. og XI.—XII. kafla hér að framan, er einn af verðbréfaliðunum þessi: „V. G. 10000/—“.

Er liðurinn á eftir liðnum „J. Z. M. 10000/—“ og þeir lagðir saman og færðir út með 20.000.00.

Ákærði var fyrst yfirheyrður um liðinn „V. G. 10000/—“ í dómþingi 13. júní 1955. Kvaðst hann þá engar upplýsingar geta gefið um lið þenna og ekki geta sagt um, hvort „V. G.“ væri fangamark einhvers manns eða hvort fjárhæðin „10000/—“ væri lán frá ákærða til hans. Myndi hann þetta svo óglögg, að hann vildi ekkert láta hafa eftir sér um það mál.

Í dómþingi 22. sama mánaðar kvað ákærði, sérstaklega aðspurður, að stafirnir „V. G.“ gætu verið upphafsstafir frænda hans Valdimars Guðmundssonar, áður lögregluþjóns, en nú fanga-varðar. Kvaðst ákærði muna eftir því, að fyrir nokkrum árum lánaði hann Valdimar smá-peningaupphæðir í stuttan tíma, og stóð hann (Valdimar) jafnan skil á lánunum. Kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir því, að hann lánaði Valdimar kr. 10.000.00, en greindur liður í dskj. nr. 26 benti til, að svo hefði verið. Kvaðst ákærði engar frekari upplýsingar geta gefið um lán þetta.

Valdimar Guðmundsson fangavörður, Skólavörðustíg 9, hér í bæ, var sama dag kvaddur til að bera vitni í málinu.

Hefur vitnið skýrt frá því, að það sé persónulegur kunningi og frændi ákærða. Í júní eða júlímánuði, líklega árið 1948, hafi vitnið haft hug á því að festa kaup á bifreið, en skort nægilegt reiðufé til þess og þá snúið sér til ákærða og spurt hann að því, hvort hann gæti veitt því 10 þúsund króna lán í þessu skyni. Ákærði hafi veitt því lánið og greitt það út í reiðufé, og kveðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir því, hvort það rit-aði skriflega viðurkenningu fyrir láninu, en máske hafi það þó samþykkt víxil fyrir lánsfjárhæðinni. Vitnið minnir, að ekki hafi verið talað um það milli þess og ákærða, hvenær endurgreiða ætti lánið, en vitnið kveðst hafa endurgreitt það nokkru síðar á sama ári, líklega í þrennu lagi. Vitnið kveðst hafa litið svo á, að þetta hafi verið persónulegt lán ákærða því til handa, og hafi það ekki haft ástæðu til að ætla annað en að hann veitti því lánið af eigin fé sínu, en vitnið minnir, að þetta hafi alls ekki borið sérstaklega á góma milli þeirra.

Sama dag var þessi framburður vitnisins Valdimars Guðmundssonar gerður ákærða kunnur, og kvaðst hann þá ekkert hafa við hann að athuga og ekki hafa ástæðu til að ætla hann rangan á nokkurn hátt, en hins vegar myndi hann (ákærði) ekkert nánar eftir atvikum að lánveitingunni. Þá hefur ákærði staðhæft, að

lánið hafi verið persónulegt lán frá honum til vitnisins Valdimars og að hann hafi greitt því lánið út af eigin fé.

Færsla framangreinds láns ákærða til vitnisins Valdimars inn á yfirlitið á dskj. nr. 26 styður það að vísu, að ákærði hafi tekið lánsfjárhæðina af fé gagnfræðaskólans, en þó þykir samkvæmt málavöxtum, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, varhugavert að telja fulla sönnun vera fram komna fyrir því, að svo hafi verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru X. töluliðs ákæruskjals.

XIV. KAFLI.

Í yfirliti dags. 8. ágúst 1946, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 19 er einn liðurinn þessi: „Alþrsm. 153.304.56“ og lagður saman við liðinn „Ragnar 50.000.—“, sbr. VIII. kafla hér að framan.

Skjal þetta var lagt fram í dómpingi 9. júní 1955, og bar ákærði þá, að í skjalinu væru taldar fram eignir gagnfræðaskólans án aðgreiningar milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs skólans.

Ákærði kvaðst þá ekki muna með neinni vissu, hver verið hefðu atvik að eignaliðnum: „Alþrsm. 153.304.56“. Máske hefðu atvikin verið þau, að fyrir nokkrum árum var Alþýðuprentsmiðjan h.f. að fá nýja prentvél, en skorti handbært fé til greiðslu hennar, en átti von á láni í Landsbanka Íslands. Taldi ákærði þá líklegast, að hann hefði lánað prentsmiðjunni, en hann var þá formaður stjórnar hennar, umrædda fjárhæð, kr. 153.304.56, af því reiðufé, sem hann hafði undir höndum af fé gagnfræðaskólans. Lánið hafi verið veitt aðeins til bráðabirgða og ekkert skriflegt verið gert um það og það hafi verið endurgreitt þá litlu síðar, þegar prentsmiðjan fékk bankalánið. Ákærði hafi verið í rauninni hvort tveggja í senn lánveitandi og lánþiggjandi.

Næsta dag var vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóri Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., yfirheyrt um fyrrgreindan eignalið í dskj. nr. 19. Vitnið skýrir frá því, að liðurinn hljóti að vera andvirði hraðpressu, sem prentsmiðjan keypti árið 1946. Kaupverð vélarinnar hafi verið áætlað nokkuð á annað hundrað þúsund krónur, en prentsmiðjuna hafi skort reiðufé til greiðslu þess. Ákærði hafi þá verið formaður prentsmiðjunnar, og hafi hann útvegað fé til að greiða kaupverð vélarinnar, en vitnið kveðst ekki vita, hvar eða með hverjum hætti hann fékk féð eða með hvaða skilmálum prentsmiðjan fékk féð og ekki muna heldur,

hvort það tók við fénu og greiddi það út. Vélin hafi síðan verið sett upp í prentsmiðjunni, og hafi heildarkostnaðarverð vélarinnar ásamt kostnaði við uppsetningu hennar verið um kr. 160.000.00. Nokkru síðar hafi prentsmiðjan fengið víxillán í Landsbanka Íslands greindrar fjárhæðar, og hafi ákærða þá verið endurgreitt lánið.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, voru tvær kvittanir, önnur útgefin 16. nóvember 1945 af Jóhannesi Zoëga Magnússyni f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. til viðurkenningar á því, að ákærði hafi lánað prentsmiðjunni til kaupa á blaðapressu kr. 10.000.00, en hin útgefin 22. nóvember 1946 af Th. Friðgeirssyni f.h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. til viðurkenningar á því, að ákærði hafi lánað prentsmiðjunni til véla-kaupa kr. 90.000.00, sbr. kvittanir í umslagi þingmerktu nr. 21 og töflu nr. XXXIII í A-lið VI. kafla.

Enn fremur var meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, reikningsyfirlit varðandi Alþýðuprentsmiðjuna h.f., sbr. dskj. nr. 22 og töflu nr. XXXII, og eru í því meðal annars þessir liðir:

16/11	1945	f. f. á. til kaupa á pressu	kr.	10.000.00
22/11	(1946)	Lánað prentsmiðjunni til kaupa á pressu	—	90.000.00
13/2	1947	Endurgreitt lán til pressu	—	100.000.00

Þá hefur dómurinn fengið þær upplýsingar hjá Landsbanka Íslands, að bankinn hafi hinn 12. febrúar 1947 keypt víxil samþykktan af Alþýðuprentsmiðjunni h.f. og út gefinn af ákærða pr. 13. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 160.000.00, sbr. dskj. nr. 23.

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon kveður í sakadómi 10. júní 1955, að lokinni athugun á fyrrgreindum tveimur kvittunum í umslagi þingmerktu nr. 21, að þær sýni, að vitnið hafi tekið við samtals kr. 100.000.00 hjá ákærða vegna kaupa á hraðpressu Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., þó að það muni ekki sérstaklega eftir því.

Vitnið Theódór Friðgeirsson hefur staðfest nafnritun sína undir 90 þúsund króna viðurkenninguna. Kveður vitnið, að það hafi komið fyrir, að vitnið Jóhannes Zoëga hafi beðið það um að semja og undirrita kvittanir fyrir lánsfjárhæðum til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., meðal annars frá ákærða, og hafi vitnið Jóhannes Zoëga þá ráðið orðalagi kvittananna og tekið síðan við þeim, en síðar hafi það afhent því (vitninu Theódór) fjárhæðir þeirra.

Er framburður vitnisins Jóhannesar Zoëga, um kvittanirnar í umslagi þingmerktu nr. 21, rakinn nánar í A-lið VI. kafla hér að framan.

Ákærða voru gerð kunn framangreind skjöl í dómpingi 11. júní 1955, og var framburður hans þá þessi:

Hann kveður, að yfirlitið á dskj. nr. 22 sýni, að hann hefur hinn 16. nóvember 1945 lánað Alþýðuprentsmiðjunni h.f. kr. 10.000.00 og hinn 22. nóvember 1946 kr. 90.000.00 til kaupa á blaðapressu. Kvittanirnar tvær í umslagi nr. 21, sem fyrr getur, séu viðurkenningar prentsmiðjunnar fyrir lánveitingum þessum, og sýni dagsetning dskj. nr. 19, að hann muni ekkj hafa fengið seinni kvittunina fyrr en nokkru eftir að prentsmiðjan fékk þargreint lán. Þá sýni yfirlitið á dskj. nr. 22, að prentsmiðjan hefur endurgreitt honum lánin 13. febrúar 1947. Enn fremur kveðst ákærði hafa lánað prentsmiðjunni meira fé, vafalaust í sambandi við kaup blaðapressunnar og uppsetningu hennar, en hann kveðst ekki hafa fengið kvittun fyrir þeirri upphæð. Samkvæmt yfirlitinu á dskj. nr. 19 ætti fjárhæðin að hafa verið kr. 53.304.56, og rengir ákærði ekki, að svo hafi verið. Lán þetta svo og fyrrnefndu lánin hafi prentsmiðjan endurgreitt með 160 þúsund króna víxilláninu í Landsbankanum. Ákærði kveðst hafa greitt allar þessar lánsfjárhæðir af fé gagnfræðaskólans.

Samkvæmt stofni nr. 1436 í tékkhefti fyrir sparisjóðsávísana-bók nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. (dskj. nr. 84) hefur ákærði gefið út hinn 15. nóvember 1945 tékka á þá bók til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., að fjárhæð kr. 10.000.00, og hefur ákærði borið, að tékki þessi hafi verið til greiðslu á útgjöldum, sem verið hafi alveg óviðkomandi gagnfræðaskólanum. Jafnframt hefur hann borið (1. júlí 1955), að það sé vel hugsanlegt, að kvittun, sem hann fékk fyrir afhendingu fjár til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., hafi verið dagsett einum eða tveimur dögum fyrir eða eftir afhendingu fjárins.

Samkvæmt framburði ákærða sjálfs og öðru, sem rakið hefur verið hér að framan, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á árinu 1945, sennilega í nóvember, og á árinu 1946, sennilega í nóvember, veitt í heimildarleysi Alþýðuprentsmiðjunni h.f. tvö lán eða fleiri af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Austurbæjar, samtals að fjárhæð kr. 153.304.56, til kaupa á prentvél og uppsetningu hennar, en bæði ákærða og þáverandi prentsmiðjustjóra prentsmiðjunnar ber saman um, að lánin hafi verið endurgreidd nokkru eftir 12. febrúar 1947.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XV. KAFLI.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, er dskj. nr. 114, sem er viðurkenning Jóh. Zoëga f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., dagsett 28. maí 1954, fyrir lánveitingu ákærða til hennar, að fjárhæð kr. 30.000.00, en strikað hefur verið yfir orðin „Alþýðuprentsmiðjan h.f.“

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon hefur staðfest nafnritun sína undir lánsviðurkenningu þessa, en kveður, að þetta hafi ekki verið persónulegt lán því til handa, heldur fjárafhending frá ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Þessi fjárafhending hafi þó ekki verið færð sem skuld prentsmiðjunnar við ákærða, þ. e. í viðskiptareikning hans hjá prentsmiðjunni, heldur sem greiðsla frá vitninu til hennar, og hafi ástæðan verið sú, að hér hafi verið um að ræða hreint skyndilán, sem vitnið hafi lofað ákærða að endurgreiða þá rétt á eftir. Raunin hafi þó orðið sú, að lánið sé ennþá allt ógreitt.

Ákærði hefur borið það, að dskj. nr. 114 sé viðurkenning á viðtöku þeirra kr. 30.000.00, sem hann greiddi út með tékka sömu fjárhæðar, dags. 28. maí 1954, á ávísanabók sína nr. 692 við Landsbanka Íslands, sbr. tékkastofn nr. 10494 í tékkhefti þingmerktu nr. 83. Fjárgreiðsla þessi hafi ekki verið til vitnisins Jóhannesar Zoëga persónulega, heldur persónulegt lán frá honum til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Þetta hafi verið skyndilán og átt að endurgreiðast mjög fljótlega, en þó sé það enn ógreitt. Ákærði hefur ekki gefið aðra skýringu á því, að lánið skuli ekki vera talið upp í viðskiptareikningi hans við prentsmiðjuna, en þá, að ef til vill hafi ekki verið talið taka því að bóka það, vegna þess til hve stutts tíma það átti að vera. Ákærði hefur staðhæft, að lán þetta sé algerlega óviðkomandi fjármálum gagnfræðaskólans og hreint einkamál ákærða og prentsmiðjunnar.

Samkvæmt því, sem rakið var í VI. kafla hér að framan, er sparisjóðsávísanabók nr. 692 við Landsbanka Íslands skráð á nafn ákærða sjálfs. Hann lagði þó inn í bókina fé gagnfræðaskólans og hefur ekki getað bent á, að nokkurt ákveðið innlag í bókina hafi verið af hans einkafé nema kr. 80.000.00, sem hann lagði inn í hana 28. apríl 1954, en þá voru þar fyrir aðeins kr. 104.36, sbr. dskj. nr. 81. Ákærði kveður, að greindar kr. 80.000.00 hafi verið af lifeyrissjóðsláni því, að fjárhæð kr. 100.000.00, sem hann fékk

daginn áður, 27. apríl. Hinn 21. maí sama ár gaf ákærði svo út tékka, að fjárhæð kr. 30.000.00, á innstæðu bókarinnar, og hinn 28. sama mánaðar fyrrgreindan tékka sömu fjárhæðar, sbr. tékkastofn nr. 10494 í tékkhefti þingmerktu nr. 83. Þykir rétt að leggja framburð ákærða um 80 þúsund króna innlagið til grundvallar, enda framburðurinn mjög sennilegur, og telja verður, að báðir þessir tékkar hafi verið greiddir af lífeyrissjóðsláni ákærða, en ekki af fé gagnfræðaskólans. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af ákæru XII. tölulíðs ákæruskjals.

XVI. KAFLI.

Samkvæmt beiðni dómsins lét Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis með bréfi, dags. 15. júní 1955, dóminum í té staðfest afrit af tryggingarbréfi, dags. 22. febrúar 1949, útgefnu af ákærða, þar sem hann setur sparisjóðnum að handveði 4½% ríkisskulda-bréf frá 1941, Litra A nr. 1, 2, 3 og 4, hvert að fjárhæð kr. 5.000.00, til tryggingar greiðslu á víxli, útgefnum 22. febrúar 1949 af ákærða sjálfum (eigin víxill) með gjalddaga 22. ágúst 1949, að fjárhæð kr. 16.500.00. Var skjalið lagt fram í dóminum 20. júní 1955 og þingmerkt nr. 38. Sama dag var ákærði yfirheyrður um málið.

Ákærði staðfestir efni dskj. nr. 38 að öllu leyti, svo og undirskrift sína undir frumrit skjalsins. Kveður hann, að ríkisskulda-bréfin fjögur, sem hann setti að handveði, hafi verið eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sbr. D-lið III. kafla hér að framan, og að víxillinn, sem bréfin voru sett að handveði fyrir, hafi verið persónulegur víxill hans og gagnfræðaskólanum alveg óviðkomandi, en hann muni ekkert nánar um, hvað hann gerði við víxilfjárhæðina. Kveðst hann hafa talið það vera alveg óhætt að setja þessi 4 ríkisskulda-bréf rekstrarsjóðs skólans að handveði fyrir sínum eigin persónulegu víxilskuldbindingum, því að hann hafi skoðað sig bera ábyrgð áfram sjálfur á bréfunum gagnvart sjóðnum, þó að bréfin væru geymd í sparisjóðnum.

Eins og fram kemur í töflu nr. XV í D-lið III. kafla, var bréf Ltr. A nr. 1 útdregið 2. janúar 1950, bréf Ltr. A nr. 2 útdregið 2. janúar 1953 og bréf Ltr. A nr. 3 útdregið 2. janúar 1955. Kveður ákærði, að fjárhæðir bréfa þessara, svo og fjárhæðir vaxtamiða allra bréfanna fjögurra, hafi gengið upp í greiðslu fyrrgreinds víxils, og voru eftirstöðvar hans 20. júní 1955 kr. 2.000.00. Bréf Ltr. A nr. 4 hefur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis

afhent dóminum, sbr. töflu nr. XVIII í D-lið III. kafla hér að framan.

Ákærði hefur verið sérstaklega spurður að því, hvers vegna hann skýrði ekki að fyrra bragði frá handveðsetningu framan-greindra ríkisskuldabréfa. Hefur hann svarað því þannig, að hann hafi haft hugmynd um, að hann setti bréfin að handveði í sparisjóðnum, og að hann hafi vitað, að sum bréfanna voru útdregin, en hver þeirra, hafi hann ekki munað. Kveðst hann ekki hafa viljað vera að gizka neitt á um það, hvaða bréf hafi verið til í sparisjóðnum, og því ekki minnt á neitt bréf. Það hafi að vísu verið hægur vandi að fara í sparisjóðinn og ganga úr skugga um, hvaða bréf voru þar, en því hafi hann ekki komið í verk.

Ákærði hefur með greindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjóðvöntun rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

XVII. KAFLI.

Dómurinn spurðist fyrir um það í Útvegsbanka Íslands h.f., hvort ákærði hefði sett bankanum nokkur verðbréf að handveði, og var svar bankans í bréfi, dags. 21. júní 1955, á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni sakadóms í Reykjavík vottast hér með, að hinn 7/4 1951 keyptum vér af Ingimar Jónssyni skólastjóra, Vita-stíg 8 A, Reykjavík, eigin víxil hans, útg. 6/4 1951, að upphæð kr. 20.000.00, með gjalddaga 6. ágúst 1951.

Til tryggingar greindum víxli seldi hann oss í hendur að handveði með 1. veðrétti 6 handhafa 4% bankavaxtabréf Veðdeildar Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 486—491 incl., hvert að nafnverði 5000 kr., eða samtals kr. 30.000.00, með stofnum og vaxtamíðum frá og með pr. 1/7 1951.

Fyrrgreindan víxil greiddi Ingimar hinn 2/8 1951 og fékk þá hin handveðsettu bankavaxtabréf Landsbankans afhent ásamt stofnum og vaxtamíðum.“

Bréf þetta var lagt fram í sakadómi 22. júní 1955 (dskj. nr. 42), og sama dag var ákærði yfirheyrður um málið.

Ákærði hefur ekkert haft við efni dskj. nr. 42 að athuga. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir tilefni umrædds víxils, að fjárhæð kr. 20.000.00, en gengur út frá því, að hann hafi fengið víxilfjárhæðina af persónulegum ástæðum, en ekki vegna gagn-

fræðaskólans. Hann hafi svo fengið aftur í hendur veðdeildarbréfin sex, sem hann setti bankanum að handveði, þegar hann greiddi fjárhæð víxilsins, eins og rakið er nánar í dskj. nr. 42.

Hinn 9. júní 1955 afhenti ákærði dóminum tvö af fyrrgreindum veðdeildarbréfum, þ. e. Ltr. AA nr. 486 og 487, sbr. töflu nr. XVIII í D-lið III. kafla hér að framan. Þá hefur bréf Ltr. nr. 489 verið útdregið 2. janúar 1955, sbr. töflu nr. XV í D-lið III. kafla. Ákærði kveðst ekki vita, hvar hin bréfin þrjú, Ltr. AA nr. 488, 490 og nr. 491, séu niður komin, og hafa þau ekki komið fram.

Öll veðdeildarbréfin sex voru eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sbr. D-lið III. kafla hér að framan.

Framangreint atferli ákærða varðar við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XVIII. KAFLI.

Ákærði hefur borið það í sakadómi 9. og 14. júní 1955, að hann hafi lánað Lárusi syni sínum, þá húsverði í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, tvö skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947 nr. 69 og nr. 70, hvort að fjárhæð kr. 5.000.00, eign Nemendasjóðs I, sbr. D-lið IV. kafla hér að framan, til að setja þau Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar víxli, útgefnum 20. júní 1953 af ákærða, samþykktum af Lárusi með gjalddaga 20. september 1953 og að fjárhæð kr. 5.000.00. Vixill þessi hafi verið einkaskuld Lárusar og Nemendasjóði I eða gagnfræðaskólanum alveg óviðkomandi, en ákærði kveðst hafa talið óhætt að lána Lárusi bréfin til handveðsetningar, af því að ákærði ábyrgðist einnig víxilfjárhæðina, sem bréfin voru sett til tryggingar greiðslu á.

Ákærði kveður, að hann og Lárus hafi farið saman í skrifstofu sparisjóðsins og hafi þá bæði verið gengið frá víxilláninu og veðsetningu bréfanna. Hafi ákærði séð um hvort tveggja, en Lárus hafi aðeins verið viðstaddur og ritað nafn sitt á víxilinn og undir tryggingarbréf hans. Lárus hafi ekki vitað um, hver var eigandi skuldabréfanna. Ákærði telur líklegt, að þetta hafi gerzt á útgefudegi víxilsins, 20. júní 1953.

Ákærði lagði fram í dómpinginu 14. júní 1955 ódagsett og óundirritað og óstaðfest afrit eða samrit af greindu tryggingarbréfi, dskj. nr. 29, en Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur látið dóminum í té staðfest afrit af tryggingarbréfi þessu, og er

það dagsett 20. júní 1953 og undirritað af Lárusi Ingimarssyni, dskj. nr. 39.

Í dómþingi 29. júlí 1955 skýrði ákærði frá því, að 20. sama mánaðar hefði hann f. h. Lárusar sonar síns greitt eftirstöðvar fyrrgreinds víxils og hefðu þær numið kr. 3.000.00. Væri handveðsetningu skuldabréfanna tveggja þar með lokið, og afhenti hann þau í dóminum, sbr. töflu nr. XXVII í D-lið IV. kafla hér að framan. (Bréfin voru afhent ákærða án vitundar dómsins).

Lárus Ingimarsson, sem yfirheyrður var sem kærði, hefur borið það, að umræddur víxill, að fjárhæð kr. 5.000.00, hafi verið persónuleg víxilskuld hans, og til tryggingar greiðslu víxilsins hafi ákærði lánað honum fyrrgreind tvö skuldabréf. Hann kveðst hafa gengið út frá því, að ákærði ætti bréfin og hefði þannig fulla heimild til að afhenda honum þau til handveðsetningar í spari-sjóðnum.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um atferli það, sem í XV. tölulið ákæruskjals greinir, og þannig brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XIX. KAFLI.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í V.—VI. kafla, er sannað, að ákærði hefur blandað mjög verulega saman og við sitt einkafé fjárreiðum hinna ýmsu sjóða Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), sem hann stjórnaði.

Enn fremur verður að telja, að næg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði hefur misfarið með fjármuni gagnfræðaskólans með því að

- 1) vanrækja margsinnis að færa framlög bæjar og ríkis til rekstrar gagnfræðaskólans í sjóðbækur hans, sbr. nánar í III. kafla A-lið,
- 2) vanrækja að skila af sér rekstrarsjóði skólans 1. september 1946, sbr. nánar í III. kafla,
- 3) fella niður bókhald hins gamla rekstrarsjóðs frá 1. september 1946, sbr. nánar í III. kafla,
- 4) fella niður bókhald Nemendasjóðs I frá 20. maí 1950, sbr. nánar í IV. kafla A-lið, svo og
- 5) vangeyma og setja í hættu ýmsar eignir sjóða gagnfræðaskólans, eins og sparisjóðsbækur rekstrarsjóðs, með því að færa þær á nöfn nánustu ættingja sinna, og verðbréf rekstrarsjóðs og Nemendasjóðs I, með því að merkja þau ekki, svo að ákærði

gat sett þau að handveði fyrir einkaskuldum, sbr. III. kafla D-lið, IV. kafla D-lið og XVI.—XVIII. kafla.

Samkvæmt framansögðu svo og með tilvísun til málsatvika að öðru leyti, eins og þeim hefur verið lýst hér í fyrri köflum, án þess að vera færð undir sérstök hegningarlagaákvæði, er lögfull sönnun fengin fyrir því, að ákærði hefur gerzt sekur um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og þannig brotið gegn 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XX. KAFLI.

Ákærði lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1913 og stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1916, og guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands lauk hann árið 1920. Hann var heimiliskennari á Höfn í Hornafirði 1914—1915 og stundakennari við Gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði 1918—1919, en var við skrifstofustörf í Reykjavík frá því 1920 og fram á árið 1922. Hann var prestur að Mosfelli í Grímsnesi frá 1. júní 1922 til 1. júní 1928. Þá varð hann forstöðumaður Ungmennaskóla Reykjavíkur og skipaður skólastjóri Gagnfræðaskólans í Reykjavík frá 1. október 1930, eins og áður er getið, en lét af því starfi 4. marz 1955.

Ákærði var í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur 1930—1947, í kjötverðlagsnefnd 1934—1943, í sauðfjárveikivarnarnefnd 1938—1947, í þjóðleikhúsnefnd (þjóðleikhúsráði) 1940—1955 og í yfirskattanefnd Reykjavíkur 1947—1953. Hann var skipaður í skólamálanefnd árið 1943 og í prestakallaskipunarnefnd árið 1951. Þá var hann í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands 1921—1922, í stjórn Alþýðusambands Íslands 1934—1940 og í miðstjórn Alþýðuflokksins frá 1940.

Ákærði hefur samið félagsfræði handa gagnfræðaskólum, og kom bókin út í Reykjavík fyrst 1948 og aftur 1950.

Ákærði kvæntist 1918, og eignuðust þau hjónin tvo syni, sem þegar hafa verið nefndir í málinu, annan fæddan 1919 og hinn fæddan 1923.

XXI. KAFLI.

Eftir að ákæruskjal var birt ákærða, eða nánar tiltekið með bréfi, dags. 21. janúar s.l., lagði verjandi hans fram reikninga frá honum yfir reikningshald, umsjón með byggingarframkvæmdum og skrifstofukostnað o. fl., er ákærði taldi sér bera greiðslu fyrir, og krafðist þess, að þeir reikningar yrðu teknir „til greina

við dómsálagningu málsins“. Reikningar þessir eru máli því, sem hér liggur fyrir, óviðkomandi, og verður því engin afstaða tekin til þeirra í málinu.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem rakin hafa verið í III.—X., XII., XIV. og XVI.—XIX. kafla hér að framan, þykir samkvæmt þargreindum lagaboðum og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda málsins, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, og skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00 til hvors.

Dómsrannsókn máls þessa hófst 23. maí 1955, eins og þegar hefur verið tekið fram. Með bréfi dómara, dags. 24. ágúst sama ár, voru dómpróf málsins send endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins til endurskoðunar og fjármálaeftirliti skóla til umsagnar. Barst dómara umsögn fjármálaeftirlitsins með bréfi dags. 31. október sama ár og endurskoðun endurskoðunardeildarinnar 4. maí 1956, en endurskoðunarskýrslan er dagsett 28. apríl það ár. Með bréfi, dags. 15. júní sama ár, sendi dómari málið til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins og með bréfi þess ráðuneytis, dags. 16. júlí sama ár, lagði það fyrir dómara að halda áfram rannsókn málsins og yfirheyra sonu ákærða fyrir dóm sem kærðu. Dómari sendi síðan með bréfi, dags. 30. ágúst sama ár, málið að nýju til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins. Með bréfi, dags. 13. september sama ár, sendi það ráðuneyti málið til umsagnar menntamálaráðuneytisins, og er umsögn þess dags. 22. janúar 1957. Jafnframt óskaði dómsmálaráðuneytið eftir viðbótaryfirliti frá endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, og er það dags. 23. júlí sama ár. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí sama ár, var lagt fyrir dómara að kveða upp dóm í málinu samkvæmt ákæruskjali, dags. sama dag. Með bréfum, dags. 14. ágúst sama ár, voru hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Jónsson og Sigurður E. Ólason skipaðir sækjandi og verjandi í málinu og dagur til munnlegs flutnings þess ákveðinn 12. október sama ár. Verjandi ákærða fékk málinu frestað til gagnasöfnunar, og var það síðan flutt og tekið til dóms hinn 11. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, og skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúar 1960.

Nr. 209/1959. **Kristinn Magnússon,**
María Magnúsdóttir,
Sigríður Kristinsdóttir,
Margrét Kristinsdóttir,
Magnús Sverrisson og
Gunnar Sverrisson
 gegn
Kvenfélaginu Hringnum.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir, Ármann Snævarr og
 Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember f. á., er barst dómnum 2. desember s. á. Þeir gera þær dómkröfur, aðallega að úrskurður héraðsdóms verði ómerktur, en til vara, að Sigurði yfirlækni Samúelssyni verði eigi leyfð heitfesting vættis síns fyrir héraðsdómi. Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.